



Miklum frostakafla er að ljúka þótt kuldaboli láti fara vel um sig í Reykjavík í dag áður en hitamælirinn nær loks yfir núllið í höfuðborginni snemma í fyrramálið ef marka má spár Veðurstofunnar. En það varir stutt því mínusgráðurnar ná aftur yfirhöndinni síðdegis á miðvikudag. Þessar erlendu ferðakonur spókuðu sig um í snjókomunni á Sæbraut í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Margt bendir til offjárfestingar Póstsins

Flutningamiðstöð Íslandspósts minnkaði talsvert í meðferð stjórnar. Fyrirtækið lagði í fjárfestingu fyrir rúman milljarð meðan daglegur rekstur var fjármagnaður með yfirdráttarlánum. Ýmislegt bendir til þess að skýringar á rekstrarvanda Póstsins séu ekki réttar.

**SAMKEPPNI** Upphaflegar áætlanir Íslandspósts ohf. (ÍSP) um stækkun flutningamiðstöðvar fyrirtækisins að Stórhöfða gerðu ráð fyrir því að framkvæmdirnar yrðu allt að þrefalt dýrari en raun varð. Á sama tíma var fyrirtækinu haldið á floti með yfirdráttarlánum. Þetta kemur fram í fundargerðum stjórnar ÍSP.

Af fundargerðunum má ráða að það hafi legið lengi fyrir að núverandi flutningamiðstöð væri of smá í sniðum. Munar þar mestu um sprengingu í fjölda erlendra sendinga sem borist hafa hingað til

lands á undanförunum árum. Á fundi stjórnar í apríl 2015 voru hugmyndir um stækkun miðstöðvarinnar fyrst viðráðar. Þá var miðstöðin 5.600 fermetrar en áætlanir gerðu ráð fyrir að hún þyrfti að stækka um 3.300 fermetra hið minnsta fyrir árið 2025. Framkvæmdastjóra framkvæmda-sviðs var falið að kanna stækkunarmöguleika.

Á fundi stjórnar í júní 2016 voru tillögudrög að viðbyggingu kynnt. Ræddi stjórn þá hvort réttlætlegt væri að ÍSP færi í svo viðamiklar framkvæmdir í ljósi rekstrarafkomu

» **Fyrstu sviðsmyndir gerðu ráð fyrir byggingum fyrir allt að 2,2 milljarða á meðan handbært eigið fé var 215 milljónir.**

ársins 2015 en þá tapaði fyrirtækið 118 milljónum. Tveimur mánuðum síðar voru kynntar tvær tillögur að stækkun. Önnur þeirra gerði ráð fyrir framkvæmdum upp á 1,8 milljarða en hin miðaði við 2,2 milljarða.

Á fundi stjórnar í nóvember 2017 var ákveðið að byggja við flutningamiðstöðina en áætlaður kostnaður við framkvæmdina var 698 milljónir króna. Á sama tíma stóðu yfir framkvæmdir við byggingu nýs pósthúss á Selfossi en áætlað var að sú framkvæmd kostaði 608 milljónir króna. Í desember 2017 samþykkti stjórnin heimild til allt að 1,25 milljarða. Í apríl 2018 var síðan samþykkt heimild fyrir 1,75 milljarða láni. Var það hugsað til að endurfjármagna lánin frá í desember árið áður og til að fjármagna 500 milljóna yfirdráttarlán.

Á þeim tíma sem framkvæmdin var samþykkt stóð handbært fé í 215 milljónum króna. Þá hafði reksturinn undanfarin ár verið þungur. Meðal annars upplýsti framkvæmdastjóri fjármála-sviðs á fundi í ágúst 2014 að um þau mánadamót hefði fyrirtækið ekki getað greitt lögbundin launatengd gjöld fyrr en eftir að það hafði fengið yfirdráttarlán. Fyrir júl samþykkti Alþingi heimild til að lána ÍSP allt að 1,5 milljarða úr ríkissjóði til að bregðast við lausafjárvanda félagsins. — **jóe / sjá síðu 6**

### Segir þetta gert fyrir þær sjálfar

**SAMFÉLAG** Konur sem segjast hafa orðið fyrir bardinu á Jóni Baldvini Hannibalssyni opna í dag blogg-síðuna metoo-jonbaldvin.blog.is með frásögnum sínum.

„Við erum alls ekki að gera þetta út af einhverjum samsæriskenn-ingum sem hafa verið að koma upp – um þriðja orkupakkann eða bókina hans. Við erum að gera þetta fyrir okkur sjálfar,“ segir Guðrún Harðardóttir, einn forvígismanna hópsins.

Jón ræðir ásakanir á hendur sér í Fréttablaðinu í dag. Segir hann um áróður að ræða til að bregða fæti fyrir útgáfu afmælisrits um arfleifð jafnaðarstefnunnar. „Fjölmiðlarnir spiludu með eins og til var ætlast,“ skrifar hann.

— gar / sjá síðu 2 og 14

#### Fréttablaðið í dag



**Halldór 10**

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um klóka njósnara. **11**

**SPORT** Aníta Hinriksdóttir telur sig vera að nálgast sitt besta form. **16**

**TÍMAMÓT** Facebook er fimmtán ára, vöxtur fyrirtækisins verið ævintýrlegur þrátt fyrir fjölda hneykslismála. **20**

**LÍFID** Tvær drottningar unnu lúxus Íslandsferð í dragdrottningaraunveruleikabættinum RuPaul's Drag Race. **26**

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FASTEIGNIR • FÓLK • BYGGINGARIDNAÐURINN**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

AUSTURBÆR  
**VIÐBURÐAHÚS**

ALLT AÐ 500 MANNA  
**ÞORRA  
BLÓT**

518 4000 / info@tales.is

GÖTUMARKAÐUR  
**ÚTSÖLULOK  
Í DAG**

**OPIÐ TIL 19 Í KVÖLD**



## Veður



Austlæg eða breytileg átt 3-8, skýjað með köflum og lítilsháttar snjó-koma eða él SA- og A-lands. Bætur í vind undir kvöld. Frost 0 til 15 stig, kaldast í innsveitum á N-landi.

**SJÁ SÍÐU 22**

## Bloggsíða með sögum um áreitni

**SAMFÉLAG** „Þetta kemur náttúrulega í kjölfarið á því að hann þurfti endilega að vera að klípa Carmen í rassinn í sumar,“ segir Guðrún Harðardóttir, einn forvígsmanna bloggsíðu sem opnuð verður í dag með frásögnum af meintri kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra.

„Núna er rétti tíminn,“ segir Guðrún sem er systurdóttir eigin konu Jóns. Hún er einn stjórnenda Facebook-hópsins #metoo Jón Baldvinn Hannibalsson þar sem margar konur segja sögur af ósæmilegri hegðun sem Jón á að hafa sýnt í gegn um marga áratugi. Hún segir bloggsíðuna verða opnaða með yfirlýsingu og síðan fylgi frásagnir.



Guðrún Harðardóttir.

„Þetta eru um 20 sögur, mjög fjölbreyttar og mjög mismunandi, af því að þær gefa mjög skýra mynd af hegðun hans í gegn um árin og af alvarleika málsins,“ segir Guðrún.

Að sögn Guðrúnar verða sögurnar settar fram nafnlaust þótt staðfest sé í hópnum hver eigi hvaða frásögn. Áherslan eigi að vera á Jón en ekki tilfinningalíf fórnarlamba hans.

„Við nenum ekki að vinna við þetta alla ævi. Flestar okkar eru þegar búnar að vera í þessu stríði frá því við vorum tíu til fimmtán ára og við erum á öllum aldri.“

Adeins þessi eina færsla verður sett á metoo-jonbaldvin.blog.is. „En metoo-síðan á Facebook mun lifa góðu lífi,“ segir Guðrún.

Jón svarar ásökunum á hendur sér í grein á síðu 14 í blaðinu í dag. – gar

## Slegist um alslemmur í Hörpunni



Reykjavík Bridge Festival fór fram um helgina í Hörpu. Keppt var í para- og sveitakeppni. 127 pör mættu og tæplega 150 sveitir. Slegist var hart um hvern slag og vitanlega var boðið upp á Stayman, Blackwood, Splinter og fjölda af sviningum á leið manna að alslemmuni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Brak vélar Sala fannst í gær

**SLYS** Brak flugvélarinnar sem átti að flytja Emiliano Sala, leikmann knattspyrnuliðsins Cardiff City, til borgarinnar frá Nantes í Frakklandi fannst í gær í Ermarsundi. Sala sem var nýgenginn til liðs við Cardiff fyrir met fjár var einn um borð ásamt flugmanninum David Ibbotson.

Vélin hvarf af radar fyrir um tveimur vikum og bar opinber leit ekki árangur. Safnað var fyrir áframhaldandi leit sem gerð var af einkaaðilum.

David Mearns sem stýrði leitinni staðfesti að brakið hefði fundist og að lögregla hefði tilkynnt fjölskyldum Sala og Ibbotson um fundinn. Frekari yfirlýsingar var ekki að vænta fyrr en í dag.

Mearns sagði í samtali við Sky-sjónvarpsstöðina að þetta væri um það bil besta niðurstaðan sem hefði verið hægt að hugsa sér fyrir fjölskyldurnar. Af tillitssemi við þær myndi hann ekki tjá sig frekar að svo stöddu. – sar

# Breska lávarðadeildin undirlögð af úldnu keti

Maria Lilja Þrastardóttir blótar þorra í lávarðadeildinni með Íslendingum um næstu helgi. Hugmyndin fæddist eftir dapраста blót sögunnar í fyrra. Komast inn fyrir dyr lávarðadeildarinnar með úldinn mat í skjóli afmælis fullveldisins.

**SAMFÉLAG** „Það var töluvert mál að ná að sannfæra þau um að leyfa okkur að halda þessa sérstöka hátíð með þessum sérstöka mat á þessum virðulega stað,“ segir Garðar Agnarsson Hall matreiðslumeistari um aðdraganda þess að 130 Íslendingar munu blóta þorra í lávarðadeild breska þingsins um næstu helgi.

Garðar, sem er matreiðslumeistari í lávarðadeildinni, segir að hugmyndin hafi fæðst í fyrra eftir dapраста blót Íslendinga sem sögur fara af í London. „Það var ansi dapurt, haldið á þöbb með tannstönglamat. En þá fæddist þessi hugmynd og ég ræddi málið við Ingu Lísu Middleton sem var ekki lengi að koma af stað frábærum hópi Íslendinga til að skipuleggja þetta,“ segir Garðar og bætir við að Íslendingafélagið í London hafi lognast út af fyrir nokkrum árum.

Garðar segir alls ekki sjálfsgagt að fá að halda svona viðburð á þessum stað og því síður með svona mat. „Ég þurfti að útskýra ítarlega fyrir þeim hvernig þorramatur virkar og náði að sannfæra þá um að það væri ómögulegt að útvega hann öðruvísi en fá hann sendan frá Íslandi,“ segir Garðar og vísar til þess að þótt hægt sé að fá leigða Sali í lávarðadeildinni fylgi því ávallt veitingasala á staðnum.

Aðspurður viderkennir Garðar að hafa beitt fullveldisafmælinu á lávarðana. Já, já, það var alveg punktur, að við værum að fara að halda þarna upp á 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Hann segir viðtökurnar hafa verið frábærar og selst hafi upp á blótið á rúmum sólarhring. „Það



Breska lávarðadeildin þykir ein virðulegasta stofnun Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Maria Lilja Þrastardóttir.

komast 130 manns fyrir og þá er þétt setið.

Heiðursgestur blótsins verður Craigavon lávarður. „Hann er alveg sérstakur Íslandsvinur og er alveg þekktur fyrir að vera Íslendingur innan handar í borginni,“ segir Garðar. Að öðru leyti verða skemmtiatriði að mestu í höndum Íslendinga, þeirra á meðal verða

Íslenskir djassarar og söngfluglar í Íslendingakór Guðnýjar Sigurðardóttur sem starfræktur er í London.

Veislustjórnin sem auglýstur var og flytja átti inn frá Fróni hefur hins vegar tilkynnt forföll en þau Garðar og Inga Lísa segjast þegar komin með nokkra í sigtið þótt fyrirvarinn sé stuttur.

„Já, auðvitað, ég hef alltaf stefnt á breska þingið,“ segir María Lilja Þrastardóttir, sem var snögg að tryggja sér sæti á blótið ásamt eiginmanni sínum, Orra Páli Dýrasyni. Hún segist ekki hafa farið áður á þorrablót í London en nú stefni hún beint á lávarðadeildina.

adalheidur@frettabladid.is

SUNSTAR  
**G·U·M**  
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar  
mæla með  
GUM  
tannvörum

Mundir þú eftir að  
bursta og skola í  
morgun?

Fæst í næsta  
apóteki og helstu  
stórmörkuðum



ARTASAN  
www.artasan.is






TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# STÖÐVUNARSKYLDA TOYOTA TILKYNNIR

Ókeypis ástandsskoðun á bremsum 4. til 15. febrúar.



Viðurkenndir þjónustuaðilar Toyota á Íslandi hvetja Toyota-eigendur til að virða stöðvunarskylduna með ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði á þorranum.

Afsláttur af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum.\*

## Engin vandamál – bara lausnir

1	Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.



Pantaðu tíma í dag.  
Það er einfalt og fljótlegt.



# Hægt að hindra þriðjung dauðsfalla af krabbameini

**HEILBRIGÐISMÁL** Í fyrra létust tæplega 700 manns á Íslandi af völdum krabbameina. Krabbameinsfélagið telur að hægt væri að koma í veg fyrir að minnsta kosti þriðjung þessara dauðsfalla með auknum forvörnum, þekkingu á einkennum, snemmgreiningu og meðferð.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu í tilefni þess að í dag er alþjóðlegi krabbameinsdagur-

inn. Vinnuvikan sem er að hefjast verður tileinkuð fræðslu tengdri krabbameinum og forvörnum gegn þeim.

Þá hefst í dag þriggja ára herferð krabbameinsfélaga um allan heim. Hefur Krabbameinsfélagið fengið fyrirtæki til liðs við sig sem skuldbinda sig til að láta til sín taka í baráttunni gegn krabbameinum.

Þessi fyrirtæki munu miðla upp-

lýsingum til starfsmanna sinna og stuðla að heilsusamlegu vinnuumhverfi. Þá eru önnur fyrirtæki hvött til að skrá sig til leiks og verður boðið upp á fyrirlestra í fyrirtæki, ráðgjöf og fjölbreytt námskeið.

Haft er eftir Höllu Þorvaldsdóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélagsins, að allir þurfi að vera meðvitaðir um lífsstílsþætti sem eru fyrirbyggjandi

gegn krabbameinum. Fyrirtæki geti stutt við starfsmenn sína með því að auðvelda þeim að velja heilbrigða lifnaðarhætti og um leið unnið gegn krabbameinum.

„Aukin þekking hjálpar okkur að vera vakandi fyrir einkennum, taka upplýstar ákvarðanir um heilsu okkar og takast á við ótta og misskilning um krabbamein,“ segir Halla. – sar / sjá síðu 15



Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins sem hefur herferð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Á Vesturlandsvegi við Kjalarnes. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Borgfirðingar vilja skýringar

**VEGAMÁL** Byggðarráð Borgarbyggðar segist gera alvarlegar athugasemdir við að flytja eigi fjármagn frá fyrirhugaðri uppbyggingu vegarins á Kjalarnesi til annarra verkefna. Nauðsynlegt sé að fá upplýst á hvaða forsendum það sé gert.

„Slík ákvörðun mun þýða mikla og óásættanlega seinkun á nauðsynlegum samgöngubótum milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands miðað við þær áætlanir sem kynntar hafa verið af yfirvöldum samgöngumála.

Óumdeilt er að vegurinn um Kjalarnes er hættulegur og hann ber ekki þá miklu umferð sem um hann fer,“ segir byggðarráðið. Ástand vegarins sé því veruleg hindrun í uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga í nágrennabyggðum höfuðborgarsvæðisins á Vesturlandi. – gar

# Verktakar sagðir veigra sér við að andmæla umdeildu gjaldi

Samtök iðnaðarins skoða hvernig taka eigi á því sem þau telja ólöglegt innviðagjöld sem innheimt eru hjá Reykjavíkurborg. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir verktaka veigra sér við að leita réttar síns af ótta við hvaða áhrif það kunni að hafa á framtíðarverkefni. Borgin sé í yfirburðastöðu.

**STJÓRNSÝSLA** Verktakar veigra sér við að leita réttar síns gagnvart hugsanlega ólöglegum innviðagjöldum af ótta við afleiðingar sem það kunni að hafa á framtíðarverkefni þeirra. Þetta segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI). Hann segir samtökin vera að skoða leiðir til að gera eitthvað í málunum.

Innviðagjöldin svokölluðu hjá Reykjavíkurborg komust enn í umræðuna í vikunni þegar greint var frá því að listgjörningurinn með pálmatri í Vogabyggð yrði meðal annars fjármagnaður með slíkum gjöldum lóðarhafa. Deilt hefur verið hart á þessi gjöld og verktökum sviðið þessi gjaldtaka en Samtök iðnaðarins fengu fyrir um tveimur árum lögfræðialit þar sem niðurstaða Lex lögfræðistofu var að sterk rök væru fyrir því að gjaldið væri ólöglegt.

A föstudag fullyrta almannatengillinn Friðjón Friðjónsson í Morgunútvarpi Rásar 2 að hann þekkti aðila sem stæðu í byggingarverkefnum og segðu sögur af hótunum undir rós um að menn myndu ekki fá deiliskipulag ef þeir greiddu ekki þessi gjöld.

„Okkar félagsmenn kannast við að borgin sé í yfirburðastöðu við þessa samningagerð,“ segir Sigurður aðspurður út í ummæli Friðjóns. „Við höfum heyrt dæmi um þetta og hérna er um að ræða býsna háar fjárhæðir í gjaldtökunni. Fjárhæðir sem kannski hlaupa á hundruðum milljóna fyrir hvert verkefni. Án þess að vera með heildaryfirsýn þá sýnist mér að tekjur Reykjavíkurborgar á síðustu árum hlaupi á milljörðum króna. Það er stærð-



Hið umdeilda pálmalistaverk í væntanlegri Vogabyggð er fjármagnað með innviðagjöldum eins og komið hefur fram.

**Okkar félagsmenn kannast við að borgin sé í yfirburðastöðu við þessa samningagerð.**

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



argráðan.“ Sigurður segir að þótt borgin tali um samninga milli aðila í þessum efnum þá sé borgin í algjörrri yfirburðastöðu.

Aðspurður hvort standi til að láta reyna á lögmæti þessara innviðagjalda fyrir dómi segir Sigurður að hann viti ekki til þess að slíkt standi til en að margir hafi áhuga á því.

„En veigra sér við því vegna þess að, aftur, sveitarfélagið er í yfirburðastöðu. Þannig að menn vilja

kannski frekar hafa gott veður varðandi verkefni til framtíðar.“

Aðspurður hvaða úrræði SI hafi til að gera eitthvað í málunum segir Sigurður að samtökin séu að skoða ýmsar leiðir.

„Þessa dagana erum við að afla frekari upplýsinga og dæma um þessi mál. Við höfum áhuga á því að fara lengra með það. Við erum að skoða hvaða farvegur það gæti verið.“ mikael@frettabladid.is

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

## JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU**

STAÐALBÚNAÐUR M.A.: DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN. LOFTPÚDAFJÓÐRUN, HITI OG KÆLING Í FRAMSÆTUM, HITI Í STÝRI, RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI.

TRAILHAWK VERÐ 10.990.000 KR.

LAREDO VERÐ 9.990.000 KR



33" BREYTTUR

**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



# 40% AFSLÁTTUR




# ALLAR FERÐA TÖSKUR



LÝKUR  
Í DAG!

ÞRUSU  
VERÐ!



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**Penninn**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 04. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# Hefðu getað dregið úr tapi frá útlöndum

Íslandspóstur telur að óheimilt hefði verið að velta kostnaði af erlendum sendingum yfir á neytendur. Póstlagafrumvarp segir aðra sögu.

**SAMKEPPNI** Vísbendingar eru um að skýringar Íslandspósts ohf. (ÍSP) á lausafjörvanda félagsins séu ekki fullkomlega réttar. Ýmislegt bendir til að fjárfestingar í dótturfélögum, offjárfestingar í byggingum og vanáætlaðar gjaldskrár samkeppnisrekstrar eigi nokkurn þátt í því.

Málefni ÍSP hafa reglulega dúkkað upp eftir að fyrirtækið leitaði á naddir ríkisins til að bregðast við lausafjárskorti. Fyrir júl samþykkti Alþingi 1,5 milljarða neyðarlánsheimild til að forða fyrirtækinu frá þroti. Af þeirri upphæð hefur félagið nú þegar fengið 500 milljónir króna. Alls kostar óvíst er að fyrirtækið muni geta endurgreitt þá upphæð.

Af fundargerðum stjórnar ÍSP, sem Fréttablaðið fékk afrit af, má ráða að vandinn hafi lengi blasað við. Fundargerðirnar sem Fréttablaðið fékk ná aftur til ársbyrjunar 2013 en þá voru opinber fyrirtæki færð undir gildissvið upplýsingalaga. Í fundargerðunum verður stjórn og stjórnendum tíðrætt um sinnuleysi hins opinbera.

„Forstjóri sagði erfitt að koma upplýsingum um alvarlega stöðu ÍSP til skila til þeirra sem fjalla um rekstrarumhverfi félagsins. Stjórn lýsti yfir þungum áhyggjum af alvarlegri rekstrarstöðu fyrirtækisins og óskiljanlegu sinnuleysi eigenda og eftirlitsaðila gagnvart henni,“ segir í fundargerð frá því í ágúst 2013. Á fundi tveimur mánuðum síðar tíundaði forstjórinn Ingimundur Sigurpálsson slæma lausafjárstöðu. Fyrirséð væri að um áramótin 2013-14 þyrfti ÍSP 300 milljóna króna yfirdrátt til að ná endum saman. Slíkt væri „fordæmalaust“ enda væri staða ÍSP jafnan sterkust í lok desember.

Félagið hefur sagt að sökudólgarnir séu fækkun bréfa innan einkaréttar, afgreiðslutregða stjórnvalda á gjaldskrárhækkunum og fjölgun erlendra sendinga. Ársreikningar fyrirtækisins og önnur gögn benda á móti til að þar sé ekki öll sagan sögð.

## Hagnaður verið af einkarétti

Á árunum 2013-17 nam hagnaður ÍSP af einkaréttarbréfum minnst 870 milljónum króna. Mögulegt er þó að sú upphæð sé hærri þar sem hluti afkomunnar er færður undir liðnum eignarekstur. Þar er hluti einkaréttarins ekki tíundaður sérstaklega.



Áætlað er að viðbygging við flutningamiðstöð Póstsins kosti 698 milljónir en upphaflega var stefnt að allt að 2,2 milljarða framkvæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nær allan hluta hagnaðarinnar má rekja til áraanna 2016 og 2017. Svo mikill var hann að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) íhugaði að afturkalla verðskrárákvörðun sína en samkvæmt pósthjónustulögum skal gjaldskráin taka mið af „raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði“.

Til að gjaldskrár einkaréttar geti tekið gildi þarf PFS að staðfesta þær. Úr fundargerðunum má lesa að það fari verulega í taugarnar á fundarmönnum hve lengi PFS er að bregðast við beiðnum um hækkanir. Í athugasemdum við skýrslu um mat á rekstrarskiptunum ÍSP, sem er frá desember 2014, segir stofnunin hins vegar að meðalafgreiðslutími hennar sé þrettán virkir dagar. ÍSP hafði á móti haldið því fram að það tæki frá tveimur mánuðum og upp í hálf ár fyrir stofnunina að bregðast við. Í athugasemdum PFS kom fram að þann drátt mætti rekja til þess hve lengi ÍSP væri að skila nauðsynlegum gögnum svo unnt væri að taka ákvörðun.

## Forstjóri sagði erfitt að koma upplýsingum um alvarlega stöðu ÍSP til skila til þeirra sem fjalla um rekstrarumhverfi félagsins.

Haft eftir Ingimundi Sigurpálssyni, forstjóra ÍSP, í fundargerð frá ágúst 2013



## Niðurgreitt frá útlöndum

Að endingu ber að nefna erlendu sendingarnar en ÍSP hefur sagt að óhagstæðir alþjóðlegir endastöðvasamningar geri fyrirtækinu erfitt fyrir. Afkomu þeirra sendinga er að finna undir samkeppni innan alþjónustu og var afkoman árin 2013-17 tæpra 3,2 milljarða tap. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess hluta er færður er undir eignarekstur.

Það er þó ekki svo að allt það tap megi rekja til erlendra sendinga. Í yfirliti PFS um bókhaldslegan aðskilnað PFS fyrir árið 2016 kom fram að 649 milljónir af 791 milljónar tapi mætti rekja til erlendra sendinga. Það þýðir að tap á innlandsmarkaði nam rúmum 142 milljónum.

Þá kemur fram í fundargerð stjórnar frá maí 2016 að áætlað sé að meðgjöf með „Kinasendingum“ muni nema um 400 milljónum króna á árinu. Það gefur vísbendingar um, jafnvel þó gert sé ráð fyrir að sú upphæð hafi verið vanáætluð, að tap hafi verið á sendingum frá löndum sem ekki teljast til þróunarríkja samkvæmt endastöðvasamningnum. Með öðrum orðum, mögulegt er að einhver ríki viðurkenni ekki yfirbyggingarkostnað ÍSP.

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á þessu tapi ÍSP niður á þróunarríki, önnur erlend ríki og innlandsmarkað. Svar fékkst ekki þar sem um samkeppnismarkað er að ræða.

Fréttablaðið spurði einnig af hverju ÍSP hefði ekki brugðist við þessu tapi með því að velta kostnaðinum yfir á þá sem panta sendingar að utan í stað þess að taka kostnaðinn á sig. Í svari ÍSP kom fram að fyrirtækið teldi slíkt í andstöðu við endastöðvasamningana. Sambærilegri fyrirsögn var beint til PFS og samgönguráðuneytisins en svar hefur ekki borist.

Þessi afstaða vekur athygli í ljósi þess að í frumvarpi til nýrra pósthjónustulaga, sem er til meðferðar á Alþingi, er gert ráð fyrir því að skylt verði að líta til þessa kostnaðar við setningu gjaldskrár fyrir alþjónustu. Ákvæðið er að öðru leyti samhljóða eldra ákvæði. Það getur þýtt tvennt, annaðhvort var ÍSP heimilt allan þennan tíma að velta kostnaðinum á neytendur eða að nýja frumvarpið er í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Nánar verður fjallað um fjárhag, fjárfestingar og fundargerðir ÍSP í Fréttablaðinu næstu daga. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

## Hörkustöff frá náttúrunni. Í flösku.

Gefur þér kraft til að færa fjöll. Ég á við... pinulítill fjöll.



Þessi smoothie innihalda C-vítamín sem á sinn þátt í að draga úr þreytu og magngleysi. Að neyta þeirra er hluti af heilbrigðum lífsstíl og hollu og fjölbreyttu mataræði.



# COMBO-TILBOÐ



PANINI  
OG GOS\*

**499** KR

FULLT VERÐ 998 KR

ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.



TORTILLA  
OG GOS\*

**499** KR

FULLT VERÐ 998 KR

ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.



PIZZA  
OG GOS\*

**499** KR

FULLT VERÐ 998 KR

ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.



PYLSA  
OG GOS\*

**549** KR

FULLT VERÐ: 748 KR



2 PYLSUR  
OG GOS\*

**649** KR

FULLT VERÐ: 1077 KR



CROISSANT  
MED ÁLEGGI  
OG GOS\*

**499** KR

FULLT VERÐ 898 KR

ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.



KLEINU-  
HRINGUR OG  
KÓKÓMJÓLK

**399** KR

FULLT VERÐ: 628 KR



SNÚÐUR  
OG KÓKÓMJÓLK

**399** KR

FULLT VERÐ: 628 KR



BEYGLA  
OG GOS\*

**499** KR

FULLT VERÐ 998 KR

ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.



KAFFI  
OG KLEINA

**299** KR

FULLT VERÐ: 548 KR



SÓMA  
LANGLOKA  
OG GOS\*

**799** KR

FULLT VERÐ: 1198 KR



SÓMA  
SAMLOKA  
OG GOS\*

**699** KR

FULLT VERÐ: 998 KR



**Kvikk**  
ON THE GO

\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni



## Guaido hvetur Kínverja til að snúa baki við Maduro

**VENESÚELA** Juan Guaido, forseti þings Venesúela og leiðtogi stjórnarandstöðunnar, hvetur kínversk stjórnvöld til að láta af stuðningi sínum við Nicolas Maduro forseta Venesúela. Kom hvatningin í kjölfar þess að stjórnvöld í Peking sögðust ætla að vinna með Venesúela sama hvernig mál þróuðust í landinu.

Guaido sagði í viðtali við kínverska fjölmiðla að Kína sem er

stærsti lánardrottinn Venesúela hefði gríðarlega möguleika í því að hjálpa til við uppbyggingu efnahags landsins.

Búist er við því að leiðtogar Evrópuríkja á borð við Bretland, Frakkland, Þýskaland og fleiri viðurkenni Guaido sem forseta Venesúela komi ekki strax fram yfirlýsing frá Maduro um nýjar kosningar.

Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði í samtali við CBS-sjónvarpsstöðina í gær að hann útilokaði ekki hernaðarhlutun gæfi Maduro ekki eftir.

Bandaríkjamenn hafa ákveðið að senda hjálpargögn til Venesúela að beiðni Guaido. Þar sem þingforsetinn og hans stuðningsmenn ráða ekki yfir neinu landsvæði í Venesúela er áformað að setja upp

miðstöðvar í nágrenniöldum þangað sem fjöldi Venesúelabúa hefur flúið.

Maduro sagði stuðningsmönnum sínum á laugardag að hann myndi ekki heimila að hjálpargögn yrðu send til landsins. Venesúela væri ekki og hefði ekki verið land betlara. Þá væri boð um aðstoð frá Bandaríkjunum aðeins yfirskinn og fyrirvari hernaðarhlutunar. – sar



Mikil ólga hefur verið í Venesúela undanfarið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Söguleg heimsókn páfa til Arabíuskaga

Skiptar skoðanir eru um heimsókn Frans páfa til Sameinuðu arabísku furstadæmanna sem kemur í skugga stríðsátakanna í Jemen. Ekki er búist við að páfinn ræði málefni Jemens í heimsókninni en hann hefur áður lýst miklum áhyggjum af ástandinu. Búist er við að um 120 þúsund manns sækji messu páfa síðar í vikunni. Friðarviðræður stríðsaðila í Jemen héldu áfram í gær á hlutlausum vettvangi.

**MÍÐAUSTURLÖND** Frans páfi kom í gær til Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum (S.A.F.) en um er að ræða sögulega fyrstu heimsókn leiðtoga kaþólsku kirkjunnar til Arabíuskaga. Það var krónprins landsins Mohammed bin Zayed sem bauð páfa til þátttöku í trúar-ráðstefnu.

Á þriðjudag mun Frans páfi halda messu sem búist er við að um 120 þúsund manns muni sækja en tæplega milljón kaþólikka er búsett í S.A.F.

Við brottförina frá Róm lagði Frans páfi áherslu á þjáningarnar sem íbúar Jemens ganga í gegnum vegna stríðsátaka í landinu en hann hefur áður biðlað til alþjóðasamfélagsins um að binda enda á átökin.

Páfinn hrósaði yfirvöldum í S.A.F. í aðdraganda heimsóknarinnar og sagði þau reyna að tryggja sambúð ólíkra menningarheima. Árið 2019 hefur verið nefnt „ár umburðarlyndis“ í landinu.

S.A.F. hafa ásamt Sáði Arabíu stutt stjórnarherinn í Jemen gegn uppreisnarsveitum Húta. Ýmsir hafa gagnrýnt heimsókn páfa vegna aðkomu S.A.F. að stríðinu í Jemen. Þannig sagði fyrrverandi CIA-maðurinn Emile Nakhleh að heimsóknin væri ekki réttlætunleg á meðan S.A.F. væru tengd stríðinu í Jemen. Ef páfinn myndi ekki taka málið upp í viðræðum sínum við ráðamenn í S.A.F. myndi hann tapa trúverðugleika sínum í Mið austurlöndum.

» Frans páfi varð í gær fyrsti leiðtogi kaþólsku kirkjunnar til að heimsækja Arabíuskaga.

Paul Lansu sem starfar hjá kaþólsku friðarsamtökunum Pax Christi International sagðist vonast til þess að páfanum tækist að sannfæra ráðamenn í S.A.F. um að breyta um stefnu varðandi stríðið í Jemen.

Leiðarahöfundur í breska blaðinu The Guardian bendir á að páfinn hafi áður verið gagnrýndur fyrir að hafa svikið kaþólsku kirkjuna í Kína fyrir samkomulag við þarlend stjórnvöld. Þá hafi hann ekki viljað stýggja stjórnvöld í Mjanmar með því að minnast á Röðingja í heimsókn sinni þangað.

Þótt það sé ólíklegt að páfinn noti tækifærið til að ræða ástandið í Jemen séu það engu að síður mikilvæg skilaboð að kristnir geti á friðsælan hátt komið saman til trúarathafnar í múslimsku landi.

Friðarviðræður milli stríðsaðila í Jemen héldu áfram í gær eftir að hafa legið niðri í um einn mánuð. Viðræðurnar fóru fram í skipi á vegum Sameinuðu þjóðanna á Rauðahafi þar sem hvorki náðist samkomulag um fundarstað á yfirráðasvæðum Húta né stjórnarhersins. [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)



Frans páfi sést hér ásamt krónprinsinum Mohammed bin Zayed við komuna til Abú Dabí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

**MOTION**



Glæsilegur og vel útbúinn pallbill með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

**Volkswagen Amarok**

verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

**Volkswagen Crafter**

verð frá **6.270.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarið ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

**Volkswagen Caddy**

verð frá **2.720.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

**Volkswagen Transporter**

verð frá **4.390.000 kr.**



**Atvinnubílar**



# BIG RED ER KOMIÐ AFTUR Í SINDRA

## TILBOÐ

### STÓLL MEÐ HILLU

380 X 380 X 440mm  
120mm hækkun  
Með hillu  
Mjúk og þægileg seta  
360° snúningur



vnr TR6201C

**5.063** m/vsk

Fullt verð 6.751

### LEGUBRETTI

1.025 X 425 X 105mm  
Stálrammi  
6.7Kg



vnr TR6455

**3.717** m/vsk

Fullt verð 4.957

### DEKKJASTANDUR

Fyrir fjögur hjól  
Passar fyrir hjól allt að 225 mm  
Burðargeta: 100 kg



vnr TRF8401

**2.249** m/vsk

Fullt verð 2.999

## TILBOÐ

### RAFMAGNSKEFLI

14 metrar  
Með veggfestingu  
230 V  
3 X 1,5mm



vnr TRI03315D

**9.175** m/vsk

Fullt verð 12.233

## TILBOÐ

### LOFTKEFLI

15 metrar  
Með veggfestingu  
PVC  
3/8" tengi



vnr TRI03015Q

**9.359** m/vsk

Fullt verð 12.479

## TILBOÐ

### HJÓLATJAKKUR

Lyftigeta: 2.000 kg  
Mesta hæð: 350 mm  
Minnsta hæð: 130 mm  
Þyngd: 10 kg



vnr T82004

**4.850** m/vsk

Fullt verð 6.466

### HJÓLATJAKKUR LÁGUR

Lyftigeta: 2.000 kg  
Mesta hæð: 359 mm  
Minnsta hæð: 89 mm  
Þyngd: 15 kg



vnr T825010R

**7.321** m/vsk

Fullt verð 9.761

### HJÓLATJAKKUR PRO

Lyftigeta: 3.000 kg  
Mesta hæð: 520 mm  
Minnsta hæð: 141 mm  
Þyngd: 36.5 kg



vnr T83001

**15.284** m/vsk

Fullt verð 20.379

## TILBOÐ

### SKAFTTALIÚR

1 TONN

vnr TRC7010

**12.143** m/vsk

Fullt verð 16.190

1.5 TONN

vnr TRC7015

**15.154** m/vsk

Fullt verð 20.205

3 TONN

vnr TRC7030

**24.181** m/vsk

Fullt verð 32.242



## TILBOÐ

### FLÖSKUTJAKKAR

10 TONN

vnr TH91004

**3.115** m/vsk

Fullt verð 4.153

20 TONN

vnr TH920001

**9.253** m/vsk

Fullt verð 12.337

30 TONN

vnr TH930001

**12.997** m/vsk

Fullt verð 17.330



[www.sindri.is](http://www.sindri.is) / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

# SINDRI



## Í leikhúsi



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

**B**örn eru forvitin, athugul og hugmyndarík. Sem sagt fyrirmyndarfólk sem þeir fullorönu ættu að taka sér oft til fyrirmynda. Fullorðið fólk er vissulega ágætt, svona yfirleitt, en samt ekki alltaf ratvíst í lífinu. Það villist auðveldlega af leið, gleymir að gleðjast og fer að nöldra yfir hlutum sem skipta engu máli. Um leið hættir það að taka eftir alls kyns undrum sem fylla börn lotningu, eins og regnboga og skýjum.

Börn búa yfir sköpunarkrafti sem mikilvægt er að þau fái að nýta, sjálfum sér og öðrum til ánægju og uppbyggingar. Þau hafa margt fram að færa – eins og sýndi sig í Borgarleikhúsinu á laugardag og sunnudag. Þá voru sýnd þar leikrit eftir tvær ungar stúlkur sem unnu leikritasamkeppni sem Borgarleikhúsið stóð að í samstarfi við RÚV. Annar verðlaunahafinn er hin 11 ára Þórunn Ólöf Berndsen, höfundur Tölvuvirusins, og hinn er Sunna Stella Stefánsdóttir, 7 ára, höfundur Friðþjófs á geimflakki. Bæði verkin eru bráðskemmtileg, einkennast af hugmyndaríki og fjöri og eru með góðan boðskap sem á erindi á öllum tímum. Áhorfendur skemmtu sér konunglega á frumsýningu, ekki bara börnin heldur líka þeir fullorönu sem áttu það allir sameiginlegt að vera svo lánsamir að hafa varðveitt barnið í sér – sem jafngildir því að kunna að hrifast og gleðjast.


Í Tölvuvirusnum var umfjöllunarefnið tæknivæðing og samskipti. Þar fannst kennara lítið til um hæfni eins nemandar til að læra hluti utan að og sagði honum að utanbókarlærdómur væri óþörf iðja því allt væri hægt að gügla. Kennarinn sá heldur enga ástæðu til að börn væru úti að leika þegar þau gætu verið inni í tölvunni og „haft það kósi“, eins og hann orðaði það. Hann afhenti börnunum nýjar tölvur sem þau urðu sjúklega háð og þegar einn nemandi virtist hafa í ógáti skemmt tölvu annars nemandar hrópaði sá sem hafði orðið fyrir skaðanum í órvæntingu: „Þú drapst besta vin minn!“

Í leikritinu var minnst á þunglyndi og kvíða, sem þjáir svo fjölmarga sem hafa gert tæki og tól að bestu vinum sínum. Undir lokin gerðist svo það, sem gerist ekki nægilega oft í samtíma okkar, að allir áttuðu sig á því að lykkillinn að hamingjunni er að eiga samverustundir með öðrum, þar sem fólk talast við og á raunveruleg samskipti. Þá þarf að leggja frá sér tölvuna og símann – og það þarf ekki að vera svo erfitt.

Ýmislegt sögulegt gerðist í leikriti hinnar sjö ára Sunnu, Friðþjófs á geimflakki, og þar var mikið um magnaðar tæknibrellur þar sem áhorfandinn var skyndilega kominn út í geiminn. Aðalpersónan, Friðþjófur, átti þá heitu ósk að vera ofurhetja, en sagðist sjálfur klúðra öllu og honum var strítt og hann hafður út undan. Svo framdi hann hetjudáð og öllum varð ljós hversu mikið var í hann spunnið. Allt fór því vel.

Það er mikilvægt að hlusta á börn, taka þau alvarlega og vinna með þeim. Það var einmitt það sem aðstandendur Borgarleikhússins gerðu við uppsetningu þessara tveggja leikrita. Þar var allt til fyrirmyndar.

Halldór



Börn búa yfir sköpunarkrafti sem mikilvægt er að þau fái að nýta, sjálfum sér og öðrum til ánægju og uppbyggingar.

## Frá degi til dags

**Hinn heilagi vessi**  
Sem stendur er frumvarp til laga um þungunarrof til meðferðar hjá Alþingi. Óhætt er að segja að skiptar skodanir séu um það. Meðal þeirra sem sent hafa inn umsagnir eru trúfélög en flest þeirra eru andvíg frumvarpinu. Uppáhaldsumsögn undirritaðs er frá Hvítasunnukirkjunni í Keflavík sem segir að með lögjöfnun frá frumvarpinu verði löglegt að kæfa ungbörn. Sendandi tillögunnar leggur til að slíkan verknæð mætti kalla öndunarrof og gæti verið góður kostur fyrir þá sem það kjósa. Við slíka röksemdafærslu byrjar lag Monty Python-flokksins, Every Sperm Is Sacred, sjálfkrafa að óma í kolli manns.

**Kynlífsbann**  
Enn hefur enginn þó bent á þá staðreynd að þó um þúsund föstrum sé eytt hér á landi ár hvert þá enda eflaust milljón möguleg föstrur í smokkum og eldhúsbrefum hér á landi ár hvert. Það eru því viss vonbrigði að enn hafi enginn innsendandi stigið skrefið til fulls og lagt til að kynlíf verði bannað nema það að geta barn sé markmiðið. Hið sama ætti þá að sjálfsgöðu að gilda um sjálf-fróun. Slíkt má hins vegar að sjálfsgöðu ekki enda er þá verið að leggja karlmönnum línurnar. Á ný ómar Every Sperm Is Sacred. joli@frettabladid.is

## Bjóðum út bílastæðin



Hildur Björnsdóttir  
borgarfulltrúi  
Sjálfstæðisflokksins í  
Reykjavík

**R**eykjavík rekur sjö bílastæðahús í miðborginni. Reksturinn er ekki skyldubundið hlutverk sveitarfélagsins og færi mun betur í höndum einkaaðila – sem hafa almennt tillhneigingu til að tryggja aukna hagkvæmni og betri þjónustu en hið opinbera.

Síðustu ár hefur bílum fjölgað meira en fólki hérlandis. Ísland hefur nú eitt hæsta hlutfall heims af bílum miðað við höfðatölu. Í dag er stærri hluta borgarlands ráðstafað undir umferðarmannvirki – en smærri hluta undir fólk og húsnæði. Þetta er óheppileg þróun – enda pláss takmörkuð gæði í sífellt þéttara borgarumhverfi.

Það er hlutverk sveitarfélags að tryggja greiðar samgöngur með hagkvæma nýtingu borgarlands að leiðarljósi. Veita þarf borgarbúum frelsi og val um fjölbreytta ferðamáta. Styrkja þarf stöðu almenningsgangna, gangandi og hjólandi. Betra jafnvægi má ná í borgarskipulagi og samgönguáætlunum – fjölga þarf atvinnutækifærum austarlega og gera hverfi borgarinnar sjálfbær um verslun og þjónustu. Deiliahagkerfið og tæknilausnir framtíðar geta einnig haft einhver áhrif.

Bílastæði verða sífellt veigameira viðfangsefni þeirra sem fást við borgarskipulag. Í samanburði við erlendar borgir finnst fordæmalaus fjöldi bílastæða í miðborg Reykjavíkur. Hlutfallslega eru fleiri stæði á hvert starf, auk þess sem gjaldið er talsvert lægra en erlendis. Miðborgarland er eitt það verðmætasta hérlandis. Þessum verðmætu gæðum borgarinnar er víða ráðstafað ótímabundið og gjaldfrjálst undir bifreiðar. Það er óæskileg meðferð verðmæta.

Umfangsmikil opinber umsvif, opinber afskipti og útteiling gjaldfrjálsra gæða er vinstri pólitik. Lítil opinber umsvif, frelsi einstaklings til verðmætasköpunar án óhöflegra opinberra afskipta og sanngjörn gjaldtaka af þjónustupegum er hægri pólitik. Ég aðhyllist þá síðarnefndu.

Á næsta borgarstjórnarfundum mun Sjálfstæðisflokkur leggja til rekstrarútboð á bílastæðahúsum borgarinnar. Við viljum draga úr opinberum umsvifum, treysta skyldubundna þjónustu en færa önnur verkefni í hendur einkaaðila. Þannig bætum við þjónustu og lífs-gæði í Reykjavík.



Á næsta borgarstjórnarfundum mun Sjálfstæðisflokkur leggja til rekstrarútboð á bílastæðahúsum borgarinnar.

## Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



# Klókir njósnarar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Einhvern tímann skoðaði ég á Pinterest uppskriftir að stökkum sesamkjúklingi í súrsætri sósu að asískum hætti. Ég eldaði góða uppskrift og hlaut mikið hrós fyrir frá mínu fólki. Síðan þá hef ég stundum gripið aftur til þessarar uppskriftar og árangurinn verður sífellt betri og betri. Ég má heita sérfræðingur, orðið, í sesamkjúklingi að asískum hætti.

En hvað um það. Það sem er athyglisvert við þetta litla framtak mitt, er það að fólk á Pinterest-skrifstofunni er greinilega rosalega upptekið af því að ég skuli hafa leitað að uppskrift hjá þeim að sesamkjúklingi. Alveg síðan ég leitaði að þessu fyrst, fyrir um fjórum árum, hafa stöðugt komið frá Pinterest fleiri tillögur að alls konar uppskriftum að slíkum kjúklingi. Athugaðu þessar uppskriftir að stökkum sesamkjúklingi, Guðmundur! kemur reglulega í pósthólfid mitt. Mér líður eins og þau þarna á Pinterest haldi að þetta sé það eina sem ég geri: Að elda sesamkjúkling. Það er eins og þau átti sig ekki á því, að leit minni

að hinum fullkomna sesamkjúklingi er lokið.

## Snjöll sölumennska

Pinterest telur greinilega líka að eftir að ég skoðaði mismunandi útfærslur af stigum og smíðaði stiga fyrir nokkrum árum, sé ég enn að smíða stiga. Skoðaðu þennan stiga, Guðmundur! kemur reglulega í pósthólfid, á milli kjúklinganna. Pinterest heldur kannski að ég sé endalaust að bæta við stigann, til að komast hærra.

Konan mín pantaði einu sinni gistingu fyrir okkur hjónin á fallegu nýju hóteli við Úlfjótuvatn. Þetta hótél reyndist áður hafa verið meðferðarheimilið Byrgið — sem gerði mig að Guðmundi í Byrginu um stundarsakir — en það sem skiptir máli hér, er það að hotels.com er alveg með það á hreinu að konan mín leiti enn að gistingu á þessum slóðum. Samkvæmt hotels.com linnir hún ekki látum. Hún verður að þefa uppi fleiri gistingar við Úlfjótuvatn. Skoðaðu þetta hótél við Úlfjótuvatn! kemur í pósthólfid hennar.

## Hver er ég?

Ég er viss um að borgarstjórnarminnihlutinn, eftir að hafa gúgglað pálmatré alla síðustu viku, mun fá sendar tillögur að síðum um pálmatré í áratugi hér eftir. Svona gengur algöríþmum stórfyrirtækjanna vel að skilgreina áhugasvið neytendanna, eða hitt þó heldur. Mikið er rætt þessa dagana um njósnir Facebook, Instagram og annarra samfélagsmiðla, net-



**Mér líður eins og þau þarna á Pinterest haldi að þetta sé það eina sem ég geri: Að elda sesamkjúkling. Það er eins og þau átti sig ekki á því, að leit minni að hinum fullkomna sesamkjúklingi er lokið.**

verslana og bóknarsíðna. Um það hvernig upplýsingum er safnað um hegðun fólks og þær ganga kaupum og sölum. Óþrútnir aðilar reyna að færa sér þetta í nyt.

Auðvitað er þetta áhyggjuefni og auðvitað þarf að setja þessari gagnaðflun skorður og það þarf að tryggja vernd persónuupplýsinga. En hitt er aftur annað mál: Ég held að það sé full ástæða til þess að minna sig ítrekað á það, að alveg sama hvað Zuckerberg — eða hvað hann nú heitir sá ágæti maður — safnar mörgum leitarorðum frá mér, þá veit hann samt auðvitað ekki hver ég er. Allar manneskjur eru miklu flóknari, dýpri og meira spennandi en öll leitarorð heimsins geta sagt til um. Ég er ekki miðillinn sem ég nota eða netið sem ég skoða. Að því sögðu er ég rokinn á Úlfjótuvatn til að smíða stiga og búa til sesamkjúkling.

# Skólinn, birtan og klukkan

Kristín Bjarnadóttir fv. prófessor



Allt fram á tíunda áratug tuttugustu aldar þótti nauðsynlegt að tvísetja skóla. Hvorki var þá forgangsmál að byggja skólahúsnæði né var unnt að sjá kennurum fyrir fullu starfi við að kenna einum 20–25 barna hópi. Þá þurfti að byrja snemma á morgnana því að skólastarfið stóð yfir fram til kl. fimm eða sex síðdegis.

Á sjötta áratugnum voru barnaskólar, til dæmis Austurbæjar-skólinn, þrísattir fyrir yngstu börnin. Fyrsti hópurinn kom laust fyrir níu, annar á tólfta tímanum og sá þriðji laust fyrir klukkan tvö síðdegis. Þá var vetrartími frá fyrsta vetrardegi. Af þessu sést að jafnvel á tíma, þegar skólum var haldið í kreppu húsnæðisleysis, var minnstu börnunum hlíft eins og kostur var við myrkrinu. Þau komu í skólann um það bil hálfri annarri klukkustund nær dagrenningu en nú gerist.

Nú eru aðrir tímar. Skólar eru einsetnir og reglulegu skólastarfi er víðast lokið upp úr klukkan tvö síðdegis. Nú er lag að gera róttækar breytingar á vinnulagi skólanna og margra landsmanna um leið. Annars vegar að hefja starf grunnskóla um klukkan níu að morgni. Hins vegar að stilla

klukkuna sem næst sólartíma og miða allt árið við lengdarbauginn 15° vestlægjar lengdar sem liggur um Fljótshérað í stað þess að miða við tíma kenndan við Greenwich í London.

Margar mótbárur munu heyrast við þessari tillögu. Ein er sú að foreldrar hefji vinnu snemma á morgni og muni ekki geta komið börnunum af stað í skólann á réttum tíma. Því er til að svara að margir foreldrar þurfa ekki að hefja störf svo snemma. Þeir sem hafa sveigjanlegan vinnutíma hafa jafnvel kosið að hefja sína vinnu snemma barnanna vegna. Verslanir opna margar ekki fyrr en tíu eða ellefu og starfsfólk þar er ekki bundið af fótaferðartíma fyrir kl. 7 að morgni.

Rétt er að geta þess að til eru framhaldsskólar sem hafa gert tilraun til að hefja reglulega kennslu kl. níu, en telja reynsluna vera að það skipti engu máli. Foreldrar séu of snemma á bak og burt til að ýta við unglungunum. Því er til að svara að margir nemendur á framhaldsskólaaldri eru miklar svefnpurkur vegna þess þroska sem þeir eru að taka út og tilraunin er því ekki marktæk.

Miklu fremur ætti að hugsa um yngstu börnin sem þurfa að paufast í skólann í myrkrinu. Ekki verður myrkrið forðast á öllum árstímum en sem betur fer fellur jólafrí saman við svartasta skammdegið. Þegar börnin koma aftur í skólann viku af janúar verður birting laust fyrir kl. níu og sólrís upp úr kl. tíu væri klukkunnar breytt. Svo færast þessir tíma fram með hverri viku nýs árs.

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





# FÁÐU SÓL Í SUMAR

## HJÁ ÚRVAL ÚTSÝN



Úrval Útsýn hefur verið ferðafélagi Íslendinga til sólarlanda í 64 ár. Við bjóðum fjölda hótela sem rúma stórar sem litlar fjölskyldur. Ef þú finnur ekki gistingu sem hentar, þá geta ferðaráðgjafar okkar fundið hana fyrir þig — tryggðu þinni fjölskyldu réttu gistingu í tíma.

**MEDITERRANEO BAY \*\*\*\*\***  
ALMERÍA



**ALLT INNIFALIÐ**

31. MAÍ – 7. JÚNÍ 7 NÆTUR  
Tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**

**VERÐ FRÁ 105.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 132.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**ZORAIDA GARDEN \*\*\*\*\***  
ALMERÍA



**ALLT INNIFALIÐ**

21.–28. JÚNÍ 7 NÆTUR  
Tvíbýli **ALLT INNIFALIÐ**

**VERÐ FRÁ 128.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**HOTEL NEPTUNO \*\*\*\*\***  
ALMERÍA



**ALLT INNIFALIÐ**

23.–31. ÁGÚST 8 NÆTUR  
Tvíbýli með morgunverði

**VERÐ FRÁ 110.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**BALI \*\*\*\*\***  
BENIDORM



**HÁLFT FÆÐI**

7.–14. MAÍ 7 NÆTUR  
Tvíbýli með hálfu fæði

**VERÐ FRÁ 84.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 100.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**ALBIR PLAYA \*\*\*\*\***  
ALBIR



**HÁLFT FÆÐI**

18.–25. JÚNÍ 7 NÆTUR  
Tvíbýli með morgunverði

**VERÐ FRÁ 97.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 118.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**LARIMAR APARTMENTS \*\*\***  
CALPE



**HÁLFT FÆÐI**

22.–29. ÁGÚST 7 NÆTUR  
Íbúð með 1 svefnherbergi

**VERÐ FRÁ 74.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 103.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**GF ISABEL \*\*\*\*\***  
TENERIFE



**HÁLFT FÆÐI**

7.–14. MAÍ 7 NÆTUR  
Smáhýsi með 1 svefnherbergi

**VERÐ FRÁ 89.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 117.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**HOVIMA PANORAMA \*\*\***  
TENERIFE



**HÁLFT FÆÐI**

15.–22. JÚNÍ 7 NÆTUR  
Íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði

**VERÐ FRÁ 96.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 116.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**HOVIMA LA PINTA \*\*\*\*\***  
TENERIFE



**HÁLFT FÆÐI**

24.–31. ÁGÚST 7 NÆTUR  
Comfort íbúð með 1 svefnherbergi og hálfu fæði

**VERÐ FRÁ 113.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



ÁVALLT SÓL SKÍN MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN



Verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og stafabréngl.

**BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL \*\*\***  
**GRAN CANARIA**



**3.-10. JÚNÍ 7 NÆTUR**  
Smáhýsi með 2 svefnherbergjum

**VERÐ FRÁ 98.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**TENEGUIA \*\***  
**GRAN CANARIA**



**12.-19. ÁGÚST 7 NÆTUR**  
Íbúð með 1 svefnherbergi og sundlaugarsýn

**VERÐ FRÁ 59.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 73.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**BAOBAB RESORT \*\*\*\*\***  
**GRAN CANARIA**



**26. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 7 NÆTUR**  
Tvíbýli með morgunverði

**VERÐ FRÁ 108.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
Verð frá 130.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**GOLDEN BAHIA DE TOSSA \*\*\*\***  
**TOSSA DE MAR**



**30. MAÍ – 8. JÚNÍ 9 NÆTUR**  
Tvíbýli með sundlaugarsýn og hálfu fæði

**VERÐ FRÁ 119.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 148.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**NÝTT HÓTEL**  
**HÁLF FÆÐI**

**GUITART GOLD CENTRAL PARK AQUA RESORT \*\*\*\***  
**LLORET DE MAR**



**13.-22. JÚNÍ 9 NÆTUR**  
Tvíbýli með morgunverði

**VERÐ FRÁ 92.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá 110.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**NÝTT HÓTEL**

**SJÁÐU MEIRA Á**  
**URVALUTSYN.IS**

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGGJAFNA  
Í SÍMA 585 4000



# Vörn fyrir æru



**Jón Baldvin Hannibalsson**  
fyrirverandi  
formaður Al-  
þýðuflokksins  
1984-1996

Ég þekki ekki föður minn í þeirri mynd, sem fjölmiðlar draga upp af honum: refur, óheidarlegur, hrokagikkur... Akkúrat það sem hann er ekki. Hann er hlýr, skilningsríkur... fyrir nú utan hvað hann er gáfður og skemmtilegur.....má hann ekki einhvers staðar njóta sammælis?"

(Aldís Baldvinsdóttir, í viðtali við Kristján Þorvaldsson í timaritinu Mannlífi, febrúar 1995)

Þann 21. febrúar nk. stóð til að fagna áttæðisafmæli mínu í góðra vina hópi. Gamli samherjar vildu beita sér fyrir útgáfu afmælisrits um arfleifð jafnaðarstefnunnar og erindi hennar við komandi kynslóðir. Einnig var áformað að efna til málþings með þátttöku erlendra stjórnmála- og fræðimanna um sama efni. Ritnefndarmenn leituðu til vina og velunnara – en einnig pólitískra andstæðinga – eftir fyrirframskrift, sem staðfest væri á heillaóskaskrá, eins og algengt er við áþekkt tækifæri.

Þetta var komið vel á veg. En þegar fór að kvísa út um þessi áform, þóttust aðstandendur verksins verða verða varir við draugagang, sem erfitt var að henda reiður á. Menn fóru að mælast undan því, að nöfn þeirra birtust á heillaóskaskrá, þótt þeir lýstu áhuga á bókinni og vildu gjarnan kaupa hana. Sumir, sem höfðu þegar skróað sig, báðu um, að nöfn þeirra yrðu dregin til baka.

Hvað var á seyði? Smám saman kom í ljós, að það var skipulögð herferð í gangi, rögsherferð gegn höfundinum með það að markmiði að koma í veg fyrir fyrirhugað málþing og útgáfu bókar. Þemað var, að Jón Baldvin væri kynferðisbrotamaður, sem heidarlegt fólk gæti ekki látið bendla sig við. Seint og um síðir komu aðstandendur rögsherferðarinnar upp á yfirborðið. Þeir völdu sér vettvang við hæfi. Stundin byrjaði vitnaleiðslur. Aðrir fjölmiðlar, sem og samfélagsmiðlar, slógust með í för. Meira að segja Ríkisútvarpið lét ekki sitt eftir liggja. Loks loguðu allir fjölmiðlar í groddalegum frásögnum, sem áttu að spanna hálfu öld, og lýstu siðlausu dusilmenni, sem þjóðfélagið hafði slyst til að hampa til ædstu metorða, án vitneskju um, hvern mann hann hefði að geyma. Allt var þetta á sömu bókina lært, án athugasemda og án andmæla. Nú væri kominn tími til að afhjúpa fölið. Hér eftir skyldi hann vera óalandi og óferjandi í íslensku samfélagi, einangraður,

útskýfaður og þar með hættulaus samborgurum sínum.

## Fjölmiðlafar

Áætlunin var vel undirbúin. Fjölmiðlarnir spiluðu með eins og til var ætlast. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Málþingið var blásið af. Útgáfu var frestað um óakveðinn tíma. Og heillaóskaskránni var hent í ruslafötuna. Þetta er orðið að skólabókardæmi um vel heppnaða PR-herferð, eða aðför að æru manns – allt efir því, hvernig á þetta er lítið.

„Já, en það hlýtur að vera eitthvað hæft í þessu, fyrst svona margar konur segja það.“ Þetta eru algeng – og skiljanleg – viðbrögð almennings, sem verður að vitni að fjölmiðlafárinu, sem braust út. Á næstunni mun koma út bók, sem svarar lið fyrir lið öllum þeim ásökunum, sem fram hafa verið bornar af nafngreindum persónum. Þar verður byggt á fyrirliggjandi gögnum og staðreyndum, sem af einhverjum ástæðum hafa týnst í öllu moldviðrinu, sem þýrð hefur verið upp. Í því sem hér fer á eftir verður aðeins stiklað á stóru:

(1) Aðeins einu kærnumáli gegn mér hefur verið beint til lögreglu og saksóknara. Það var rannsakað með yfirheyrslum og vitnaleiðslum og vísað frá. Málið er að fullu upplýst (sjá [www.jbh.is](http://www.jbh.is)). Allar hinar kærurnar eru bara í blöðunum.

(2) Já, en hann er samt sekur, af því að hann er svo valdamikill, að dómismálaráðuneytið, lögreglan, dómstólar og m.a.s. lækna á Landspítalanum hlýða skipunum hans. Dóttir hans segir, að hann hafi sigið lögreglunni á sig til að nauðungarvíta sig á geðdeild, þar sem lækna hafi greint hana geðveika að ósekju, og dómstólar lagt blessun sína yfir valdbeitinguna. Ef trúa má fjölmiðlum – m.a.s. sjálfu Ríkisútvarpinu – þá er misbeiting valds á Íslandi jafnvel verri en í Saudí-Arabíu eða Rússlandi Pútíns. – Trúir einhver með fullu viti þessu bulli?

## Órar

(3) Á þessu er bara ein skýring. Elsta dóttir mín hefur lengi átt við að stríða alvarleg geðræn veikindi. Hún hefur verið greind með geðhvarfasýki. Á tímabili var hún ýmist inni á eða úti frá geðdeild í maníuköstum. Þar hefur hún notið lækni meðferðar með það að markmiði að hjálpa henni til að ná aftur fötfestu í lífinu. Þetta er einkamál. Þetta er fjölskylduharmleikur, sem vissulega hefur fyrst og fremst skadað sjúklinginn sjálfan, en líka nánustu fjölskyldu og aðstandendur, sem í þessu tilviki, eins og svo mörgum öðrum, hafa

orðið skotspönn haturs og hefni-girni. Ég á ekki að þurfa að bera þessi einkamál á torg. En óvandaðir fjölmiðlar hafa ekki skirrt við að velta sér upp úr óhamingju okkar með svívirðilegum hætti. Ég á engu annarra kosta vól en að segja sannleikann, þótt öðrum komi þetta mál ekki við.

(4) Eitt af mörgum sjúkdómseinkennum geðhvarfasýki er stjórnláus þráhyggja um kynlíf. Dóttir mín hefur í maníuköstum sakað mig um kynmök, eða kynferðislega áreitni, við eftirtaldir konur í okkar fjölskyldu:

Tengdamóður mína (ömmu hennar); sjálfa sig og dóttur sína; dætur mínar – systur hennar; systur Bryndísar, systurdóttir Bryndísar. Við þetta hafa svo bæst vinkonur hennar, en sú sakaskrá hefur verið breytileg eftir árstíðum. Eini maðurinn sem hún hefur kært formlega fyrir kynferðislega áreitni, þá gagnvart dóttur sinni, var móðurbróðir hennar, sem var svo vinsamlegur að annast dóttur hennar um skeið, meðan móðirin var vistuð á sjúkrahöfnun. Það mál var rannsakað af þar til bærum yfirvöldum og úrskurdað tilhæfufalaust.

Auðvitað er sjúklingnum ekki sjálfrátt. Auðvitað eru þetta órar, sem kvikna í sjúku hugarfari. Auðvitað á ég ekki að þurfa að skýra frá þessu opinberlega. Auðvitað eiga fjölmiðlar ekki, að óathuguðu máli, að birta athugasemdaleiðslur sögur hinnar sjúku, sem þjónar þeim tilgangi einum að ræna foreldra hennar ærunni.

## Sögur og sviðsetning

(5) „Já, en samt, eru ekki nafngreindar konur að vitna um, að þú hafir áreitt þær?“

Jú, en allar þær sögur – fyrir utan eina – voru á ákæruskjali, sem Aldís dóttir mín fékk birt í DV árið 2013 og lagði síðan inn sem formlega kærur til lögreglu. Viðbrögð lögreglu voru skiljanlega þau, að hún gæti ekki rannsakað sögur frá ónafngreindum persónum. Láti henni hver sem vill. Hvernig á ég að geta það? Gætir þú það? En, mikið rétt, nú hafa þær komið fram undir nafni. Sögum þeirra er svarað í væntanlegri bók. Hér læt ég mér nægja að segja eftirfarandi:

Nýjasta sagan er með ólíkindum af undirferli og óheidarleika. Stúlka, sem ég þekki hvorki haus né sporð á, smygjar sér inn á heimili okkar Bryndísar, í fylgd móður sinnar, sem hafði sérstaklega ræktað vinskapið við okkur. Hún fékk gistingu og góðan beina. Það er varla fyrr sest að veisluborði en húsbóndinn, sem hafði verið upptekinn við að elda mat og bera á borð, var sakaður um áreitni. Þarna voru fleiri gestir. Tvær fullorðnar konur, sem viðstaddir voru við borðhaldið, hafa vottað það, að þetta er tilbúningur –

helber lygi. Konurnar votta, að „þetta gæti ekki hafa farið fram hjá þeim“. M.ö.o. þetta var fyrirfram undirbúin sviðsetning.

Svo þurfum við að fara fimmtíu og sex ár aftur í tímann í Hagaskóla. Kona, sem segist hafa verið nemandi minn, ber mér ekki vel söguna. Og bekkjarsystir vitnar með. Þar sem ég kannast við hvoruga (fólk breytist að vísu á skemmri tíma en hálfri öld), spurðist ég fyrir um, hvort ég hefði kennt í umræddri bekkjardeild. Samkenningar mínir fullyrða – en eftir minni, rétt eins og ég – að svo hafi ekki verið. Skólinn á engin gögn. Skjalasafn Reykjavíkur hefur leitað dyrum og dyngjum. Þar er að finna fullt af gögnum um, hvar, hvenær og hverjum ég kenndi. Engin gögn fyrirfinnast um, að ég hafi kennt umræddum bekk. Meðan svo er, hef ég ekki meira um það að segja. Tvær af þessum sögum leiði ég hjá mér að sinni, en geri þeim víðeigandi skil í bókinni.

Loks er klykkt út með skrum-skældri frásögn af dimission við Menntaskólann á Ísafirði 1979, þar sem ég kvaddi nemendur mína eftir brautryðjandastarf í áratug. Öllum sem ég hef rætt við, kennurum og nemendum, ber saman um, að ekki sé mark takandi á söguburðinum um það sem þar gerðist. Það sé skrumskæling. Hneykslið á að vera, að strákar stungu sér naktir í laug (höfðu ekki skýlu meðferðis), áður en stelpur komu á vettvang, en fengu skýlur til að hylja nekt sína eftir það. Hvílikt hneyksli. Eiga ærsl á dimission, sem hér er lýst, að flokkast undir kynferðislega áreitni? Við könnunumst ekki við það fyrir vestan. Þetta var að vísu 40 árum áður en Seðlabankinn gerði sig að viðundri með því að fjarlægja listaverk, sem sýna nekt, úr almennarymi, og læsa inni í járnbeinum geymslum, sem eiga að geyma gullforða ríkisins.

(6) Ég bið lesendur að virða mér það til vorkunnar, að ég get ekki – frekar en lögreglan – svarað nafnlausum gróusögum í fjölmiðlum.

Ég gat þess í upphafi, að markmið þessarar skipulögðu fjölmiðlaherferðar hefði að þessu sinni verið að koma í veg fyrir útgáfu bókar í til efni af áttæðisafmæli mínu og málþing um erindisbréf jafnaðarmanna á nýrri öld. Einnig að hræða karla og konur frá því, hvort heldur væri að kaupa bókina, eða að samfagna höfundinum. Þetta tókst. Málþingið var blásið af og útgáfu bókarinnar frestað um óakveðinn tíma. Dóttir mín – og vinkonur hennar í bænahópnum – geta því samglaðst yfir árangrinum. Í staðinn kemur út á næstunni önnur bók undir heitinu: „Vörn fyrir æru – hvernig fámennur hópur öfgafemínista hefur sagt réttarríkinu stríð á hendur“.

## Án réttarríkis – ekkert Lýðræði

Umhugsunarefnið vegna þessa máls fyrir aðra – sem ekki eru í bænahópnum – er þetta: Geðveik kona, sem á langa sjúkrasögu að baki, og beinir hatir sínu og hefningu – eins og algengt er í sambærilegum tilvikum – gegn fjölskyldu sinni, fær fjölmiðla í lið með sér til að ræna fjölskylduna æru og sóma. Ég hef að vísu verið kærður einu sinni, en þeim kærnum var vísað frá réttarkerfinu. En er ég samt sagður sekur? Af hverju? Af því að ég er sagður svo valdamikill, að dómstólar dæmi mér í vil. Ef einhver andmælir mér, get ég sigið lögreglu á saklaust fólk, swift það frelsi, lokað það inni, skipað læknum að greina fórnarlömbin geðveik að ósekju o.s.frv. o.s.frv. Passið ykkur bara!

Og svo er hitt: Hópur öfgafemínista hefur hér með sagt réttarríkinu stríð á hendur, að því er virðist. Maður er sekur fundinn (í fjölmiðlum), af því að hann er ásakaður. Það þarf enga rannsókn, engar vitnaleiðslur, engar sannanir. Maður er fordæmdur, án réttarríkis. Dæmin er að hrannast upp. Kennarar við kynjafræðiskor HÍ taka sér ráðningarvald við háskólann. Þótt viðkomandi maður fullnægi öllum hæfisskilyrðum til háskólakennslu, er hann samt undir atvinnubanni „Berufsverbot“, af því að það var illa talað um hann í fjölmiðlum. Það þarf engan dóm. Þær hóta að gera háskólann óstarfhæfan, ef þeim er ekki hlýtt. „Óttast friðroff“ – sagði rektor HÍ.

Og það er lúffað fyrir þeim. Þær hafa líka tekið sér ritskoðunarvald. Þær hóta mótmællum gegn málþingum og hafa sitt fram. Þær vilja banna bækur og ná þeim árangri, að útgáfu er frestað. Þær hafa tekið sér ráðningarvald, ritskoðunarvald og dómsvald. Er nema von, að spurt sé: Hafa öfgafemínistar sagt réttarríkinu stríð á hendur? Ætlum við hin að lúffa? Höfum við gleymt því, að án réttarríkis þrífst ekkert lýðræði?

Athygli mín hefur verið vakin á því, að enginn í þingflokki Samfylkingar, sem telur sig a.m.k. á tyllidögum vera arftaka jafnaðarstefnu í íslenskum stjórnmálum, þorði að birta nöfn sín á heillaóskaskrá til „hins aldna leiðtoga íslenskra jafnaðarmanna“. Vildu þau kannski ekki? Eða þorðu þau einfaldlega ekki fyrir sitt litla líf að rísa gegn tyftunarvaldi öfgafemínista, sem hafa hreiðrað um sig í valdastöðum í flokknum? Hvort heldur er, vil ég segja við þá eftirfarandi: Heigulsháttur er alvarlegur ljóður á ráði stjórnmálamanna. Það eru ekki fólksuverk hinna illviljuðu, sem eru verst. Það er heigulsháttur og afskiptaleysi hinna góðviljuðu, sem er verst. Það þarf kjark til að standa í stafni fyrir mannréttindabaráttu fólks gegn ofurvaldi auðs og valds. Þeir einir sem þora geta vakið okkur vonir um betri heim.



**Nýtt**

## ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?

**Strefen®**

**Bólguþandi og verkjastillandi munnúði**  
við særindum í hálsi



Strefen 16,2 mg/ml munnholtsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálsáreinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjú daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).





MÁNUDAGUR 4. FEBRÚAR 2019

Heilsa



Líkamsræktin hefur oft hjálpað mér að komast í gegnum erfiða tíma, segir Guðný og hvetur fólk til að hreyfa sig. Það er aldrei of seint að byrja. MYND/ERNIR

HREINT OG NÁTTÚRULEGT  
SVITASPREY



Fást í apótekum, heilsubúðum og Hagkaup

# Dansar í gegnum lífið þrátt fyrir áföll

Guðný Elíasdóttir hefur alla tíð stundað líkamsrækt. Hún þakkar þessu áhugamáli sínu góða heilsu. Zumba er í miklu uppáhaldi en einnig stundar hún styrktaræfingar. Hún segir að zumba sé besta forvörnin gegn þunglyndi. ➔2



## Framhald af forsiðu →

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Guðný er fædd og uppalin á Ísafirði. Hún fór ung að stunda leikfimi og síðan körfubolta. Líkamsræktin hefur alltaf verið hluti af lífsstíl hennar. „Ég hef aldrei stoppað,“ segir hún. „Ég flutti til Hafnarfjarðar þegar ég var nýfermd, fjórtán ára, og hef búið í bænum síðan. Aldrei sleppt líkamsræktinni þótt ég hafi byrjað að eiga börn frekar ung,“ segir Guðný. „Þetta er svo ofboðslega gaman. Ég fer fjórum sinnum í viku og tek alltaf tvöfaldan tíma þótt ég sé orðin þetta gömul,“ segir hún en Guðný er 61 árs.

Guðný er vel á sig komin og segist engin lyf þurfa að taka. Hún þakkar það lífsstílnum en hún hefur aldrei reykt og segist vera heppin með heilsuna, engin stoðkerfisvandamál eða aðrir sjúkdómar. „Ég er ótrúlega hraust sem betur fer og myndi hiklaust þakka líkamsrækt og hreyfingu fyrir góða heilsu. Það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig en rétt að fara rólega fyrst í stað, bara alls ekki hætta eða gefast upp,“ segir hún þegar hún er spurð hvort það sé of seint fyrir fólk á hennar aldri að byrja í líkamsrækt.

## Alltaf tími fyrir heilsuna

„Zumba er langskemmtilegasta hreyfingin, að mínu mati, en ég hef prófað allt sem býðst. Ég gæti ekki hugsað mér að sleppa zumba-tímum, þetta er mjög góð hreyfing fyrir allan líkamann. Síðan tek ég styrktaræfingar með til að styrkja mig enn frekar. Annars er Tanya með alls konar zumba, með og án lóða, með stólum og alla vega. Það er alltaf fjölbreytni hjá henni,“ segir Guðný.

Margir kvarta yfir tímaleyssi og sleppa líkamsrækt vegna þess. Þegar Guðný er spurð hvernig hún finni tíma í ræktina, svarar hún: „Ég segi að maður eigi að gefa sér tíma fyrir sjálfan sig. Þegar ég var með dætur mínar yngri fór ég alltaf eftir kvöldmat. Núna fer ég síðdegis. Maður hefur alltaf tíma fyrir það



Þegar Guðný var sextug fór hún til Danmerkur og starfaði sem au pair hjá dóttur sinni sem er tannlæknir þar í landi. MYND/ERNIR

sem er skemmtilegt. Í dag er ég með uppkomin börn og sex barnabörn svo ég hef meiri tíma fyrir mig. Tvær dætur mínar búa erlendis og það er aðeins eitt barnabarn hér á landi. Það getur reyndar oft verið erfitt að hafa fólkið sitt langt í burtu en ég reyni að komast í heimsókn,“ segir Guðný sem starfar á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði. „Ég er alltaf innan um börnin, eiginlega að leika mér alla daga,“ segir hún.

## Gerðist au pair

Í fyrra gerðist Guðný au pair hjá dóttur sinni í Danmörku í tæpt ár. „Hún býr í Árósum og þetta ár var alveg ótrúlega skemmtilegt. „Ég hefði kannski átt að prófa svona vinnu þegar ég var tvítug en fór

í staðinn sextug,“ segir hún og hlær. „Þetta var ánægjulegur tími og gaman að kynna þvi að búa í öðru landi en ég hafði ekki gert það áður. Auk þess fékk ég dýrmatan tíma með barnabörnunum, fór með þau á leikskólann og hugsaði um heimilið. Það var virkilega gaman,“ segir hún. „Dóttir mín, Steinunn Dóra, og tengdasonur eru bæði tannlæknar en hann er í framhaldsnámi í kjálka- og skurðlækningum. Hún rekur tannlæknastofu þarna úti. Svo er yngsta dóttir mín, Sara Margrét, í læknanámi og hyggur á framhaldsnám í útlöndum. Þriðja dóttir mín heitir Agla en hún býr í Noregi. Þegar sú yngsta fer út verð ég ein eftir hér á landi. Ég fer þá kannski bara eitthvað líka,“ segir Guðný og það er létt yfir henni enda eru ferðalög stórt áhugamál hjá henni. Guðný er frískilin en á góðan vinnu.

## Sorgin tók yfirhöndina

Guðný eignaðist fjórar dætur en sú elsta lést úr hvítblæði aðeins tæpra þrjúggja ára. Slíkt áfall telur mikið á. Guðný segir að það sé aldrei hægt að komast yfir sorgina en hún reynir að lifa með henni. „Þetta var erfiður tími og lífsreynsla sem situr alltaf í sálinni. Líkamsræktin hefur oft hjálpað mér að komast í gegnum erfiða tíma. Ég get því alveg sagt að ef fólk liður illa, finnur fyrir depurð eða kvíða ætti það hiklaust að stunda zumba. Það fær í sig svo mikla gleði í tímum. Það hjálpaði mér til dæmis mikið þegar ég gekk í gegnum skilnað að fara í zumba. Ég var kannski döpur fyrir tímam en kom alltaf brosandí út að honum loknum. Tónlistin skapar svo mikla gleði. Maður þarf ekki félagsskap til að koma sér af stað í zumba. Dansinn dregur mann til sín eins og fíkn,“ segir hún.

## Í jóga á Balí

„Þótt ég hafi ferðast ótrúlega mikið, meðal annars til Balí, þá er líkamsræktin alltaf í fyrsta sæti yfir áhugamálin. Ég prófaði jóga á Balí og það var afar áhugaverð upplifun. Balí var sannkölluð ævintýraferð fyrir mig. Örnólfur Arnason var farar-



Dansdívurnar með Tanyu skemmta hér í jólaþorpinu í Hafnarfirði fyrir síðustu jól.

„Ég get því alveg sagt að ef fólk liður illa, finnur fyrir depurð eða kvíða ætti það hiklaust að stunda zumba. Það fær í sig svo mikla gleði í tímum.“

stjóri en hann er einstaklega fróður og frábært að fara með honum. Sem betur fer hef ég verið dugleg að ferðast og kynna mér heiminn. Ég fór til Hawaii sem var eftirminnilegt en ég hef talsvert farið til Bandaríkjanna. Fyrir jólin skrapp ég til Búdapest en mér þykir mjög gaman að skreppa eitthvað. Ég hef aðeins spilað golf og fer á skiði þegar ég kemst. Það má því kannski segja að áhugamálin séu mörg,“ segir hún.

## Dansdívur skemmta sér

Guðný hefur verið í danshópi sem nefnist Dansdívurnar hjá Heilsu-

skóla Tanyu frá árinu 2005. „Ég stundaði lengi líkamsrækt hjá Hress og þar var Tanya þjálfarinn. Þegar hún hætti og stofnaði sína eigin stöð fylgdi ég henni,“ segir Guðný. „Mér finnst ágætt að vera með sama kennarann. Tanya er rosalega öguð, hugmyndarík og öflug svo það er ekki annað hægt en að fylgja henni. Þetta er góður hópur sem hefur myndast hjá henni. Við í Dansdívurum erum orðnar vinkonur og sýnum oft saman. Hópurinn er eins og fjölskylda sem fær sér kaffisopa. Dansdívurnar dansa alltaf við jólaþorpið í Hafnarfirði á aðventu en einnig höfum við sýnt í miðbæ Reykjavíkur á 17. júní. Auk þess höfum við komið fram í árshátíðarpartíum.“

Guðný er fullviss um að líkamsræktin hafi gert það að verkum að hún eldist vel. „Fyrst og fremst er það góð heilsa sem skiptir máli og ég hef verið heppin þar. Ég vona bara að ég verði heppin áfram. Fljótlega ætla ég að skreppa í sólina til Kanarí og í maí ætla ég aftur að passa barnabörnin í Danmörku svo það er alltaf eitthvað um að vera hjá mér. Ég kvíði ekki árinu, held bara áfram að dansa og brosa.“

## TILBOÐ

4 réttir + súpa dagsins  
aðeins 1.790 kr.\*



NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU  
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU  
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU  
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

\*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

## Frábær hóptilboð

Sjáðu öll tilboðin okkar á  
[www.kinahofid.is](http://www.kinahofid.is)



Opíð alla daga  
vikunnar frá  
kl. 11:00 - 22:00



KINAHOFID

Kínahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi

[www.kinahofid.is](http://www.kinahofid.is) | Sími 554 5022

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólvéig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ivar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johanna@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf



# Byggingar- iðnaðurinn

**Kynningar:**  
PG Verk  
Steypustöðin  
Verkis  
Húsmiðjan  
Gámaþjónustan  
BYKO

MÁNUDAGUR 4. FEBRÚAR 2019



Davíð Már Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri PG Verks, segir að með því að lækka lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu og draga úr íþyngjandi byggingaskilmálum megi vel byggja ódýrari íbúðir.

## Nauðsynlegt að lækka byggingarkostnað

Auðveldlega mætti byggja íbúðir ódýrar og bjóða þær á sama verði á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi að sögn Davíðs Márs Sigurðssonar, sölu- og markaðsstjóra PG Verks. Til þess þurfi hins vegar að lækka lóðaverð og draga úr byggingarskilmálum í Reykjavík og nágrenni. ➔2





ÞG verk framleiðir íbúðir fyrir mjög ólíka markhópa sem gera mismunandi kröfur um gæði. Á Hafnartorgi er ekkert til sparað og allt í hæsta gæðaflokki að innan sem utan. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Vínarstræti 14-16 í Urriðaholti.



Álalækur 13 á Selfossi.



Tangarbryggja 13-15 í Bryggjuhverfi.



Vínarstræti 10-12 í Urriðaholti.



Skektuvogur í Vogabyggð.

#### Framhald af forsiðu →

**D**avíð segir margt koma til sem geri að verkum að íbúðir í nýbyggingum séu dýrar í dag. „Tveir þættir spila þar stærsta hlutverk. Annars vegar þeir byggingarskilmálar sem settir eru varðandi gerð húsnæðis á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Til dæmis ytra byggingarform, tegund íbúða og kröfur um bílskýli.“ Hann segir lítið mál að byggja ódýrar ef lóðaverð yrði lækkað, slakað væri á byggingarskilmálum og vextir yrðu lækkaðir. „Þá er umhugsunarefni að ef byggingaryfirvöld myndu slaka á óþarfa kröfum um bílskýli, lyftur í húsum sem eru fleiri en tvær hæðir og lokuð stigahúsi, yrði allur rekstrarkostnaður eignanna mun lægri til frambúðar. Það munar um fjárhæðir sem fara í hússjóð í slíku húsnæði.“

#### 350 þúsund á fermetra

ÞG Verki hefur tekist að bjóða upp á ódýrari íbúðir á Selfossi en þekkest í Reykjavík og nágrenni. „Á Selfossi erum við að byggja þrjú stórglæsileg, fullbúin hús, samtals 57 íbúðir. Við höfum þegar selt megnið af íbúðunum í fyrstu tveimur húsunum en það síðasta kemur í sölu á vormánuðum. Þessi hús eru viðhaldslétt með lyftum og íbúðirnar fullbúnaðar með öllum gólfefnum og tækjum eins og innbyggðum isskáp og uppþvottavél. Á Selfossi er meðal fermetraverð á svona fullbúinni eign um 350.000 krónur sem er algjörlega óraunhæft

í Reykjavík þar sem skilmálar og lóðaverð eru önnur.

Hann telur lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu um tífalt herra en á svæði eins og Árborg. „Ef við gefum okkur að lóð í Árborg undir fjölbýli kosti eina milljón þá getur sambærileg lóð farið í 10 milljónir eða meira á höfuðborgarsvæðinu, fyrir utan íþyngjandi byggingarskilmála sem hækka byggingarkostnað umtalsvert að auki.“

En hver er munurinn á byggingarskilmálum í Reykjavík miðað við Selfoss? „Helst ber að nefna þrjú lóðkröfu um bílskýli sem kostar að jafnaði ríflega þrjár milljónir króna á hverja íbúð. Svo spila inn í atriði eins og form húsnæðis sem eru auðvitað misjöfn eftir hverfum í borginni. Sem dæmi eru öll þök og útlínur í Bryggjuhverfinu með miklu uppbroti sem er gríðarlega dýrt í byggingu,“ svarar Davíð og bendir á að kaupendur séu ekkert endilega að spá í útlit húsnæðis. Þeir vilji bara vel skipulagðar íbúðir sem henti fjölskyldum þeirra í amstri dagsins. „Oft er meira verið að hugsa um ytra útlit en innri hönnun sem skiptir þann sem býr í eigninni að sjálfsögðu mestu.“

#### Mæta þarf kröfum markaðarins

Davíð segir að ganga þurfi lengra í að lækka byggingarkostnað. En hvernig er best að gera það? „Til dæmis með því að taka mið af sjónarmiðum þeirra sem eru að byggja og þekkja þetta umhverfi,“ segir hann ákveðinn. „Mikilvægt er

**“Oft er meira verið að hugsa um ytra útlit en innri hönnun sem skiptir þann sem býr í eigninni að sjálfsögðu mestu.”**

að mæta kröfum markaðarins sem kallar eftir lægri byggingarkostnaði. Fyrstu skrefin eru að lækka lóðaverð og tengd gjöld, haga svo byggingarskilmálum þannig að hægt sé að sleppa við kostnaðarsama hönnun og atriði eins og lyftur og bílskýli. Ef þetta væri gert segir sig sjálf að við gætum búið upp á verð eins og við erum að gera á Selfossi.“

Þannig gæti glæný og fullbúin tveggja herbergja íbúð í höfuðborginni kostað 25 milljónir króna, þriggja herbergja íbúð um 30 milljónir.

Davíð bendir á að 115 fermetra fjögurra herbergja íbúð á Selfossi kosti um 38 milljónir króna. Sambærileg stærð af húsnæði í Garðabæ fari á um 54 milljónir.

#### Fjölbreytt verkefni

ÞG Verk kemur að fjölmörgum verkefnum á byggingarmarkaðnum. „Seinni hluta 2018 afhentum við eldri borgurum 74 íbúðir í Mörkinni í Reykjavík. Það var vel skipulagt og gott verkefni sem var ánægjulegt að starfa við,“ segir Davíð.

Mörg verkefni eru í vinnslu um þessar mundir en ÞG verk framleiðir íbúðir fyrir ólíka hópa. „Við erum í raun eins og bílaframleiðendur og framleiðum vörur fyrir mismunandi markhópa sem hafa mismunandi kröfur um gæði. Við erum til dæmis að klára Hafnartorgið núna en íbúðirnar þar eru stílaðar inn á allt annan markað en ódýru íbúðirnar á Selfossi. Þar erum við með sjötíu íbúðir til sölu. Þegar liggja fyrir ríflega 30 kaupþilboð í þær eignir. Þessar eignir eru margfalt dýrari en venjulegar eignir enda er allt dýrara við verkefnið; lóðin, ytri hönnun og allt efnisval í eignunum er í hæsta gæðaflokki. Þarna er líka verið að leggja lokahönd á allt skrifstofu- og verslunarrými ásamt gríðarlegum bílakjallara.“

Í Bryggjuhverfinu í Grafarvoginum er ÞG Verk að vinna lokaáfangi í 280 íbúða verkefni sem klárast í mars, en þar eru einungis um tuttugu eignir óseldar. „Þetta verkefni hefur gengið gríðarlega vel og salan framúrskarandi enda frábær staður með vönduðum íbúðum.“

#### Frábærar íbúðir á Selfossi

Við Álalæk á Selfossi er ÞG verk með 57 íbúðir. „Einungis sex eignir eru óseldar af þeim sem eru þegar í

sölu en síðasta húsið fer í sölu þegar fer að vora. Það er lítið smekklegt fjölbýlishús með ellefu íbúðum,“ segir Davíð. Á Selfossi setti ÞG Verk í fyrsta skipti á Íslandi upp rafhleðslustöðvar á bilastæðum lóðanna sem eru í eigu íbúanna. „Þetta er gert vegna umhverfis- sjónarmiða og til að lækka rekstrarkostnað þeirra sem til að mynda vinna á höfuðborgarsvæðinu og keyra á milli.“

Í Urriðaholti eru í byggingu 82 íbúðir sem afhendast í áföngum en fyrsta húsið verður tilbúið í sumar. Davíð segir mikla eftirspurn eftir þessum íbúðum enda eru yfir 600 manns á forgangslista. „Þarna verða fjögur hús og eitt þeirra er fyrir 55 ára og eldri, og miðast frágangur og hönnun við þann markhóp.“

Eitt nýjasta verkefni fyrirtækisins er Vogahverfið. „Við byrjuðum á fyrsta húsinu í Vogahverfi fyrir nokkrum mánuðum en þar munum við byggja 380 íbúðir í það heila. Verkefnið er skammt á veg komið en fyrst og fremst er verið að hanna vel skipulagðar íbúðir sem henta vel fjölskyldufólki.“

ÞG Verk er líka með nokkur útboðsverkefni. Þar má nefna uppsteypu á um 130 íbúða hóteli á Landsímareitnum fyrir Lindarvatni. „Það er mjög spennandi verkefni sem mótar þetta fallega svæði í hjarta Reykjavíkur. Í Mörkinni erum við svo að byggja 900 fermetra húsnæði fyrir Hjalpræðisherinn sem er vel á veg komið og síðast en ekki síst erum við að reisa dælustöð á Selfossi fyrir Selfoss Veitur.“





Eftirspurnin eftir flotefnum Steypustöðvarinnar hefur aukist mikið undanfarin ár. Flotvörunnar koma frá Mapei sem er stór framleiðandi múrefna á heimsvísu og öll framleiðsla er undir ströngu gæðaeftirliti. MYND/ANTON BRINK

# Vistvænar lausnir sem endast hjá Steypustöðinni

Steypustöðin leggur áherslu á að bjóða umhverfisvænar lausnir enda gerir samfélagið kröfur til þess. Mikill sparnaður á efni og úrgangi verður þegar notaðir eru flotbílur og LEMGA milliveggir eru framleiddir á vistvænan hátt.

Viðar Hreinn Olgeirsson, sölustjóri hjá Steypustöðinni, segir að fyrirtækið hafi nokkra sérstöðu þegar kemur að umhverfisvænum flotlausnum. „Við erum með sérsmíðaðan flotvagn sem býður upp á mun fleiri flotlausnir en áður þekktust, bæði hvað varðar tímasparnað, þrifnað og vinnuástöðu fyrir múrara. Vagnarnir koma á staðinn með efni og hræra það í rauntíma þar sem eingöngu er borgað fyrir það efni sem notað er, hvort sem það er í þunnfloti eða Anhýdrít gólfílagnaefninu,“ segir hann. „Einnig léttir það á vinnu fyrir múrara að þurfa ekki að farga pokum undan floti eða koma með mikið af tækjum og tólum á staðinn. Eftirspurnin eftir flotefnum Steypustöðvarinnar hefur aukist mikið undanfarin ár. Flotvörunnar koma frá Mapei sem er stór framleiðandi múrefna á heimsvísu og öll framleiðsla undir ströngu gæðaeftirliti.“

## Eitt það besta á markaðnum

Anhýdrít gólfílagnaefni er notað í staðinn fyrir sementsbundnar gólfílagna og verður þá mun minni rýrnun. „Við höfum unnið mikið að því að þróa anhýdrít gólfílagnaefnið okkar á undanförunum árum. Við getum sagt með stolti að anhýdrít efnið er eitt það besta á markaðinum í dag. Við notum innflutt fylliefni sem gefa þrýstistyrk yfir 30 MPa og beygjuþogþol yfir 4 MPa. Nýja uppskriftin inniheldur tæplega 50 l/m<sup>3</sup> minna vatn og það flýtt fyrir úþornun. Framleiðslan á efninu er tölvu-stýrð í sér vagni á staðnum en með því er næstum engu efni hent,“ segir Viðar og bendir á annað efni



Viðar Hreinn Olgeirsson segir að Steypustöðin hafi sérstöðu á markaðnum.



Sérsmíðaður flotvagn frá Steypustöðinni sem býður upp á margar flotlausnir.

sem nefnist Conplan ECO og er sementsbundinn, sjálfútleggjandi flotmúr til gólfílagna. „Conplan ECO hentar undir flest yfirborðs-efni og má leggja í þykkt frá 3-25 mm. Þessi flotmúr hentar mjög vel til notkunar á íbúðar-, skóla- og iðnaðarhúsnæði auk sjúkrahúsa. Þá erum við einnig með Uniplan ECO Lc sem er trefjastyrkt, sementsbundið flotefni til afréttinga á steypum gólfum eða trégólfum

með videigandi stífni. Efnið hefur góða floteiginleika og má leggja í þykktum allt að 80 mm í hverri lögn. Notkunarviðið er fyrst og fremst gólf í íbúðarhúsnæði, skrifstofum, stofnunum og léttum iðnaði. Einnig má nota efnið yfir gólfhitalagnir eða rafhitamottur,“ útskýrir Viðar Hreinn.

**LEMGA er algjör bylting** Steypustöðin býður sömuleiðis



Notkunarviðið á flotefnunum frá Steypustöðinni er fyrst og fremst gólf í íbúðarhúsnæði, skrifstofum, stofnunum og léttum iðnaði. MYND/ANTON BRINK



Veggir úr LEMGA frauðsteypu endast tvisvar til þrisvar sinnum lengur en milli-veggir úr gífsi. Mygla þrífst ekki í LEMGA. Hér má sjá eina útfærslu á vegg.

LEMGA milliveggjasteina sem eru alger bylting hér á landi við gerð milliveggja. Tveir þriðju af orkunni sem þarf til að búa til LEMGA frauðsteypu eru framleiddir í vindorku- og ljósspennuverum fyrirtækisins og aðferðin er því mjög umhverfisvæn.

„Raki er algengasta ástæðan fyrir skemmdum á byggingum og óheilsusamlegu andrúmslofti inni í þeim. Við þurfum að gera greinarmun á raka utandyra, svo sem rigningu, snjó, vatnsleka og þess háttar raka sem myndast inni í byggingunni, þéttivatni. Það myndast af völdum of mikils raka í rýminu (meira en 65%), lélegar loftræstingar, kuldabrua í byggingunni eða raka sem þéttist á kaldavatsnrörum. Niðurstaðan er óþægilegt „kjallaralof“ með dragsúgi, kulda, rökum veggjum og mygluvexti. Góð kynding og loftræsting hjálpar, en til að fá þægilegt og heilbriggt andrúmsloft þurfa innveggirnir að vera byggðir úr réttu efni,“ upplýsir Viðar Hreinn.

LEMGA frauðsteypa frá Schlamann er einkar hentug leið til að koma í veg fyrir myglu inni í byggingunni. „Hún er mjög hitaein-

angrandi, gegnheil og með framúrskarandi brunavernd. Aðrir kostir eru meðal annars gott burðarþol, hljóðeinangrun og rakavernd. Frauðsteypa er bæði hagkvæm og umhverfisvæn og að öllu leyti gerð úr steinefnum en er engu að síður auðveld að vinna með og hefur framúrskarandi endingu. Veggir úr LEMGA frauðsteypu endast tvisvar til þrisvar sinnum lengur en milli-veggir úr gífsi,“ greinir hann frá.

## Engin mygla

„Útveggir úr steypu og innveggir úr gífsi er samsetning sem er viðkvæm fyrir raka og myglumyndun. Steypa hleypir litlum raka í gegnum sig og þornar hægt, gífsið hefur litid viðnám gegn vatni og raka. Kjöráðstæður geta því myndast fyrir myglumyndun innan á þilplötunum ef raki kemst þar að. Samsetning á steypu og frauðsteypu hentar mun betur. Vegna einsleitrar uppbyggingar efnisins veitir LEMGA frauðsteypa fullkomna hitadreifingu sem nær alveg út að endum veggjarins, sem kemur í veg fyrir að raki geti myndast. Mygla getur því ekki lifað í veggjum úr LEMGA frauðsteypu.“



# Ríkir mismunandi skilningur

Félagið Yngri ráðgjafar skipuleggur viðburð í næsta mánuði. Þar verður fjallað um kostnaðaráætlanir verkefna í tengslum við útboð en þær hafa verið mikið í umræðunni undanfarið ár.

Starri Freyr  
Jónsson

starri@frettabladid.is



Yngri ráðgjafar (YR) skipuleggja um þessar mundir viðburð sem haldinn verður í Húsi atvinnulífsins um miðjan mars næstkomandi. Þar verður fjallað um kostnaðaráætlanir verkefna í tengslum við útboð sem ráðgjafar vinna við og er markmiðið að fá aðila frá ráðgjafarfyrirtækjunum sem hafa reynslu af gerð og meðhöndlun kostnaðaráætlana til að koma og ræða málin, segir Arnar Kári Hallgrímsson, formaður YR og byggingarverkfræðingur hjá verkfræðistofunni EFLU. „Kostnaðaráætlanir framkvæmdaverkefna hafa oft verið til umræðu

í samfélaginu en við höfum orðið sérstaklega vör við þá umræðu síðastliðið ár. Kostnaður er sá hluti verkefna sem flestir geta haft skoðun á og því er mikilvægt að standa vel að gerð kostnaðaráætlana og að þær séu um leið unnar og túlkaðar á ábyrgan hátt.“

## Gagnrýnin umræða

Hann segir umræðuna í samfélaginu síðastliðið ár hafa verið mikla og einkennst af töluverðri gagnrýni. „Það ríkir mismunandi skilningur aðila á hvað kostnaðaráætlun er, hvað mismunandi þættir hennar þýða og hvernig á að túlka hana og forsendur hennar. Það er þess vegna sem við stöndum að þessum viðburði og tökum þetta málefni fyrir, því það rímar

„Það ríkir mismunandi skilningur aðila á hvað kostnaðaráætlun er, hvað mismunandi þættir hennar þýða.“

vel við hlutverk félagsins að huga að framtíð ráðgjafarmarkaðarins. Meðal þeirra spurninga sem varpað verður fram á viðburðinum eru: Hvað er kostnaðaráætlun? Hvaða ábyrgð fylgir því að gera kostnaðaráætlun? Hvernig eru kostnaðaráætlanir túlkaðar? Og Hvað getum við gert betur?“ YR er deild innan Félags ráð-



„Kostnaður er sá hluti verkefna sem flestir geta haft skoðun á og því er mikilvægt að standa vel að gerð kostnaðaráætlana,“ segir Arnar Kári Hallgrímsson, formaður YR og byggingarverkfræðingur. MYND/STEFÁN

gjafarverkfræðinga (FRV) sem er sameiginlegt félag verkfræðistofa á Íslandi og er aðili að Samtökum iðnaðarins. YR er sá hópur innan aðildarfyrirtækja FRV sem er 40 ára og yngri. Helsta hlutverk hópsins er gefa yngri ráðgjöfum tækifæri til að hafa áhrif á þróun framtíðar ráðgjafarmarkaðarins í íslensku og alþjóðlegu umhverfi og um leið hafa áhrif á starfsumhverfi sitt.

## Ýmislegt á döfinni

Viðburðurinn um kostnaðaráætlanir verður eitt af helstu verkefnum í ár en ýmislegt annað er á döfinni, segir Arnar. „Einnig

stefnum við á að skipuleggja heimsóknir á framkvæmdastaði og til ýmissa fyrirtækja. Hluti af starfi YR er að vinna með systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og erum við í samstarfi við þau að búa til heimaverkefni fyrir nemendur á framhaldsskólastigi sem tengjast raunverulegum verkefnum ráðgjafarfyrirtækjanna. Félag ráðgjafarverkfræðinga mun hýsa ráðstefnuna Rinord í ár sem er ráðstefna fyrir öll félög ráðgjafarverkfræðinga á Norðurlöndunum, þar sem þau hittast og ræða helstu áskoranirnar á ráðgjafarmarkaðnum. Yngri ráðgjafar munu einnig taka þátt í þeirri ráðstefnu.“



limtrevirnet.is

## Öflugar lőnaðarhurðir sem endast og endast

-áreiðanlegar, liprar og sterkar frá Lindab

Gæðahurðirnar frá Lindab hafa sannað yfirburði sína með áratugaendingu við íslenskar aðstæður. Þær fást með og án mótors og henta m.a. vel fyrir blautrými þar sem ryðfrír fylgihlutir tryggja betri endingu. Allar Lindab-hurðir eru útbúnar klemmivörn og þeim öryggisbúnaði sem reglur segja til um.



Fagmenn frá Límtré Vírnet sjá um uppsetningu á hurðum og öllum viðbótarbúnaði sé þess óskað.

Kynntu þér Lindab á limtrevirnet.is eða hjá söludeild í síma 412-5350.

Límtré Vírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík  
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Netfang - sala@limtrevirnet.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR  
ALHLIÐA MÚRVERK  
ÞAKVIÐGERÐIR  
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070

Finndu okkur á Facebook



# Tæknibylting í byggingariðnaði

Verkís hefur innleitt BIM aðferðafræðina til að auka gæði og hagkvæmni hönnunar. BIM eru því upplýsingalíkon sem leiða til færri vandamála í hönnun, framkvæmd og rekstri bygginga.

**B**IM aðferðafræðin er mikilvæg í nútímahönnun og er notuð í auknum mæli um allan heim,“ segir Davíð Friðgeirsson, BIM ráðgjafi hjá Verkís, en verkfræðistofan stefnir að því að vera leiðandi ráðgjafarfyrtæki í BIM á Íslandi.


BIM (e. Building information modeling) er rafræn frumgerð af byggingum. Búið er til þrívítt líkan úr þeim byggingarhlutum sem byggingin samanstendur af auk upplýsinga um þá. Á líkaninu er síðan hægt að framkvæma ýmsar greiningar sem leiða til færri vandamála í framkvæmd og rekstri. „Líkonin hjálpa okkur að taka betri ákvarðanir á hönnunartíma og það mun hafa áhrif á allan rekstrartíma mannvirkisins,“ lýsir Davíð og bætir við að líkonin styðji til dæmis mjög vel við umhverfsvænni byggingar.

## 20 prósentu hagræðing

Talið er að notkun BIM geti leitt til allt að 20 prósentu hagræðingar í framkvæmd og rekstri en aðferðin hefur þegar sannað sig. „ESB hvetur til að mynda aðildarlönd sín til að setja lögbundna kröfu um BIM í opinberum verkefnum, og hefur það nú þegar verið gert í Finnlandi, Noregi, Danmörku og Bretlandi.“

Með BIM aðferðafræðinni minnkar áhætta á framkvæmdatíma, færri vandamál koma upp á verkstað, tafir verða minni, aukaverkum fækkar og magnataka og kostnaðaráætlanir verða nákvæmari.

BIM vinnsla er sérsníðin að hverju verkefni eftir þörfum þess og



## BIM gefur tækifæri til að:

- auka gæði hönnunar
- hagræða í verklegum framkvæmdum
- byggja umhverfsvænni mannvirki
- hagræða á rekstrartíma mannvirkis

verkkaupa, skilgreindar eru 25 BIM aðgerðir en ekkert verkefni styðst við þær allar. „Verkís leggur áherslu á að velja þær aðgerðir sem styðja við þarfir viðkomandi verkefnis og verkkaupa.“

## Sjónrænar tímaáætlanir

Með því að tengja saman hefðbundnar tímaáætlanir fyrir framkvæmd við þrívíð hönnunarlíkon er hægt að koma í veg fyrir ýms vandamál. „Með því að herma



Davíð Friðgeirsson, BIM ráðgjafi hjá verkfræðistofunni Verkís.

framkvæmdina í tölvu áður en framkvæmdir hefjast er hægt að koma í veg fyrir mistök sem oft eru gerð á verkstað. Þessi aðgerð hefur skilað svo góðum árangri að margir af stærstu verktökum í Skandinavíu eru sjálfir farnir að láta teikna upp verkefni í þrívíð ef þeim eru ekki útveguð slík gögn,“ lýsir Davíð. Verkís er nýlega farið að bjóða upp á gerð slíkra áætlana.

## Þrívíð laserskönnun

Verkís notast við þrívíddarskönnun til að tengja hönnunina við raunverulegar aðstæður. „Hægt er að skanna inn stök rými, heilar byggingar eða landsvæði með mikilli nákvæmni. Þannig er tryggt að hönnunin taki fullt tillit til núverandi aðstæðna. Hönnuðir þurfa þá ekki að fara í vettvangsferðir sem geta í sumum tilfellum verið hættulegar,“ segir Davíð og

áréttar að skönnun sé nákvæmari, fljótlegri og hættuminni aðferð.

## Gengið um í sýndarveruleika

Oft getur verið erfitt fyrir fólk að ímynda sér hvernig verki muni vinda fram. Þá kemur sýndarveruleiki sterkur inn. „Hönnuðir, verkkaupar og aðrir hagsmunaaðilar geta gengið um væntanleg mannvirki í sýndarveruleika á hönnunartíma. Það hjálpar öllum að öðlast betri skilning á væntanlegu mannvirki og hafa áhrif á það á hönnunartíma þegar allar breytingar eru mun ódýrari en þegar komið er út í framkvæmd og rekstur,“ lýsir Davíð.

Hann segir Verkís ávallt fylgja nýjustu straumum í tækninni. „Í framtíðinni verða verktakar og hönnuðir með spjaldtölvur og líkon í stað teikninga á verkstað og Verkís er að stíga fyrstu skrefin í þá átt.“



## NÚTÍMALEG FRAMSETNING HÖNNUNAR

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 300 starfsmenn vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis. Sýndarveruleiki hefur aukið gæði hönnunar hjá Verkís og skapað tækifæri til hagræðingar í framkvæmd og rekstri.

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is) | [verkis@verkis.is](mailto:verkis@verkis.is)





# Örar tæknibreytingar kalla á aukna símenntun

Með aukinni tækni þarf að mennta iðnaðarmenn í byggingariðnaði og sér IDAN fræðslusetur um námskeiðahald. Þar kennir ýmissa grasa en Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs IDUNNAR, segir að aðsókn á námskeiðin hafi aukist þrátt fyrir að meira sé að gera í byggingariðnaðinum.

Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs IDUNNAR, er byggingatæknifræðingur og húsasmiður að mennt með langa reynslu úr byggingariðnaði. „Til að fylgja þessari tækniþróun sem er að gerast er nauðsynlegt að mennta sig. Núna erum við með eitt námskeið í samvinnu við Mannvirkjastofnun sem kallast Byggingargátt því það er verið að setja öll samskipti við byggingaryfirvöld á rafrænt form. Þetta námskeið hefur verið mjög vel sótt að undanförunu. Þetta er eitthvað sem er alveg nýtt.

Þetta er í raun smáforrit sem er í símanum og stutt af heimasíðu en fyrst og fremst er verið að taka smáforritið í notkun. Þetta er gert fyrir úttektir og samskipti verktafa við byggingaryfirvöld,“ segir hann en á annað hundrað manns hafa setið þessi námskeið eftir áramót.

IDAN fræðslusetur býður upp á símenntun í iðnaði ásamt annarri þjónustu eins og náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati, umsjón með námssamningum og sveinsprófum, erlendum samstarfsverkefnum o.fl. Starfsmenn eru 24 um

þessar mundir. Hlutverk IDUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði.

## Framtíðin er í fjarnámi

IDAN hefur unnið að því að undanförunu að bjóða upp á stöðugt fleiri námskeið í fjarnámi. Starfssvæði IDUNNAR er landið allt og hefur landsbyggðin mjög kallað eftir því að námskeið verði í boði í fjarnámi. „Það eru nokkur verkefni í gangi. Við þetta fjarnám sem við höfum verið að streyma hafa aðilar getað verið hvar sem er og fylgst með í rauntíma en síðan erum við að setja inn og vinna í rafrænum námskeiðum sem verða eingöngu á netinu.

Bygginga- og mannvirkjasvið IDUNNAR hefur staðið fyrir um 120 námskeiðum á ári með um 1.300 þátttakendum. Lætur nærri að það séu um 30% af starfandi iðnaðarmönnum í bygginga- og mannvirkjagerð. Flestir þátttakendur eru iðnaðarmenn og iðnmeistarar sem starfa í byggingariðnaði við húsasmiði, pípulagnir, málun, múrverk, dúklagnir og húsgagnasmiði.

Við erum reyndar að ná alveg

ótrúlega mörgum inn á námskeið og aðsóknin er mjög góð. Þrátt fyrir að það sé meira að gera í byggingariðnaði þá hefur aðsóknin ekki verið að minnka. Við höfum verið með nokkur námskeið sem eru í tengslum við myglu til dæmis og byrjuðum á því árið 2011 sem byggingariðnaðurinn hefur verið að sækja í enda mikil vitundarvakning í því,“ segir Ólafur.

## Nýjar tölvur

IDAN fræðslusetur er viðurkenndur fræðsluadili fyrir AutoDesk hönnunarforrit eins og AutoCad, Revit o.fl. Byggingamenn hafa í auknum mæli sótt þau enda eiga þeir fullt erindi á þau. IDAN fjárfesti nýlega í öflugum tölvum og stærri skjáum sem notuð eru við kennsluna. Aðsetur IDUNNAR er í 2.000 m<sup>2</sup> húsnæði í Vatnagörðum 20 í Reykjavík. Þar eru skrifstofur og aðstaða fyrir bóklegt og verklegt námskeiðahald.

„Við eigum að sjá iðnaðinum fyrir þekkingu á nýjungum sem eru að koma fram. Við erum alltaf að leita eftir nýjungum sem eru að gerast,“ bætir hann við.



Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri bygginga- og mannvirkjasviðs IDUNNAR fræðsluseturs. Aðsókn á námskeiðin hafi aukist þrátt fyrir að meira sé að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fjórða iðnbyltingin

Byggingariðnaðurinn hefur ekki farið varhluta af fjórðu iðnbyltingunni frekar en aðrar greinar iðnaðar. Tækni við hönnun og undirbúning framkvæmda eins og til dæmis BIM hefur verið að ryðja sér til rúms. Mælingar eru gerðar með stöðugt fullkomnari tækjum og notkun dróna í byggingariðnaði hefur aukist. Einnig hefur notkun ýmissa nettengdra tækja aukist í byggingum. Til að bregðast við þessum breytingum hefur IDAN verið að þróa námskeið og hefur staðið fyrir röð funda um fjórðu iðnbyltinguna. „BIM virkar þannig að þú færð

Í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar er fylgst með nýjungum og ávallt hægt að finna eitthvað nýtt og spennandi. Finnur bendir til dæmis á hleðslusteina frá BAUROC og YTONG. „Þessi vörumerki fyrir hleðslusteina hafa verið að ryðja sér til rúms á íslenska markaðnum. Þessir tveir framleiðendur eru leiðandi í þróun vörunnar á heimsmarkaði. Hér á landi hafa þessir

steinar nánast eingöngu verið notaðir í inniveggi, og koma í stað gipsmilliveggja.“

Önnur nýjung eru pípu-lagningar af merkinu Pestan. „Pestan er nýr gæðaframleiðandi hjá okkur á plaströrum og fittings fyrir pípu-lagnir. Húsasmiðjan býður upp á heildarlausnir fyrir þessi plastefni frá Pestan sem hefur verið vel tekið af okkar viðskiptavinum,“ segir Finnur.

## Hitachi verður Hikoki

Hitachi er vörumerki sem allt fagfólk þekkir og Húsasmiðjan hefur lengi boðið upp á það. Nýverið varð breyting á nafninu fyrir rafmagnsverkfæri frá framleiðandanum og er nýja nafnið Hikoki. „Við erum því komin með mjög flottar línur í Hikoki vörumerkinu,“ segir Sigurður.

Hann vill að lokum benda viðskiptavinum á plötusögina sem Húsasmiðjan hefur yfir að ráða. „Í timbursöluinni í Kjarlövogi erum við með eina fullkomnustu plötusög landsins. Hún er tölvustýrð og sagar allar breiddir og lengdir af plötum og gefur fullkomna sögun. Sögin er afkastamikil og við bjóðum upp á hraða og góða þjónustu.“





Gámaþjónustan býður upp á alhliða þjónustu við söfnun á úrgangi hjá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum.

# Bætt umhverfi - betri framtíð

Gámaþjónustan hefur frá upphafi verið leiðandi í alhliða umhverfisþjónustu og lagt áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina.

Við bjóðum þrjár mismunandi lausnir fyrir byggingarmerktu; í gegnum Efnamóttökuna, Gámaþjónustuna og Hafnarbakka,“ segir Gunnar Friðriksson, deildarstjóri viðskiptasviðs hjá Gámaþjónustunni. „Efnamóttakan er sérhæft fyrirtæki í móttöku spilliefna. Hún er í samstarfi við viðurkennda eyðingaradila, bæði hér heima og ytra. Við ábyrgjumst að öll meðferð spilliefna uppfylli þau ströngu skilyrði sem um starfsemina gilda,“ segir Gunnar.

Dæmi um spilliefni á byggingarstað eru málningarafgangar, mótaolía og leysiefni, úðabrusar, rafhlöður, rafgeymar og fleira. „Við minnum á að byggingaradilar geta skilað til okkar úrgangi að Berghelli 1. Efnamóttakan og Gámaþjónustan eiga í samstarfi um söfnun og meðhöndlun spilliefna og hafa til þess öll tilskilin starfsleyfi,“ upplýsir Gunnar en hægt er að spara umtalsverð förgunargjöld sé spilliefnum haldið sér.

Efnamóttakan er á Berghelli 1 í Hafnarfirði. Opnunartími er virka daga frá klukkan 7.30 til 16.15. Sími 559 2200. Netfang [soludeild@efnamottakan.is](mailto:soludeild@efnamottakan.is). Nánari upplýsingar um spilliefni á heimasíðunni [efnamottakan.is](http://efnamottakan.is).

## Fjölbreyttir geymslugámar

Hafnarbakki býður úrval geymslugáma fyrir vinnusvæði.

„Við leigjum út ýmsar stærðir af geymslugámum og bjóðum einnig afnot af geymslusvæði okkar við Hringhelli 6 í Hafnarfirði. Við eigum líka litla gáma sem nýtast til dæmis fyrir rafstöðvar eða



Gunnar Friðriksson er deildarstjóri viðskiptasviðs hjá Gámaþjónustunni. MYND/ANTON BRINK

sem reidhjólageymslur,“ upplýsir Gunnar um fjölmargar lausnir Hafnarbakka.

„Við leigjum út snyrtileg salerni sem setja má hvar sem er með litilli fyrirhöfn. Þau eru einföld í uppsetningu og auðveld í notkun. Salernin eru losuð reglulega og þurfa því hvorki aðrennslis- né frárennslislagnir,“ útskýrir Gunnar.

Stór hluti í starfsemi Hafnarbakka er leiga á smáhýsum til margvíslegra nota. „Þau má meðal annars nota sem kaffistofur, starfsmannaaðstöðu, skrifstofur, fundaraðstöðu, svefnskála og fleira. Við eigum fyrirliggjandi smáhýsi í nokkrum stærðum og ýmsar sérlausnir eru fyrir hendi, en uppsetning og varahluta- og viðhaldsþjónusta er í höndum sérhæfðs starfsfólks fyrirtækisins,“ segir Gunnar.

Meðal geymslu-, úrgangs- eða flokkunargáma sem fyrirtækið býður upp á eru lokaðir og læsanlegir krókgámar í stærðum 9m<sup>3</sup> til 25m<sup>3</sup>, opnir krókgámar í stærðunum 7m<sup>3</sup>-30m<sup>3</sup>, pressugámar í mörgum stærðum og gerðum, læsanlegir framhlaðningsgámar

í stærðunum 1,7m<sup>3</sup>-8m<sup>3</sup>, plastkór og plastlát á fjórum hjólum með loki frá 500 upp í 1.000 lítra, tunnur og plastlát á tveimur hjólum með loki, algengar stærðir 120, 140 og 240 lítrar, og svo gámar og ílát af ýmsum stærðum.

## Hvetjandi gæðavottanir

Gámaþjónustan var stofnuð 1983. Hlaut fyrirtækið ISO 14001-vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu í mars 2013 og í júní 2018 hlaut það ISO 9001-gæðavottun.

„Vottanir þessar eru ánægjuleg staðfesting þess að fyrirtækinu hefur tekist að fylgja eftir umhverfis- og gæðamarkmiðum sínum sem koma vel fram í slagorði þess: „Bætt umhverfi - Betri framtíð“. Jafnframt eru þær hvatning til frekari dáða,“ segir Gunnar.

Gámaþjónustan býður upp á alhliða þjónustu við söfnun á úrgangi, bæði hjá einstaklingum og lögaðilum.

„Sérfræðingar okkar veita aðstoð við úttekt og greiningu



Opnir krókgámar henta vel í hvers kyns byggingariðnaði og fást í stærðum 7m<sup>3</sup> til 30m<sup>3</sup>.



Gámaþjónustan býður upp á lokaða og læsanlega krókgáma í stærðunum 9m<sup>3</sup> til 25m<sup>3</sup>.





Gámaþjónustan leigir út snyrtileg salerni sem setja má hvar sem er með litilli fyrirhöfn.



Auðvelt er að setja saman glæsilegar höfuðstöðvar eða skrifstofubyggingu úr smáhýsunum.



Hafnarbakki leigir út smáhýsi til margvíslegra nota og sem henta einstaklega vel á vinnusvæðum.



Gámaþjónustan leigir út geymslu-, úrgangs- og flokkunargáma fyrir byggingariðnaðinn.

úrgangsmála hjá fyrirtækjum og aðilum í byggingariðnaði. Kynntar eru nýjungar í meðferð úrgangs með áherslu á flokkun og endurvinnslu," upplýsir Gunnar.

„Fyrirtæki í þessari starfsgrein þurfa stöðugt að laga sig að aðstæðum og breyttum kröfum til að svara kalli tímans og það hefur Gámaþjónustan gert með því að fylgjast með framvindu tækni á öllum sviðum starfseminnar og nýtt hana til forystu í greininni," segir Gunnar.

Til að annast krefjandi verkefni á ábyrgan hátt rekur Gámaþjónustan móttöku- og flokkunarstöð, ásamt endurvinnslustöð á níu hektara lóð og í 4.000 fermetra húsakosti við Berghellu 1 í Hafnarfirði.

„Gámaþjónustan hefur frá upphafi verið í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Vinnsluferlið í Berghellu miðar að því að hámarka hlut þeirra efna sem fara í endurvinnslu og að halda urðun í lágmarki," upplýsir Gunnar.

Dótturfélög Gámaþjónustunnar eru nokkur innanlands, sum í alhliða umhverfisþjónustu á landsbyggðinni, eitt í gáma- og smáhýsaleigu ásamt sölu á ýmsum umhverfistengdum vörum og annað í móttöku og meðhöndlun spilliefna, raf- og rafeindatækja.

Á heimasíðunni gamar.is er hægt að nálgast upplýsingar um ílát og þjónustu sem Gámaþjónustan og Efnamóttakan bjóða upp á sem og fjölbreyttar vörur í vefverslun.



Spilliefnakar fyrir söttmengaðan úrgang.



Vinnuflokkar þurfa oft tímabundna aðstöðu, svo sem skrifstofur, kaffistofur, geymslur og fleira.



Smáhýsi sem þetta er tilvalið að nota á tjaldsvæðum og ferðamannastöðum til að mæta þörf ferðamanna fyrir salerni og þvottaaðstöðu.

Gámaþjónustan er staðsett í Berghellu 1 í Hafnarfirði. Sími 535 2500. Netfang gamar@gamar.is. Nánari upplýsingar á gamar.is og á Facebook.





Sölustjórnir Kjartan Long og Þorsteinn Lárusson, á verkstað á RÚV-reitnum þar sem BYKO er með ýmislegt á staðnum og koma heildarlausnir fyrir tækisins sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allir fá góða þjónustu í BYKO

Það er hægt að fá nánast allt til bygginga og byggingaframkvæmda í BYKO. Hjá BYKO skipta allir viðskiptavinir jafn miklu máli, hvort sem þeir eru að kaupa nokkrar skrúfur eða að byggja stór hús með öllu tilheyrandi. Það eru allir velkomnir og allir fá sömu góðu þjónustuna.

Við reynum að leysa öll þau verkefni sem koma inn á okkar borð. Vandamál eru ekki vandamál, þau eru verkefni,“ segir Þorsteinn Lárusson, sölustjóri hjá BYKO, en fyrirtækið býður upp á ótrúlega fjölbreytt vöruúrval, allt frá smæstu einingum og upp í stærstu hluti. Fyrirtækið býður upp á vörunerki sem hafa fylgt Íslendingum um áraradír og flestir þekkja. BYKO var efst í Íslensku ánægjuvöginni á byggingavörumarkaði annað árið í röð enda segja þeir félagar Þorsteinn og Stefán Ingi Valsson, sölustjóri grófvöru, að það sem komi inn á borð til BYKO sé leyst.

„Það kemur fyrir að við eigum ekki vöruna sem til þarf en þá vitum við hvar hún fæst og upplýsum viðskiptavininn um það,“ segir Stefán. Hann bætir við að það sem endurspeglir ánægða viðskiptavini séu ánægðir starfsmenn og langur starfsaldur innan fyrirtækisins, en sjálfur byrjaði hann hjá BYKO þegar hann var 17 ára. „Menn hafa gaman af því sem þeir eru að gera og það smitar út frá sér til viðskiptavina. Ég held að Ánægjuvogin sé góður mælikvarði á það.“

BYKO hefur fjölbreytt vöruúrval, svo fjölbreytt að það yrði nánast ógjörningur að telja allt upp. Glugga, hurðir, stálgrindarhús, glerveggjakerfi, lagnaefni, gólfefni og meira að segja brú, því þegar ekið er yfir Mjóafjörð, þá er ekið



Í Lagnaverslun BYKO er sérafgreiðsla fyrir fagaðila en einnig frábær þjónusta við einstaklinga.


yfir brú frá BYKO. „Vöruúrvalið okkar er samt breiðara en við erum með hér í Breiddinni. Við finnum ýmislegt fyrir okkar viðskiptavini og sérpöntum fyrir þá. Þetta er í raun endalaus upptalning og kannski auðveldast að segja að við séum með allt nema steypu,“ segir Þorsteinn.

„Við erum líka sterkir í heildarlausnum. Frá því að viðkomandi fær hugmynd og þangað til hún verður að veruleika þá þarf varla að leita annað en til okkar. Við erum mjög öflugir í heildarlausnum,“ segir Stefán og Ólafur Magnússon,

**“Menn hafa gaman af því sem þeir eru að gera og það smitar út frá sér til viðskiptavina. Ég held að Ánægjuvogin sé góður mælikvarði á það.”**

Stefán Ingi Valsson

Ólafsson, sölustjóri Lagnaverslunar, bætir við: „Ef einhver fær hugmynd sem hann langar að koma



Í Timburverslun BYKO færðu skjóta afgreiðslu á timbri, plötum, múrefni, festingum og öllu sem þarf til að byggja og bæta.

í framkvæmd er gott að koma til okkar. Við fáum fyrirspurnir um allt frá því að kæla tölvuna, smíða pall, reisa hús og allt þar á milli og getum aðstoðað og leyst það nánast undantekningarlaust. Ýmist beint út af lager eða með sérpöntunum. Með þessa reynslu sem hér er innanhúss þá vitum við hvað til þarf.“

Félagi hans í Lagnaversluninni, Árni Kvaran, segir að lykillinn að öllu því mikla starfi sem unnið er í Breiddinni sé góð þjónusta. „Það er ekki margt sem við getum ekki boðið. Lykillinn að okkar starfi

hefur alltaf verið þjónustan. Að eiga efni til, geta afgreitt hratt og örugglega og vera traustir.“

Þorsteinn bendir á að hvert sem verkefnið sé, hvort sem það er stórt eða smátt, sé tekið vel á móti hverjum einum og einasta viðskiptavini. „Það eru allir jafn mikilvægir og allir fá sömu góðu þjónustuna.“

BYKO hefur líka um langt skeið selt gott úrval vandaðra ofna frá Quinn, sem er ein fullkonnasta ofnaverksmiðja Evrópu, og Ofna-smiðju Sudurnesja, sem er deild innan BYKO.



# Sérstaðan í gluggum

Þegar kemur að gluggum og hurðum eru fáir sem standast BYKO snúning. Boðið er upp á mjög fjölbreytt úrval glugga og hurða.

**B**YKO hefur í 30 ár framleitt glugga og hurðir sem eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður í sinni eigin verksmiðju.

Sú mikla reynsla og þekking sem áunnist hefur í gegnum árin hefur skilað sér í mikilli vörubrúun í samstarfi við þá framleiðendur sem BYKO vinnur með, má þar nefna framleiðendur á álguggum, állklæddum timburgluggum, PVC gluggum og að auki timbur-



BYKO hefur í 30 ár framleitt glugga og hurðir sem eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður í sinni eigin verksmiðju.

gluggum í eldri hús þar sem reynt er að líkja eftir því útliti sem var í kringum aldamótin 1900.

Þessi vinna hefur skilað sér í að gluggarnir og hurðirnar sem BYKO selur uppfylla ýrtrustu gæðakröfur sem gerðar eru á markaðnum.

BYKO hefur útvegað glugga í fjölda verkefna síðastliðin 30 ár og engin verkefni eru of lítil eða of stór. „Vanti glugga í garðhýsi eða háhýsi eða eitthvað þarna á milli, þá erum við með lausnina,“ segir Kjartan Long, sölustjóri glugga og hurða.

# Útihurð fyrir einstakling til gluggakerfa á stórhýsi

Sérlausnadeild BYKO kemur að því að gera hugmynd á blaði að veruleika. Í sérlausnadeildinni er öflugt teymi sem vinnur að lausnum og gefur góð ráð við hönnun.

**V**íð fáum teikningar eða hugmyndir frá hönnuðum og verkefni okkar er að setjast niður og finna lausnir sem eru góðar og hagkvæmar fyrir viðskiptavininn. Að teikningin sem við erum með fyrir framan okkur verði að húsi með klæðningu, gluggum, pípuþögnun o.s.frv. Þetta geta verið sérframléiddar lausnir sem ekki eru til á lager. Það er ekki bara verið að selja vörur, við erum líka að finna lausnir,“ segir Þorsteinn Lárusson, sölustjóri tæknivöru.

„Þeir sem eru í framkvæmdum koma til okkar hvort sem það er verið að gera upp íbúð, smíða pall eða byggja hús. Það byggist upp traust viðskiptasamband og við erum í samskiptum við verktaka alla daga en svo koma líka inn einstaklingar sem eru að fara að byggja í fyrsta sinn,“ bætir hann við.

Það merkilega við BYKO er að þrátt fyrir ótrúlegt vöruúrval í verslunum er úrvalið í raun enn breiðara.



Fagmennska er eitt einkunnarorða BYKO og endurspeglast hún í reynslu og þekkingu sölumanna. Þú getur treyst þeirra ráðleggingum.

„Við finnum ýmislegt fyrir okkar viðskiptavinum og sérpöntum fyrir þá. Það er líka margt sem við erum að selja en ekki allir vita af. Klæðningar, stálgrindarhús, yleiningar, fjósainnréttingar, rammahús, álgugga, innveggjakerfi og CLT húsaeyningar. Í raun allt nema steypu en mikið af múrefnum þó. Þetta er í raun endalaus upptalning. Flest byggingarsvæði eru með eitthvað frá okkur.“

Stefán Ingi Valsson, sölustjóri grófvöru, segir að fyrirtækið sé mjög sterkt í heildarlausnum. „Allt frá upphafi og þangað til flutt er inn. Við erum að selja trausta og vottaða vöru sem hefur sannað sig fyrir gæði.“

Þorsteinn segir að BYKO hafi útvegað mikið af byggingarefni í fyrsta Svansvottaða húsið á Íslandi. Og það merkilega er að mikið af efninu sem samþykkt var af Svaninum til að nota í húsið var þegar lagervara hjá BYKO. „Umhverfismál eru að koma sterkt inn í byggingariðnaðinn. Það eru komnar kröfur á

umhverfissvöttun í byggingariðnaði sem eru að aukast í útboðsgögnunum og það er mikið verið að færa sig í umhverfissvænni efni enda þróunin hröð og oft að koma eitthvað nýtt. Nú eru t.d. að koma utanhúsklæðningar úr harðpressaðri steinull frá Rockpanel svo eitthvað sé nefnt.“

Hann segir að góð hugmynd á blaði liti vel út en sé oft erfið í framkvæmd enda sé ýmislegt sem skipti máli. „Það eru alltaf reglugerðir sem þarf að fylgja eftir og íslenskt veðurfar en við reynum að aðlagast þörfum hvers og eins. Þetta snýst um að finna bestu lausnina.“

Hann segir að BYKO geti boðið upp á heildarlausnir fyrir bændur meðal annars. „Það er til dæmis ný reglugerð um aðbúnað nautgripa og bændur eru að fara af stað að stækka og breyta. BYKO býður upp á stálgrindur, innréttingar og steinbitagólf í gripahús. Við höfum til dæmis selt eitt stykki fjós í Svarfadardal. Það eru lítil takmörk á því sem við getum boðið upp á,“ segir Þorsteinn.



Kostir þess að leigja tæki hjá Leigumarkaði BYKO eru nánast endalausir.

# Leigumarkaður BYKO

BYKO hefur um árabil lagt metnað sinn í að vera fyrsti kostur fyrir einstaklinga, verktaka, fyrirtæki og stofnanir þegar kemur að því að leigja áhöld og tæki.

**L**eigumarkaðurinn er með mikið úrval tækja til leigu í starfsstöð sinni í BYKO Breidd. Einnig eru aðrar BYKO-verslanir með tækjaleigu en þó eitthvað minna úrval. Úrval tækja tekur sífelldum breytingum og er alltaf verið að leita að nýjum tækjum til að bjóða upp á sem ekki hafa verið til áður. Hægt er að leigja tæki að lágmarki í hálfan dag en einnig er hægt að fá tilboð í langtímaleigu ef áhugi er fyrir því. Kostir þess að leigja geta verið margir og því frábær valmöguleiki fyrir einstaklinga og fyrirtæki að geta haft aðgang að tækjum í toppstandi þegar á þarf að halda.

Leigumarkaðurinn er einnig með afgreiðslu á Þórðarhöfða 4 þar

sem hægt er að leigja eða kaupa steypumót, vinnupalla, vinnustaðagirðingar og fleira. Vinnupallakerfið sem er til sölu og leigu er útbreiddasta vinnupallakerfi landsins. Steypumótin eru frá þýska framleiðandanum Hünnebeck sem verktakar þekkja fyrir gæði og áreiðanleika. Vinnustaðagirðingar eru til sölu og leigu og er ekki ólíklegt að flestir hafi einhvern tímann rekist á girðingu merka BYKO. Nú býður BYKO upp á sterkari gerð sem er mjög vinsæl meðal verktaka. Fleiri flokkar eru í boði, svo sem gámahús, undirsláttafæni, hjólapallar, masturslyftur og fleira. Hafid endilega samband eða kikið í kaffi fyrir nánari upplýsingar.



Í Lagnaverslun BYKO er tekið vel á móti fagmönnum og einstaklingum í framkvæmdum.

# Lagnaverslun BYKO

**M**eð metnaðarfullu starfsfólki og breiðu vöruúrvali er BYKO leiðandi á sviði pípu-lagna. Viðskiptavinir Lagnaverslunar eru fyrst og fremst píparar og fagaðilar sem tengjast pípuþögnun en allir aðrir eru velkomnir.

Lagnaverslun BYKO er til húsa í Breiddinni í Kópavogi. Þar er seld öll lagnavara eins og rör, fittings, dælur, rotþrær, hreinlætistæki, ofnar og hitastýribúnaður svo eitthvað sé nefnt. Sölumenn Lagnaverslunar leggja sig alla fram til þess að svara öllum spurningum sem upp koma varðandi lagnaefni.

„Það geta verið margar lausnir fyrir sama vandamálið,“ segir Ólafur

M. Ólafsson, sölustjóri Lagnaverslunar. Margir hafa hækkað í ofnunum núna í kuldakastinu sem hefur verið hér á landi. Lagnaverslun BYKO er með gott úrval af alls kyns stýringum fyrir gólfhitakerfi, hvort sem ræðir þægileg þröðlaus eða virtengd kerfi frá Danfoss eða Oventrop.

„Ef gólfhitakerfið er rétt uppsett þá virka þau kerfi mjög vel. Fólk sem setti ekki neinar stýringar fyrir einhverjum árum er að koma til okkar núna til að klára stýringarnar og finnur mikinn mun. Kerfið sparar vatn og það er miklu betri líðan í húsinu. Það verður betri nýting á vatni, sé þetta rétt upp sett,“ segir Ólafur.

# Mikilvægt að velja gæði í gólfíð

**G**ólfhitakerfi hafa notið sívaxandi vinsælda undanfarnin ár. Kerfin hafa ýmsa kosti í för með sér, til dæmis jafna hitadreifingu, svo ekki sé minnst á þægindin við að stíga á volgt gólfíð þegar farið er fram úr rúminu á köldum vetrarmorgni. Gólfhitakerfin frá BYKO hafa sannað sig í gegnum tíðina og kerfin virka einstaklega vel við íslenskar aðstæður.

Til eru margar útfærslur af gólfhitakerfum

og er mikilvægt að gera hlutina rétt og fagmannlega til að fá sem besta nýtingu út úr kerfinu. BYKO selur bæði Rehau og Silverline gólfhitakerfi, sem eru CE-vottuð þýsk hágæðavara, og eru einstaklega þægileg í lagningu.

Það er mikilvægt að velja gæði þegar leggja skal gólfhitakerfi enda er enginn hæðarleikur að skipta um rör þegar búið er að steypa þau ofan í gólfíð.



Í BYKO er lögð mikil áhersla á það að eiga sem mest af því sem viðskiptavinurinn þarf til að klára framkvæmdir á lager svo biðtími verði eins stuttur og mögulegt er.





## 128 milljarðar í verklegar framkvæmdir

Á útboðsþingi Samtaka iðnaðarins sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík á dögunum kynntu fulltrúar tíu opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir á árinu. Um er að ræða samtals 128 milljarða króna fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir. Það er 49 milljarða króna hærra upphæð en kynnt var á útboðsþingi síðasta árs þegar upphæðin nam 79 milljarðum króna. Á útboðsþingi 2017 voru kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir að upphæð 90,5 milljarðar króna og á útboðsþingi 2016 voru kynntar áformaðar framkvæmdir fyrir tæpa 100 milljarða króna sem var þá veruleg aukning frá árinu á undan.

### Fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir opinberra aðila 2019:

- Reykjavíkurborg – 20,0 milljarðar króna
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu – 16,4 milljarðar króna
- Veitur – 8,7 milljarðar króna
- Landsvirkjun – 4,4 milljarðar króna
- Landsnet – 9,2 milljarðar króna
- Orka náttúrunnar – 4,4 milljarðar króna
- Faxaflóahafnir – 2,7 milljarðar króna
- Isavia – 20,5 milljarðar króna
- Vegagerðin – 21,9 milljarðar króna
- Framkvæmdasýsla ríkisins – 19,7 milljarðar króna
- Samtals – 127,9 milljarðar króna

Frétt af vef [www.si.is](http://www.si.is)



## Hvað er mannvirki?

Hugtakið mannvirki er skilgreint í 51. tölul. 1.2.1. grein byggingareglugerðar á eftirfarandi hátt:

„Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tíma-bundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt reglugerð þessari.“

Heimild: mannvirkjastofnun.is

# Nýleg stórafmæli

Ýmis meistarafélög áttu stórafmæli á síðasta ári. Fyrst skal nefna Málara-meistarafélagið sem varð 90 ára í fyrra. Stofnfundur félagsins var haldinn í baðstofu iðnaðarmanna við Vonarstræti í Reykjavík, þann 26. febrúar árið 1928. Tilgangur félagsins var meðal annars sá að efla samvinnu meðal málara-meistara og stuðla að menningu og menntun stéttarinnar, gæta í hví-

vetna hagsmuna félagsmanna og vera málsvari félagsmanna gagnvart almenningi og hinu opinbera.

Félag dúklinga- og veggfóðrarameistara varð einnig 90 ára í fyrra en forveri þess, Veggfóðrara-félag Reykjavíkur, var einnig stofnað í baðstofu iðnaðarmanna í Reykjavík. Þangað komu 11 veggfóðrarameistarar til að ræða hagsmunamál sín og stofna til samtaka. Samtök iðnaðarins héldu upp á

25 ára afmæli sitt á síðasta ári en þau voru stofnuð árið 1993 þegar sameinuð voru sex helstu samtök iðnaðar. Um var að ræða Félag íslenskra iðnrekenda, Landsamband iðnaðarmanna, Félag íslenska prentiðnaðarins, Verktakasamband Íslands, Samband málm- og skipasmiðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna. Þau tóku síðan formlega til starfa um áramótin 1993 til 1994.



# ALVÖÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI

## SÍÐUSTU DAGAR!

**25-40% AFSLÁTTUR**

af allri málningu

Verðdæmi: Deka Projekt 10L, Gljástig 10. St.A

Verð nú **4.793** kr.

Verð áður **6.390** kr.

Lutool rafhlöðuborvél 24V Li-Ion

Verð nú **8.704**

Áður **10.880** kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Geymslubox og kassar. Margar stærðir.

Verð nú frá **218** kr.

**25% AFSLÁTTUR**

**20% AFSLÁTTUR**

af öllum Supacell LED perum

Verð frá **236** kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Sjónskóflur og sjónsköfur í miklu úrvali

Verð frá **1.584** kr.

Rafmagnshitablasarar 2kW. til 15kW

Verð nú frá kr. **5.592**

**20% AFSLÁTTUR**

Rafmagnshitablasari 2Kw Verð nú **1.592**

Áður **1.990** kr.

**40% AFSLÁTTUR**

**25% AFSLÁTTUR**

CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara

**29.168**

Áður kr. 38.890

**20% AFSLÁTTUR**

Delta vinnuföt - mikið úrval af flottum vönduðum fötum

Vatnsheld úlpa. Verð nú: **9.592** kr.

Áður **11.990** kr.

**50% AFSLÁTTUR**

Spandy 1200W Cyclone pokalaus heimilsryksuga

Verð nú: **4.395**

Áður **8.790** kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Lutool Combo Kit allt settið aðeins

**11.243**

Áður kr. 14.990

**25% AFSLÁTTUR**

Síoerma varmabólur. Verð nú: **3.992** kr.

Áður **4.990** kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Delta Mach2 vinnubuxur. Verð nú: **3.992** kr.

Áður **4.990** kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Egematur Aria

**3.996**

Verð áður 4.995

**20% AFSLÁTTUR**

Oliufylltur rafmagnssofn 2000W

Verð nú **5.943**

Áður **8.490** kr.

**30% AFSLÁTTUR**

Gua-543-1 vegghengdur vaskur, 1mm stál, einnig fánlegur í borð

**7.794**

Áður kr. 12.990

**40% AFSLÁTTUR**

Guoren-BO Hitastýrt sturtutæki með niðurstúti.

**9.743**

Verð áður 12.990

**25% AFSLÁTTUR**

Oulin Florens eldhústæki

Verð nú **7.729**

Áður **11.890** kr.

**35% AFSLÁTTUR**

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16  
 Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró  
 Betri leið til að versla

Afslættir gilda til 31/1/2019 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.

MÚRBÚÐIN  
 Gott verð fyrir alla, alltaf!



GRAL KYNNIR

# SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Við viljum ekki anarkí –  
manstu?“

–Elsa Bjarnadóttir Schött, ráðuneytisstjóri

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

2. febrúar kl. 20:00

9. febrúar kl. 20:00

15. febrúar kl. 20:00



TJARNARBÍÓ

Miðasala á [tix.is](http://tix.is)



## Bílar & Farartæki

### Hjólhýsi



#### HOBBY HJÓLHÝSI 2019 STÓRSPARNAÐUR!

Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorid beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

[kriben@simnet.is](mailto:kriben@simnet.is)  
s. 863 4449

### Hjólbarðar

**VAKA**

ALLIR UPP Á DEKK!  
HJÓLBARÐARÞJÓNUSTA OG GOTT ÚRVAL DEKKJA

Sími: 567 6700 | [vakahf.is](http://vakahf.is)

### Varahlutir

#### Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



#### Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400  
[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

### Viðgerðir

Almennar bilaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípuþjónustustjóri getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaráhúsið  
Þvegillinn  
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flisa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

#### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

#### SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Keypt & Selt

## Til sölu




Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

#### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar [jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

## Til bygginga



#### HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Vissir þú að... Barnaheill  
Öll börn eiga rétt á samvissum við báða foreldra sína!

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

#### TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

## Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Til sölu

Allt fyrir vöruhús og lager

**MECALUX**



**VERSLUNARTÆKNI**  
[www.verslun.is](http://www.verslun.is)

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)

## Tilkynningar



#### Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

#### Aukin framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn

Fjarðalax og Arctic Sea Farm hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar nýja frummatsskýrslu um 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Patreks- og Tálknafirði. Um er að ræða viðbót við fyrri frummatsskýrslu frá árinu 2015 vegna fjögurra úrskurda úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. september og 4. október 2018.

Ofangreind skýrsla um mat á umhverfisáhrifum liggur frammi til kynningar frá 4. febrúar til 19. mars 2019 á eftirtöldum stöðum: Bæjarskrifstofum Vesturbýggðar, bæjarskrifstofum Tálknafjarðarhrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Skýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skiplug.is](http://www.skiplug.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér skýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 19. mars 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skiplug@skiplug.is](mailto:skiplug@skiplug.is).

**Kynningarfundur:** Vakinn er athygli á að Fjarðalax og Arctic Sea Farm standa fyrir kynningarfundi á skýrslunni þann 12. febrúar 2019 kl: 17.00 í seiðaldisstöð Arctic Sea Farm í Norður Botni í Tálknafirði og eru allir velkomnir.

Þú finnur draumastarfið á

**Job.is**

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU





# Myndlist mikils metin



**Hjálmar Sveinsson**  
borgarfulltrúi

Ég skil vel að borgarbúar hafi orðið undrandi þegar þeir sáu niðurstöðu dómnefndar í samkeppninni um útilistaverk í Vogabyggð. Ég var það líka þegar ég sá tilöguna fyrst. Pálmatré í glerturnum á nýja torginu við Elliðaárna!

Undir lok síðasta kjörtímabils samþykkti borgarstjórn að haldin yrði alþjóðleg samkeppni um úti-

listaverk í nýrri Vogabyggð. Ólöf K. Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, sá um skipulagningu hennar í samvinnu við Samband íslenskra myndlistarmanna. Hún var jafnframt formaður forvalsnefndar í tveggja þrepa samkeppni. Um 160 listamenn höfðu áhuga á að taka þátt, forvalsnefndin valdi átta til að halda áfram. Síðasta sumar var skipuð dómnefnd. Í henni voru auk mín myndlistarmennirnir Ólöf Nordal, Ragnhildur Stefánsdóttir, Baldur Bragason og Signý Pálsdóttir sem vann lengi á menningarsviði borgarinnar. Dómnefndin leitaði álits hjá sérfræðingum um raunhæfni þess að rækta pálmatré í gróðurhúsi á þessum stað. Niðurstaðan var sú að það væri hægt. Sömu leiðis var spurt

um styrkleika glerturnanna. Svörin voru jákvæð. Það var talinn kostur að turnarnir væru sívalir í miklu vindálagi – sem er víst með minnsta móti á þessum skjólsæla stað við Elliðaárósa. Niðurstaða dómnefndar var einróma. Verkið Pálmatré var valið eins og alþjóð veit. Hinn þekkti norsk-þýski listamaður Karin Sander þekkir vel til hér á landi, hefur oft komið hingað.

## 6 milljarðar

Í fyrstu þremur áföngum af fimm í Vogahverfi verða byggðar um 1300 íbúðir. Tekjur borgarinnar í gegnum gatnagerðargjöld og byggingarréttargjöld verða um sex milljarðar. Þær verða notaðar til að fjármagna alla innviði þessarar nýju og spennandi

byggðar: götur, torg, gróður, lýsingu, skóla og leikskóla – og síðast en ekki síst listaverk sem lóðarhafar greiða jöfnum hluta á móti Reykjavíkurborg.

Að baki þessu fyrirkomulagi liggja tímamótasamningar sem borgin gerði 2014, muni ég rétt, við lóðarhafa. Borgin lýsti sig reiðubúna til að fara í deiliskipulagsgerð á þessu gamla léttinaðar- og skemmusvæði sem færði lóðarhöfum mjög verðmætar uppbyggingarheimildir, gegn því að lóðarhafar tækju þátt í að fjármagna götur, skóla, stiga, listaverk. Að auki var skrifað undir samninga um að Félagsbústaðir eigi forkaupsrétt á 5% íbúðanna og að 20% þeirra skuli vera leiguíbúðir, búseturéttaríbúðir eða stúdentaíbúðir. Ég held að

á engan sé hallað þótt því sé haldið fram að borgarstjórnin Dagur B. Eggertsson eigi talsvert mikinn heiður af þessu jafnaðarmannafyrirkomulagi.

Miðað var við að kostnaður við listaverk á svæðinu næmi 1% af heildarsummu uppbyggingarinnar. Útkoman úr reikningsdæminu hljóðaði upp á 150 milljónir. Lóðarhafar borga helming. Auðvitað eru þetta miklir peningar. En ég var og er satt að segja frekar stoltur af því að borgin skyldi meta myndlist svo mikils.

Árið 2019 er ár listar í opinberu rými hjá Listasafni Reykjavíkur sem mun vekja sérstaka athygli á sögu og hlutverki slíkrar listar, meðal annars með málþingum og sýningum. Ég hlakka til.

# Þekkjum einkenni krabbameina



**Halla Þorvaldsdóttir**  
framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

Þrátt fyrir stórbætta vísindalega þekkingu á krabbameinum og skilning sem skilað hefur miklum framförum í greiningu og meðferð fjölga þeim enn sem fá krabbamein. Það stafar fyrst og fremst af hækkunum aldri þjóðarinnar. Fleiri og fleiri læknað þó af krabbameini

eða lifa með það sem langvinnan sjúkdóm.

Einn af hverjum þremur fær krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni en rannsóknir sýna að draga má úr líkunum með heilsusamlegum lífsháttum. Þeir sem nota ekki tóbak, fylgja ráðleggingum um heilsusamlega fæðu, stunda reglulega líkamsreyfingu, takmarka neyslu áfengra drykkja og fylgja ráðleggingum um sólarvarnir eru í minni hættu á að fá krabbamein. Þannig er talið að hægt sé að koma veg fyrir meira en þriðjung allra krabbameinstilfella.

Alþjóðlegi krabbameinsdagurinn er í dag, 4. febrúar. Tilgangur dagsins er að vekja athygli á þeim vanda

sem fylgir krabbameinum og hvetja til umbóta og eflingar á sviði forvarna, greiningar og meðferðar gegn krabbameinum.

Krabbameinsfélög út um allan heim hafa sameinast í þriggja ára herferð sem gengur út á að fækka krabbameinstilvikum. Markmiðið er að uppfæra og vekja athygli á því að hver og einn einstaklingur getur haft áhrif, bæði fyrir sig og þá sem standa honum nærri en einnig út á við í samfélaginu.

Miklu máli skiptir að greina krabbamein sem fyrst. Oftast er því þannig farið að því fyrir sem hægt er að hefja meðferð því meiri árangur ber hún. Því skiptir miklu máli að

fólk þekki þau einkenni sem geta verið vísbending um krabbamein og bregðist fljótt við þeim. Fólk ætti að temja sér að vera vakandi fyrir líkama sínum til að taka eftir breytingum. Sérstaklega ætti að veita athygli breytingum eða einkennum sem eru langvarandi og ef ekki er ljóst hver orsök in er.

Meðal helstu einkenna sem fólk ætti að vera vakandi fyrir eru sár sem ekki gróa, þykkildir og hnútar víða í líkamanum, óútskýrt þyngdartap, breytingar á hægðum eða þvaglátum, óvenjulegar blæðingar, þrálátur hósti, hæsi eða kyngingarörðugleikar. Einnig ætti að bregðast við breytingum á fæðingarblettum,

óvenjulegri þreytu sem ekki minnkar við hvíld og viðvarandi verkjum sem eiga sér óljósar orsakir.

Öll einkennin geta stafað af öðru en krabbameini en mikilvægt er að fá úr því skorið hjá lækni.

Slagorð alþjóðlegra herferðarinnar er: „Ég er... og ég ætla...“ þar sem hverjum fyrir sig gefst færi á að lýsa sinni leið til að vinna gegn krabbameinum. Nánari upplýsingar er að finna á [krabb.is](http://krabb.is).

Ég er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands og ég ætla að tala fyrir auknum forvörnum gegn krabbameinum hvar og hvenær sem færi gefst.

Vertu með!

# Er bíllinn tilbúinn fyrir kuldanann í vetur?

## TUDOR

alltaf öruggt start eftir kaldar nætur.



Hraðþjónusta

Við mælum rafgeyma og skiptum um.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is





Anita Hinriksdóttir hleypur hér í úrslitum í 800 metra hlaupi á Reykjavíkurlæingunum í Laugardalshöll í gær. Anita fékk bronsverðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Telur sig nálgast sitt besta form

Anita Hinriksdóttir flutti heim eftir veru í Hollandi síðasta haust. Anita hefur endurnýjað kynnin við sinn fyrrverandi þjálfara. Hún er í góðu líkamlegu formi en þarf að vinna í taktík og andlegum atriðum.

**FRJÁLARSAR ÍPRÓTTIR** Hlaupakonan Anita Hinriksdóttir tók þátt í 800 metra hlaupi á Reykjavíkurlæingunum í gær. Hlaupið var skipað sterkum hlaupurum og hafnaði Anita í þriðja sæti á eftir Bretanum Shelayna Oskan-Clarke sem varð hlutskörpust og tékkneska meistaranum Diana Mezulianikova sem varð í öðru sæti. Clarke er ríkjandi meistari í greininni í Bretlandi, vann bronsverðlaun á heimsmeistarumótinu innanhúss á síðasta ári og silfurverðlaun á Evrópumeistarumótinu innanhúss árið áður.

Hlaupið í gær var nokkuð hægt og Anita hljóp á tímanum 2:04,88 mínútum. Hún segir í samtali við Fréttablaðið að hún hefði ekki náð að hlaupa eftir þeirri taktík sem lagt var upp með fyrir hlaupið og hana hafi skort sjálfstraust til þess að gefa allt sem hún ætti í lokaspættinn. Anita kveðst hins vegar finna töluverðan mun til hins betra frá því fyrir tveimur vikum og hún telur sig vera að nálgast sitt besta form.

●● **Ég þarf að æfa það betur að láta taktíkina ganga fullkomlega upp. Þá er mikilvægt að vinna í sjálfstraustinu.**

Anita Hinriksdóttir

„Þetta hlaup var skref í rétta átt að mínu mati og mér leið miklu betur í þessu hlaupi en þegar ég hljóp mitt fyrsta hlaup á árinu fyrir tveimur vikum. Mér leið svona eins og við værum að hlaupa frekar hægt og það var rétt metið. Ég þarf að æfa það betur að láta taktíkina mína ganga fullkomlega upp. Það er að finna rétta tímamark til þess að komast fram úr fremstu hlaupurum án þess að eyða allri orkunni. Það gekk ekki upp í þessu hlaupi og ég þarf að einblína á að æfa mig betur í þessu atriði á næstu vikum.“ segir Anita um frammistöðu sína.

„Það vantaði líka aðeins upp á

sjálfstraustið. Ég hætti við að gefa allt sem ég ætti í lokaspættinn og dró úr mér tennurnar. Ég þarf að einblína á andlega þáttinn samhliða þeim líkamlega og tæknilegum atriðum hvað hlaupin varðar á næstunni. Það er mikilvægt að vinna í sjálfstraustinu, ég hef fulla trú á mér og þarf bara að sýna það í verki í næstum mótum. Ég er að nálgast það að komast í mitt besta líkamlega form hlaupalega séð og ég er viss um að ég mun toppa á réttum tíma.“ segir ÍR-ingurinn um stöðu mála hjá sér.

Anita sem bjó í Hollandi um skeið flutti heim til Íslands síðasta haust. Hún segir því fylgja kosti og galla að færa sig um set frá Hollandi til Íslands. Anita endurnýjaði kynnin við sinn gamla þjálfara Gunnar Pál Jóakimsson eftir að hún flutti heim. Þá segir hún aðstöðuna til þess að æfa frjálssar íþróttir hafa batnað til mikilla muna með tilkomu frjálssaríþróttasalarins í Laugardalshöllinni.

„Gunnar Páll hefur verið við-

loðandi þjálfun mína frá því að ég var 12 ára gömul. Hann var aðalþjálfari minn um tíma og kom svo að þjálfuninni áfram eftir að ég flutti út. Ég bý að þeim nýju hlutum sem ég lærði í Hollandi og Gunnar Páll kemur svo til með að betrubæta það í framhaldinu. Ég hef mikla trú á okkar samstarfi og það hefur gengið vel eftir að ég flutti heim aftur. Það er frábært að vera komin með höll til þess að æfa í hér heima og aðstæður eru bara finnar hér heima.“ segir hún um síðustu mánuði.

„Næst á dagskrá er Norðurlandamótið sem fer fram um næstu helgi. Norðurlöndin hafa á að skipa mjög sterkum hlaupurum þessa stundina og það verður gaman að etja kappi við þær. Þar ætla ég að halda áfram að skerpa á forminu og vinna áfram í að betrubæta taktíkina hjá mér. Þar á eftir er svo Evrópumeistarumótið í byrjun mars. Þar stefni ég á að vera í mínu besta formi.“ segir hlaupakonan öflugum framhaldið. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Stefnir á að komast á EM í 3000 metra hlaupi

**FRJÁLARSAR ÍPRÓTTIR** Millivegalengdahlauparinn Hlynur Andrésson bar sigur úr býtum í 1500 metra hlaupi á Reykjavíkurlæingunum í gær. Hlynur hljóp á tímanum 3:45,97 mínútum, en hann stefndi að því að bæta Íslandsmetið sem Jón Diðriksson á og er frá árinu 1980 þegar hann hljóp á 3:45,6 mínútum. Það tókst ekki en Hlynur bætti hins vegar persónulegt met sitt sem var 3:49,19 mínútur fyrir þetta hlaup.

„Ég var ánægður með frammistöðu mína en ég hefði samt sem áður

viljað bæta metið. Að ná bestum tíma Íslendinga sem tekinn er með rafrænni klukku er skemmtilegt. Mér finnst jákvætt að byrja árið með því að hlaupa fyrsta hlaup ársins á svona góðum tíma.“ segir Hlynur í samtali við Fréttablaðið um sigurhlaupið.

Hlynur átti afsaklega gott ár á síðasta ári þar sem hann setti fjölmörg Íslandsmet. Þessi öflugri hlaupari telur allar forsendur til staðar til þess að hann geri enn betur á þessu ári.

„Á síðasta ári var ég að klára meistaranámið mitt samhliða því að æfa

●● **Mér finnst ég vera í töluvert betra formi en ég hef nokkurn tíma verið og tel að ég muni eiga betra ár en í fyrra.**

Hlynur Andrésson

hlaup. Nú er ég fluttur til Hollands og einbeiti mér alfarið að því að hlaupa. Af þeim sökum ætti ég að geta bætt mig enn frekar ef ég helst heill. Mér

finnst ég vera í töluvert betra formi en ég hef nokkurn tíma verið og tel að ég muni eiga betra ár en í fyrra.“ segir hann um komandi tíma hjá sér.

„Næsta verkefni mitt er boðsmót í Gent í Belgíu þar sem ég keppi í minni sterkustu grein sem er 3000 metrar. Þar set ég stefnuna á að ná lágmarki fyrir Evrópumeistarumótið sem fram fer í Glasgow í byrjun mars. Þar stefni ég enn fremur á að verða fyrsti Íslendingurinn til þess að hlaupa á undir átta mínútum.“ segir Hlynur um næstu verkefni. – hó

### Nýjast

#### Olisdeild karla



#### Akureyri - Haukar 26-27

**Akureyri:** Garðar Már Jónsson 6, Patrekur Stefánsson 5, Hafþór Már Vignisson 4, Ihor Kopyshynskyi 4, Gunnar Valdimar Johnsen 3, Leonid Mykhailiutenko 3.

**Varin skot:** Marius Aleksejev 7 skot.

**Haukar:** Daniel Þór Ingason 9, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 5, Heimir Óli Heimisson 3, Adam Haukur Baumruk 2, Atli Már Báruson 2, Orri Freyr Þorkelsson 2, Darri Aronsson, Halldór Ingi Jónsson 2.

**Varin skot:** Grétar Ari Guðjónsson 8 skot, Andri Sigmarrson Scheving 6 skot.

#### Valur - Stjarnan 33-21

**Valur:** Agnar Smári Jónsson 7, Stiven Tobar Valencia 6, Anton Rúnarsson 6, Ýmir Örn Gíslason 4, Sveinn Aron Sveinsson 3, Úlfar Páll Monsi Þórðarson 2.

**Varin skot:** Einar Baldvin Baldvinsson 10 skot, Daniel Freyr Andrésson 5 skot.

**Stjarnan:** Aron Dagur Pálsson 6, Andri Már Rúnarsson 4, Egill Magnússon 3, Sverrir Eyjólfsson 2, Birgir Steinn Jónsson 2.

**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 10 skot, Sigurður Ingiberg Ólafsson 5 skot.

#### KA - Fram 24-18

**KA:** Tarik Kasumovic 7, Daniel Matthíasson 5, Dagur Gautason 4, Jón Heiðar Sigurðsson 3, Áki Egilsnes 2, Allan Norðberg 2.

**Varin skot:** Jovan Kukobat 9, Svavar Ingi Sigmundsson 1.

**Fram:** Þorgeir Bjarki Davíðsson 4, Andri Þór Helgason 4, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 3, Valdimar Sigurðsson 2, Aron Gauti Óskarsson 2, Sigurður Örn Þorsteinsson 2.

**Varin skot:** Viktor Gisli Hallgrímsson 12.

#### Grótta - FH 20-27

**Grótta:** Bjartur Guðmundsson 4, Alexander Jón Másson 4, Sveinn Jose Rivera 3, Magnús Öder Einarsson 3, Ágúst Emil Grétarsson 2, Ásmundur Atlason 2.

**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 9 skot, Sverrir Andrésson 3 skot.

**FH:** Ásbjörn Friðriksson 12, Jakob Martin Ásgeirsson 4, Ágúst Birgisson 3, Jóhann Birgir Ingvarsson 3, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 3, Leonharð Þorgeir Harðarson 2.

**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 10 skot.

Efri	Neðri
Valur 22	Stjarnan 12
Haukar 21	KA 12
FH 20	ÍR 11
Selfoss 18	Akureyri 8
Afturelding 15	Fram 7
ÍBV 12	Grótta 6

#### Dominos-deild karla



#### Grindavík - Tindastóll 100-96

**Grindavík:** Lewis Clinch Jr. 28, Sigtryggur Arnar Björnsson 22, Ólafur Ólafsson 17, Ingvi Þór Guðmundsson 16.

**Tindastóll:** Brynjar Þór Björnsson 19, Urald King 17, Danero Thomas 16, Michael Ojo 13, Dino Butorac 13, Pétur Rúnar Birgisson 12.

#### Stjarnan - Valur 107-71

**Stjarnan:** Brandon Rozzell 33, Antti Kanervo 15, Ægir Steinarsson 11, Hlynur Þæringsson 11, Collin Pryor 10, Dúi Þór Jónsson 10.

**Valur:** Dominique Rambo 17, Nicholas Schlitzer 11, Austin Magnus Bracey 8.

#### ÍR - Þór Þorlákshöfn 95-96

**ÍR:** Gerald Robinson 25, Hákon Örn Hjálmarsson 15, Matthías Orri Sigurðarson 13.

**Þór Þorlákshöfn:** Nikolas Tomsick 24, Halldór G. Hermannsson 23, Jaka Brodrikk 22.

Efri	Neðri
Njarðvík 26	Grindavík 16
Stjarnan 26	ÍR 14
Tindastóll 24	Haukar 14
KR 22	Valur 10
Keflavík 20	Skallagrímur 6
Þór Þ. 18	Breiðablik 2





# Rafgeymar

Meðal  
viðskiptavinna  
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur



Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)





## Enska úrvalsdeildin

Úrslit 25. umferðar 2018-19

**Tottenham - Newcastle 1-0**

1-0 Son Heung-Min (83.).

**Chelsea - Huddersfield 5-0**

1-0 Gonzalo Higuain (16.), 2-0 Eden Hazard (víti) (45.), 3-0 Eden Hazard (66.), 4-0 Gonzalo Higuain (69.), 5-0 David Luiz (86.).

**Everton - Wolves 1-3**

0-1 Ruben Neves (víti) (7.), 1-1 André Gomes (27.), 1-2 Raúl Jiménez (45.), 1-3 Leander Dendoncker (66.).

**Burnley - Southampton 1-1**

0-1 Nathan Redmond (55.), 1-1 Ashley Barnes (90.).

**Crystal Palace - Fulham 2-0**

1-0 Luka Milivojevic (víti) (25.), 2-0 Jeffrey Schlupp (87.).

**Brighton - Watford 0-0**

**Cardiff - Bournemouth 2-0**

1-0 Bobby Reid (víti) (5.), Bobby Reid (46.).

**Leicester - Man.Utd 0-1**

0-1 Marcus Rashford (9.).

**Man.City - Arsenal 3-1**

1-0 Sergio Agüero (1.), 1-1 Lautent Koscielny (11.), 2-1 Sergio Agüero (44.), 3-1 Sergio Agüero (61.).

## Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Liverpool	24	19	4	1	55-14	61
Man.City	25	19	2	4	66-20	59
Tottenham	25	19	0	6	51-24	57
Chelsea	25	15	5	5	45-23	50
Man.Utd	25	14	6	5	49-35	48
Arsenal	25	14	5	6	51-36	47
Wolves	25	11	5	9	33-32	38
Watford	25	9	7	9	33-34	34
Everton	25	9	6	10	36-36	33
B'mouth	25	10	3	12	37-44	33
Leicester	25	9	5	11	30-31	32
West Ham	24	9	4	11	30-37	31
Brighton	25	7	6	12	27-36	27
C.Palace	25	7	5	13	26-33	26
Newcastle	25	6	6	13	21-33	24
S'ton	25	5	9	11	27-42	24
Burnley	25	6	6	13	26-46	24
Cardiff	25	6	4	15	22-46	22
Fulham	25	4	5	16	25-55	17
H'field	25	2	5	18	13-46	11

## Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

**Everton**  
**Gylfi Þór Sigurðsson**  
Spilaði allan leikinn sem sóknartengiliður Everton þegar liðið tapaði fyrir Wolves með þremur mörkum gegn einu. Gylfi Þór átti finan leik en náði ekki að setja mark sitt á leikinn með marki eða stoðsendingu.



**Burnley**  
**Jóhann Berg Guðm.**  
Kom inn á fyrir Burnley þegar 58. mínútur voru liðnar af fallbaráttuslag liðsins gegn Southampton sem lyktaði að lokum með 1-1 jafntefli.



**Cardiff City**  
**Aron Einar Gunnarsson**  
Átti góðan leik inni á miðsvæðinu hjá Cardiff sem vann mikilvægan 2-0 sigur gegn Bournemouth.



**Reading**  
**Jón Daði Böðvarsson**  
Var ekki í leikmannahópi Reading gegn Aston Villa.



**Aston Villa**  
**Birkir Bjarnason**  
Var ekki í leikmannahópi Aston Villa gegn Reading.



Leikmenn Arsenal gengu hnípnir af velli eftir tap liðsins gegn Manchester City í gær. Laurent Koscielny sem skoraði mark Arsenal í leiknum er hluti af varnarliðu liðsins s

# Afskaplega rýr uppskera hjá Arse

Arsenal hefur fatast flugið í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla undanfarið. Liðið var í góðri stöðu til að en... Nú stefnir allt í harða baráttu milli Chelsea, Arsenal og Manchester United um fjórða og síðasta sætið í Meistaradeildinni.

**ENSKI BOLTINN** Tap Arsenal gegn Manchester City í gær gerir það að verkum að Skyttur hans Unai Emery hafa beðið ósigur í fjórum af síðustu níu deildarleikjum sínum og gert eitt jafntefli. Á meðan þetta rýsjötta gengi Arsenal hefur staðið yfir hafa lærisveinar Ole Gunnars Solskjær borið sigur úr bytum í átta af síðustu níu deildarleikjum sínum.

Manchester United hefur skotið Arsenal ref fyrir rass með þessum góða kafla sínum og fram undan er hörð baráttu milli Chelsea sem er með 50 stig í fjórða sæti deildarinnar, Manchester United sem situr í fimmta sæti með 48 stig og Arsenal sem er í sjötta sæti með 47 stig um fjórða og síðasta sætið sem veitir þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.

Rót vandans hjá Arsenal er hrip-lek vörn liðsins, en það hefur fengið 36 mörk á sig og ekkert lið í efstu sex sætum deildarinnar hefur fengið jafn mörg mörk á sig. Emery vill spila boltanum út úr vandræðum hvar sem það er á vellinum. Liðinu hefur gengið misvel upp við uppspil úr vörn liðsins. Það þarf tæknilega getu og góðan leikskilning til þess að spila boltanum út úr pressu.

Setja má spurningarmerki við það að leikmenn á borð við Alex Iwobi búi yfir fyrrgreindum hæfileikum, en hann missti boltann á afar hættulegum stað í fyrsta marki Manchester City í leiknum. Það tekur tíma að aðlaga leikmann leikstíl þar sem þess er krafist að boltanum sé spilað út úr erfiðum

## Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

**Stærstu úrslitin**  
Crystal Palace fór langt með að tryggja veru sína í deild þeirra bestu með 2-0 sigri sínum gegn Fulham sem er erfiðri stöðu í fallbaráttu deildarinnar eftir þessi úrslit. Lærisveinar Roy Hodgson eru sjö stigum frá fallsvæðinu þegar 13 umferðir eru eftir og eru komnir í nokkuð öruggt skjól frá falldraugnum.



**Hvað kom á óvart?**  
Cardiff City hafði beðið ósigur í þremur af síðustu fjórum deildarleikjum sínum og gert eitt jafntefli þegar kom að leiknum gegn Bournemouth. Liðið hafði raunar ekki betur í deildarleik allan janúarmánuðinn. Bobby Reid tryggði velska liðinu afar mikilvægan sigur og liðið er nú tveimur stigum frá öruggu sæti í efstu deild á næstu leiktíð.



**Mestu vonbrigðin**  
Everton hefur ekki gengið að sýna stöðugleika í spilamennsku sinni á leiktíðinni. Liðið hefur sigrað og tapað á víxl í síðustu fjórum deildarleikjum sínum



## Leikmaður helgarinnar

Sergio Agüero skoraði öll þrjú mörk Manchester City þegar liðið lagði Arsenal að velli með þremur mörkum gegn engu.

Þessi smávaxni og snaggaralegi framherji hefur nú skorað 14 mörk í deildinni á yfirstandandi keppnistímabili og er jafn Harry Kane leikmanni Tottenham Hotspur í þriðja sæti á listanum yfir markahæstu leikmenn deildarinnar á leiktíðinni.

Agüero mun berjast um markakóngstílinn fram á vorið við Mohamed Salah framherja Liverpool sem er markahæstur eins og sakir standa með 16 mörk og Pierre-Emerick Aubameyang sóknarmann Arsenal sem er næst markahæstur með 15 mörk.

Argentínski framherjinn er markahæsti erlendi leikmaðurinn í sögu deildarinnar, en hann er í áttunda sæti á þeim lista með 157 mörk í 227 leikjum fyrir Manchester City. Þá hefur hann nú skorað tíu þrennur og einungis Alan Shearer hefur gert betur í þeim efnunum. Hann vantar sex mörk til þess að skora 20 mörk eða meira í deildinni líkt og honum hefur tekist að gera síðustu fjögur keppnistímabil og raunar í fimm af þeim sjö leiktíðum sem hann hefur leikið í deildinni.



stöðum. Arsenal hefur farið fram í því, en hefur þó ekki tekist að fullkomna þá list.

Emery gekk ágætlega að bólstra miðsvæðið með því að fá í sínar herbúðir Frakkann Matteo Guendouzi og Úrúgvæjann Lucas Torreira síðasta sumar og framherjaparíð Pierre-Emerick Aubameyang og Alexandre Lacazette getur velgt hvaða vörn sem er undir uggum.

Það er aftur á móti deginum ljósara að Emery þarf að taka til hendinni og kaupa leikmenn fyrir öftustu línu liðsins næsta sumar.

Liðið vantar heimsklassa miðvörð sem getur staðið sig vel og sýnt stöðugleika í gegnum heilt keppnistímabil. Varnarmennirnir í núverandi leikmannahópi Arsenal eru bæði mistækir og eiga sjaldnast tvo góða leiki í röð hitti



## Katrín komin á heimsleikana

**CROSSFIT** Katrín Tanja Davíðsdóttir CrossFit-kona tryggði sér þátttökurétt á heimsleikunum með því að fara með sigur af hólmi í einu af þeim 16 mótum sem haldin verða víðs vegar um heiminn á þessu ári og gefa sæti á heimsleikunum.

Mótið sem Katrín Tanja bar sigur úr bítum á um helgina ber nafnið Fittest in Cape Town og fór fram í Höfðaborg um nýliðna helgi. Katrín Tanja vann fjórar af þeim tíu greinum sem keppt var og náði forystu strax á fyrsta degi sem hún hélt að lokum mótsins.

Katrín Tanja vann heimsleikana árin 2015 og 2016 en hún lenti síðan í þriðja sæti á leikunum í fyrra. Heimsleikarnir verða haldnir í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum um verslunarmannahelgina í ágúst. – hó

## Alfred tryggði Augsburg sigur

**FÓTBOLTI** Augsburg lagði Mainz að velli 3-0 í 20. umferð þýsku efstu deildarinnar í knattspyrnu karla í gær. Alfred Finnbogason skoraði öll mörk Augsburg í leiknum. Augsburg hafði beðið ósigur í þremur leikjum í röð og hafði leikið tíu leik í röð án sigurs fyrir þennan sigurleik.

Augsburg er eftir þennan sigur með 20 stig í 15. sæti deildarinnar. Liðið er þremur stigum á undan Stuttgart sem situr í umspilssæti um fall úr deildinni, sex stigum á undan Nürnberg sem er í efra fallsætinu og með sjö stigum fleiri en Hannover 96 sem vermir botnsætið.

Alfred hefur eftir þessa þrennu skorað 10 mörk í 13 deildarleikjum á leiktíðinni. Þetta er fjórða þrenna Alfreds í efstu deild þýska boltans, en einungis fjórir leikmenn sem leika í deildinni núna hafa gert betur. – hó

sem hefur hlotið mikla gagnrýni fyrir frammistöðu sína í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Arsenal undanfarnar vikur

Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð um miðjan desember. Varnarleikurinn hefur verið Akkilesarhæll Unai Emery og lærisveina hans.

Þeir á góðan leik inn á milli slöku leikjanna sinna.

Þá gengur Arsenal bölvánlega á útivelli en frá því að 2018 gekk í garð hefur liðið beðið ósigur í 12 útileikjum í deildinni og einungis Huddersfield Town með 13 tapleiki og Brighton með 14 státa af verri árangri.

Það er aldrei góðs viti að knattspyrnustjóri leggi ekki traust á sinn launahæsta leikmann eins og raun ber vitni hjá Arsenal þessa stundina. Þýski sóknartengiliðurinn Mesut Özil sem talið er að Emery vilji losna við til þess að geta fengið til sín aðra típu af leikmanni var einu sinni sem oftast ónotaður varmaður í tapinu gegn Manchester City í gær.

Denis Suárez sem Emery fékk á láni frá Barcelona í janúarglugganum fékk það verkefni að hressa upp á sóknarleik Arsenal í leiknum. Það er spurning hvort þessi skipting veiti vísbendingu um að tækifærum Özil sem voru af skornum skammti á fyrri hluta leiktíðarinnar verði enn færri á seinni hlutanum.

Það er huggun harmi gegn fyrir stuðningsmenn Arsenal að næsta verkefni liðsins er leikur gegn Huddersfield Town, botnliði deildarinnar, sem var fallbyssufóður fyrir leikmenn Chelsea um helgina. Huddersfield Town hefur einungis skorað 13 deildarmörk á yfirstandandi leiktíð og tækist leikmönnum Arsenal ekki að halda leikmönnum botnliðsins í skefjum er þeim ekki viðbjargandi. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)



Mesut Özil launahæsti leikmaður Arsenal hefur verið úti í kuldanum hjá liðinu á leiktíðinni og Unai Emery vill losna við hann. NORDICPHOTOS/GETTY

OPPIÐ Á SUNNUDAGUM Í DORMA SMÁRATORGI

www.dorma.is VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

**Janúar útsalan** **ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR**

Nature's **SUPREME** heilsurúm með Classic botni

**ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR** af Supreme 90 x 200 20% af botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutir á mynd: Koddar og gaff

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m<sup>2</sup>
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Bedding

**NATURE'S SUPREME**  
Stærð 90 x 200 cm  
Fullt verð 89.900 kr.

Aðeins **68.925 kr.**

Spring Air **EXCELLENT** heilsurúm með Classic botni

**ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR** af Excellent dýnu 20% af botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutir á mynd: Púðar og teppi



SPRING AIR EXCELLENT

Stærð í cm	Fullt verð	Útsöluverð
120x200	125.900 kr.	82.740 kr.
140x200	139.900 kr.	91.940 kr.
160x200	159.900 kr.	104.940 kr.
180x200	179.900 kr.	117.940 kr.
192x203	194.900 kr.	127.940 kr.

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullar áklæði
- Sterkur botn
- Steyptur svampur í kónum

**STILLANLEGT HEILSURÚM** með Shape heilsudýnu

**ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR** af Shape dýnum og 20% afsláttur af botni

Charlotte & Julien

- C&J stillanleg rúm:**
- Inndraganlegur botn
  - 2x450 kg lyftimótorar
  - Mótor þarfnast ekki viðhalds
  - Tvíhert stál í burðargrind
  - Hliðar- og enda-stoppaparar
  - Hljóðlátur mótor
- Verðdæmi: **SHAPE OG C&J SILVER**  
2 x 90 x 200 cm  
Fullt verð 337.800 kr.

Aðeins **260.260 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)  
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Glæsileg tilprif á RIG

Seinni helgi Reykjavíkurleikanna fór fram um nýliðna helgi og þar með lauk leikunum sem heppnuðust með eindæmum vel. Keppt var í fimleikum í Laugardalshöllinni á laugardeginum og frjálsum íþróttum á sama stað í gær.





# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**960** Song-ættarveldið nær völdum í Kína þegar Taizu verður keisari. Tímabilið sem kennt er við Song-ættina varði allt til 1279.

**1222** Tumi Sighvatsson er drepinn á Hólum af mönnum Guðmundar biskups Arasonar.

**1902** Bandaríski flugmaðurinn Charles Lindbergh fæddist á þessum degi. Árið 1927 varð hann fyrstur til þess að fljúga einn síns liðs yfir Atlantshafið þegar hann flaug frá New York til Parísar.

**1913** Bandaríska baráttukonan Rosa Parks fæddist á þessum degi. Hún öðlaðist frægð fyrir að neita að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Montgomery í Alabama 1955.

**1975** Ástralska tónlistar- og leikkonan Natalie Imbruglia fæddist á þessum degi og er því 44 ára í dag.

**1976** Vetrarólympíuleikar hefjast í Innsbruck í Austurríki.



**1984** Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar **Hrafninn flýgur** er frumsýnd. Áætlað er að um 70 þúsund manns hafi séð myndina í íslenskum kvikmyndahúsum.

**2007** Þjóðverjar verða heimsmeistarar í handknattleik karla eftir sigur á Pólverjum í úrslitaleik.

**2015** Flugvél TransAsia Airways sem var á leið frá Taipei í Taívan til Kinmeneyja fórst skömmu eftir flugtak. Af þeim sem voru um borð í vélinni létu 43 lífið en 15 lifðu slysið af.



Mark Zuckerberg er hér ásamt Dustin Moskovitz, einum af samstarfsmönnum sínum, árið 2004. Þeir tóku sér fri frá námi við Harvard-háskóla og fluttu til Palo Alto í Kaliforníu til að einbeita sér að Facebook en Dustin yfirgaf fyrirtækið 2008. NORDICPHOTOS/GETTY

## Facebook fimmtán ára

Mark Zuckerberg stofnaði TheFacebook fyrir fimmtán árum. Vöxtur fyrirtækisins verið ævintýralegur þrátt fyrir fjölda hneykslismála og ásakanir um að hafa stolið hugmyndinni.

Fimmtán ár eru liðin í dag frá því að Mark Zuckerberg ýtti á takkann og sleppti taumunum af Facebook. Síðan þá hefur líf þessa þáverandi Harvard-nema breyst töluvert. Byr til að mynda í höll en ekki á heimavist.

Upphaflega hét samfélagsmiðillinn reyndar TheFacebook og var í byrjun einungis aðgengilegur Harvard-nemum, síðar nemum við fleiri háskóla í Bandaríkjunum og Kanada. Uppvaxtarárin voru nokkuð strembin. Cameron og Tyler Winklevoss og Divya Narendra sökuðu Zuckerberg um að stela hugmyndum sínum. Það mál var loks leitt til lykta árið 2008 þegar Zuckerberg samdi um að afhenda þeim 1,2 milljónir hluta í fyrirtækinu.

En Zuckerberg hélt ótrauður áfram. Opnað var fyrir almennar skráningar í september 2006 og miðillinn óx, óx og óx. Facebook var svo skráð á markað í maí 2012 og var þá metið á 104 milljarða Bandaríkjadala.

» En Zuckerberg hélt ótrauður áfram. Opnað var fyrir almennar skráningar í september 2006 og miðillinn óx, óx og óx.

Facebook og Zuckerberg hafa hins vegar beðið töluverðan álitshnekkni undanfarið ár. Upp komst í fyrri um að greiningarfyrirtækið Cambridge Analytica hefði notfært sér persónuleg gögn Facebook-notenda, í raun vopnavætt þau, til þess að hafa áhrif á kosningar víða um heim. Augljósasta tilfellið var forsetakosningabaráttan í Bandaríkjunum.

Þá uppgötvaðist fjöldi öryggisgalla á Facebook á síðasta ári sem bætti gráu ofan á svart. Eins og Fréttablaðið fjallaði ítarlega um í síðustu viku fellur

hin mikla gagnasöfnun Facebook ekki í kramið hjá öllum í tæknigeiranum. Tim Cook, forstjóri Apple, sakar fyrirtækið um að gera notendur sína að vörinni með því að selja upplýsingar þeirra til auglýsenda. Hann og stjórnmálamaður úr flokki Demókrata hafa talað einna hæst fyrir nýrri löggjöf um samfélagsmiðla og önnur stór internet-fyrirtæki.

Undir þetta tók blaðamaður The Outline í vikunni í grein sem bar þá skemmtilegu fyrirsögn „Facebook ætti ekki að vera ein fimmtán ára barnið sem fær að gera hvað sem það vill“.

En þrátt fyrir allt heldur Facebook áfram að vaxa. Á síðasta ársfjórðungi notuðu 1,52 milljarðar manns Facebook á hverjum einasta degi. Það er níu prósentu aukning frá því í fyrri. Sama aukning var á meðal mánaðarlegra notenda sem voru 2,32 milljarðar. Veltan eykst samhlíða. Var 16,91 milljarður sem er meira en fyrirtækið hafði gert ráð fyrir. thorgnyr@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Dóra Gústafsdóttir**

lést sunnudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 6. febrúar kl. 13.

Einar Ósvald Lövdahl

Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl

Jóhanna Sólveig Lövdahl

Ragnhildur Hjördis Lövdahl Birgir Ármannsson barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Blöndal Kristmundsson**

Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ,

lést á hjartadeild Landspítala 30. janúar. Útför auglýst síðar.

Sigríður Jóna Kjartansdóttir

Halldóra N. Björnsdóttir

Kristín Björnsdóttir

Kjartan Þór Birgisson

Sigríður Þóra Birgisdóttir

Halldóra Þóra Birgisdóttir

Kristín Þóra Birgisdóttir

Kristmundur Ómar Ingvason

og langafabörn.

Birgir Þór Baldvinsson

Ingvi Geir Ómarsson

Hrefna Gunnarsdóttir

Óli Hörður Þórðarson

Jón Kristinn Helgason

Hjördis Birna Ingvadóttir

Hrafnkell S. Ingvason

Viltu birta minningargrein á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)?

Minningargreinar skal senda á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is). Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á [frettabladid.is/timamot](http://frettabladid.is/timamot)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERÐIST 4. FEBRÚAR 1947:

## Stefán Jóhann Stefánsson verður forsætisráðherra

Ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar tók við völdum þann 4. febrúar 1947. Varð Stefán Jóhann fyrsti forsætisráðherrann úr röðum Alþýðuflokksins en aðild að stjórninni áttu einnig Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Stjórnin fékk viðurnefnið Stefania í höfuðið á forsætisráðherranum.

Auk Stefáns sem gegndi einnig embætti félagsmálaráðherra tóku sæti í stjórninni þeir Bjarni Benediktsson utanríkis- og dómsmálaráðherra, Bjarni Ásgeirsson landbúnaðarráðherra, Emil Jónsson viðskipta-, iðnaðar- og samgönguráðherra, Eysteinn Jónsson menntamála-, kirkjumála- og flugmálaráðherra og Jóhann P. Jósésson sem

var fjármála- og sjávarútvegsráðherra.

Stefanía tók við af Nýsköpunarstjórninni sem hafði tekið við völdum í október 1944 en í þeirri stjórn sátu Sjálfstæðisflokkur, Sósíalístaflokkur og Alþýðuflokkur. Vegna deilna um veru bandaríska hersins á Íslandi slitnaði upp úr samstarfinu í október 1946 en stjórnin sat þangað til ný tók við völdum.

Í stjórnartíð ríkisstjórnar Stefáns Jóhanns var innnganga Íslands í NATO meðal annars samþykkt en í kjölfarið urðu miklar óeirðir á Austurvelli. Stjórnin baðst lausnar í nóvember 1949 en sat þar til minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins undir forystu Ólafs Thors tók við völdum.







# Við smíðum þínar innréttingar

Í yfir 20 ár hefur Fagus sérhæft sig í smíði glæsilegra og fjölbreyttra innréttinga og innihurða.

Innréttingar frá Fagus eru allt í senn fallegar, hlaðnar þægindum og frábær vinnuaðstaða. Njóttu þess að vera í umhverfi sem er sérsníðið fyrir þig. Við smíðum þínar innréttingar.

**FAGUS**  
TRÉSMÍÐJA


Unubakka 20 | 815 Þorlákshöfn  
Sími: 483 3900 | Fax 483 3901  
fagus@fagus.is | www.fagus.is



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Austlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, skýjað með köflum og lítilsháttar snjókoma eða él SA- og A-lands. Bætur í vind undir kvöld. Frost 0 til 15 stig, kaldast í innsveitum á N-landi.



## Þriðjudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ← 12	<b>Ísafjörður</b> 1° ← 6	<b>Akureyri</b> 0° ↖ 7
<b>Egilsstaðir</b> 2° ↖ 13	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 2° ← 19	<b>Hveravellir</b> -0° ↖ 17

## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b> 1° ↙ 7	<b>Ísafjörður</b> -2° ↙ 10	<b>Akureyri</b> -2° ↓ 6
<b>Egilsstaðir</b> 1° ↓ 15	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 1° ↙ 8	<b>Hveravellir</b> -6° ↓ 11

### LÉTT

		2		6	4	8	
	4		1	3	5		6
				7	1	2	
4	1			8		9	5
		3	5				
8	9		6		1		
	3	8	1				6
9	2						
			3	8	2		

### MIDLUNGS

4							6
		9	2	1			
1		8	3		6		5
6	5			7			8
			9		3	4	
		3	1				
	7						2
2		4					9
		5			4	1	

### PUNG

	5	6		9			1
		1			4		7
				1		7	3
		4	2			8	
	6	3		5			1
							7
1			6	8			
		2		4		3	6

### Krossgáta

#### LÁRÉTT

- gaddur
- hlé
- vafi
- klaufaskapur
- átt
- kk nafn
- afkvæmi
- mögl
- ávöxtur
- kjalta

#### LÓDRÉTT

- einfeldni
- gunga
- munda
- söngrodd
- hittast
- fúslega
- marr
- þangað til
- tvíhljóði

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. frost, 5. lot, 6. ef, 8. ólagni, 10. n, 11. fínast, 9. gjarna, 12. brak, 14. uns, 16. au. LÓDRÉTT: 1. flönska, 2. rola, 3. ota, 4. tenör, 7. íon, 12. barn, 13. kurr, 15. ananas, 17. skaut.

## Skák Gunnar Björnsson

Sigurbjörn Björnsson (2.296) átti leik Guðmundi Kjartanssyni (2.424) á Skákþingi Reykjavíkur í gær.

Sigurbjörn gafst upp í þessari stöðu. Hann gat hins vegar leikið **54...Kh7 55. Bf5+ Hg6!!** og staðan er jafntefli þótt ótrúlegt megi vera. Svartur er patt eftir 56. Bxe4. Hjörvar Steinn Grétarsson varð skákmeistari Reykjavíkur. Guðmundur varð í öðru sæti. Vignir Vatnar Stefánsson og Björgvin Víg-lundsson urðu jafnir í 3.-4. sæti. [www.skak.is](http://www.skak.is): Skákþing Reykjavíkur.

### Svartur á leik



7	6	9	4	3	1	5	8	2
3	8	5	9	2	6	1	4	7
1	4	2	5	7	8	6	9	3
4	1	6	2	5	7	8	3	9
8	5	7	1	9	3	2	6	4
9	2	3	6	8	4	7	5	1
2	3	8	7	4	5	9	1	6
5	7	1	3	6	9	4	2	8
6	9	4	8	1	2	3	7	5

7	6	3	8	1	4	9	2	5
8	9	5	7	2	6	4	1	3
4	1	2	9	3	5	6	7	8
3	4	9	6	7	2	5	8	1
1	5	7	3	4	8	2	6	9
2	8	6	5	9	1	3	4	7
5	2	8	1	6	3	7	9	4
6	7	1	4	5	9	8	3	2
9	3	4	2	8	7	1	5	6

8	2	4	9	3	5	1	6	7
3	9	7	2	6	1	8	4	5
1	5	6	7	8	4	3	2	9
6	1	5	8	9	7	4	3	2
7	3	8	1	4	2	9	5	6
2	4	9	6	5	3	7	8	1
9	7	3	5	2	8	6	1	4
4	6	2	3	1	9	5	7	8
5	8	1	4	7	6	2	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# ÖLL BRAUÐ Á 25% AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is







Laxeldi í sjókvíum verður rætt hjá Samfylkingarfélaginu í Hafnarfirði að Strandgötu 23. MYND/FJARÐALAX

## Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

### 4. FEBRÚAR 2019

#### Viðburðir

**Hvað?** Er Laxeldi í sjókvíum umhverfisvænt?

**Hvenær?** 20.00 – 21.30

**Hvar?** Strandgata 23

Samfylkingarfélagið í Hafnarfirði boðar til opins félagsfundar um laxeldi í sjókví. Til að fara yfir stöðuna verða framkvæmdastjóri hjá Arctic Fish sem hefur meðal annars starfsstöð í Hafnarfirði og Jón Kaldal frá Icelandic Wildlife Fund.

**Hvað?** Flosi Eiríksson – Staðan í kjaraviðræðum

**Hvenær?** 20.00 – 21.30

**Hvar?** Hlíðarsmári 9

Samfylkingin í Kópavogi fær Flosa Eiríksson, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, í heim-sókn mánudaginn 4. febrúar kl. 20 í Hlíðasmára 9 í Kópavogi.

**Hvað?** Sölvi Tryggvason á Bókasafni Hafnarfjarðar

**Hvenær?** 17.00 – 18.00

**Hvar?** Bókasafn Hafnarfjarðar

Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður mun halda erindi um betri heilsu og innihaldsríkara líf mánudaginn 4. febrúar kl. 17.00 á Bókasafni Hafnarfjarðar. Erindið byggir hann á bók sinni Á eigin skinni sem fjallar um leið Sólva til heilsu á ný, þær fjölbreytilegu tilraunir sem hann gerði á eigin skinni og niður-stöður sem hann komst að

**Hvað?** Foreldrafræðsla um net-öryggi

**Hvenær?** 19.30 – 20.30

**Hvar?** Smáratorg 3

Internetið spilar stórt hlutverk í lífi okkar flestra. Við notum netið gjarnan í leik og starfi og sífellt eru fleiri tegundir tækjabúnaðar að tengjast við netið og safna upplýsingum um okkur. Þessi sitenging á búnaði við internetið getur aukið þægindi okkar en um leið fylgja þeim ákveðnar hættur og ýmsar spurningar geta vaknað um öryggi og persónuvernd barna okkar á netinu. Á fræðslufundinum munu sérfræðingar Deloitte leitast við að svara spurningum um netöryggi barna og unglunga sem oft brenna á ábyrgum for-eldrum.

**Hvað?** Prekhópur Útivistar – kynningarfundur

**Hvenær?** 19.00 – 19.50

**Hvar?** Laugavegur 178

Prekhópur Útivistar er með þetta göngudagskrá og gefur gott start inn í nýtt gönguár. Hér er tvínað saman tveimur kvöldgöngum, fjórum þrekæfingum utandyra og tveimur dagsferðum svo úr verður frábær hreyfivæsla úti í náttúrunni sem henta byrjendum sem lengra komnum. Þrekæfingarnar eru með því móti að allir geta notið góðs af þeim og aðlagð eigin getu. Dagsferð Útivistar á Eldborg, Drottningu og Stóra-Kóngsfell er innifalinn í dagskránni.

**Hvað?** Febrúarfundur UngAmnesty

**Hvenær?** 18.00 – 19.30

**Hvar?** Þingholtsstræti 27

Febrúarfundur Ungliðahreyfingar Amnesty er í kvöld. Allir 13-25 ára velkomnir. Rætt verður Pride-bíókvöld á Valentínusardag og aðgerðir tengdar Söngvakeppni Sjónvarpsins og Eurovison. Matur í boði fyrir svanga.

**Hvað?** Reykjavíkurmót grunnskóla í skák 2019

**Hvenær?** 16.30 – 22.50

**Hvar?** Faxafen 12

Reykjavíkurmót grunnskólasveita

hefst í húsnæði TR að Faxafeni 12 mánudaginn 4. febrúar kl. 16.30 með keppni 1.-3. bekkjar. Mótið er sem fyrr samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Taflfélags Reykjavíkur.

#### Tónleikar

**Hvað?** Tvær ævintýraóperur

**Hvenær?** 20.00 – 22.00

**Hvar?** Iðnó

Fyrir hlé birtast Þyrnirós, prins og norn í splunkunýrri óperu sem nefnist Ár og öld. Ungur prins hefur brotist í gegnum Þyrnigerði og kemur inn í höll þar sem allir hafa sofið í hundrað ár en ævintýrið tekur óvænta stefnu þegar prinsinn gerir þau reginmistök að vekja nornina á undan Þyrnirós. Eftir hlé er það svo flagðið Gilitrutt sem blekkir hina húðlötu Ragnhildi en bóndi hennar og gimbrin Golsa koma til bjargar. Gilitrutt var fyrst flutt fyrir tíu árum en um er að ræða frumflutning á Ár og öld.

**Hvað?** Salsa Monday á Pablo Discobar

**Hvenær?** 22.00 – 01.00

**Hvar?** Veltusund 1

Salsa Monday á Pablo Discobar í kvöld kl. 22.00! Late night Happy Hour frá 23.00 til 01.00

## ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



# FERMINGAR

Fermingin er hjá allflestum einn stærsti viðburður unglingsáranna og mikið er lagt upp úr þeim degi hjá fermingar barninu. Með þessu blaði viljum við kynna allt það sem viðkemur sjálfri fermingunni, allt frá athöfninni, fermingarfatnaðinum, skartinu, sálmabókinni, veisluföngum, fermingargjöfum og allt þar á milli.

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út þriðjudaginn 26. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins

Sími 550 5078

serblod@frettabladid.is



## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Shoplifters//Búðabjóf (ICE SUB) 17:40

Kalt stríð // Cold War (ENG SUB) 18:00

*Pýskir kvikmyndadagar - German Film Days*

\* Transit (GERMAN W/ENG SUB) 18:00

\* In My Room (GERMAN W/ENG SUB) 20:00

\*Sýndar á þýsku með enskum texta\*

Tryggð // The Deposit (ENG SUB) 20:00

One Cut of the Dead (ENG SUB) 20:00

Diablo (POLISH W/ENG SUB) 22:00

Shoplifters//Búðabjóf (ENG SUB) 22:00

Damsel (ENGLISH-NO SUB) 22:20







## Mánudagur

## Hvernig hugmyndir færð þú?



## RÚV SJÓNVARP

**13.00** Úr Gullkistu RÚV.

Útsvar 2011-2012 (Ísafjarðarbær - Garðabær)

**14.00** Úr Gullkistu RÚV.

91 á stöðinni. Skemmtipættir frá 1991 þar sem Spaugstofumenn fást við fréttir liðandi stundar. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Dagskrárgerð: Kristín Erna Arnardóttir. e.

**14.20** Úr Gullkistu RÚV.

Tónahlaup (Sóley Stefánsdóttir og Dalskóli) Jónas Sen ræðir við ólíka tónlistarmenn sem líta um öxl og rífa upp tónlistarmenntun sína. Ný lög eru samin sem þeir fara með í nokkra grunnskóla þar sem þau eru frumflutt af börnum og unglingum. e.

**14.55** Úr Gullkistu RÚV.

Út og suður. Gísli Einarsson fer vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af fólki. Þættir frá 2004. e.

**15.30** Úr Gullkistu RÚV.

Af fingrum fram (Guðmundur Pétursson) Viðtals- og tónlistarþáttaröð í umsjón Jóns Ólafssonar. Jón fær til sín ýmsa tónlistarmenn í spjall og saman laða þeir fram ljúfa tóna. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. e.

**16.10** Úr Gullkistu RÚV.

Opnun (Ólafur Sv. Gíslason, Inga Svala og Wu Shazhuan)

**16.45** Silfríð**17.50** Tákn málsfréttir**18.00** KrakkaRÚV**18.01** Simon (Simon) Simon er hress og skemmtileg kanína sem tekst á við alls kyns áskoranir og lærir af mistökum sínum.**18.06** Móí (Mouk)**18.17** Klaufabárðarnir**18.26** Ronja ræningjadóttir (Ronja)**18.50** Krakkafréttir**19.00** Fréttir**19.25** Íþróttir**19.30** Veður**19.35** Kastljós**19.50** Menningin**20.00** Baráttan við aukakílóin (How to Lose Weight Well II)

Breskir þættir um megrun, mataræði og þyngdartap þar sem þátttakendur prófa nokkra vinsæla megrunarkúra.

**20.45** Bækur sem skóku samfélagið (Babel. Böckerna som skakade folkhemmet)

Stuttir sænskir heimildarþættir um bækur sem hafa haft mikil áhrif á almenning í Svíþjóð.

**20.55** Framúrskarandi vinkona (My Brilliant Friend)**22.00** Tíufréttir**22.15** Veður**22.20** Sjóndeildarhringur

Íslensk heimildarmynd um listmálarað Georg Guðna Hauksson sem lést árið 2011, aðeins fimmtugur að aldri. Á fyrstu einkasýningu hans í Nýlistasafninu í Reykjavík árið 1985 birtist einstök sýn á íslenskt landslag í fjallamyndum hans sem markaði upphafið að einstökum ferli Georgs Guðna. Leikstjórar: Bergur Bernburg, Bill Rathje og Friðrik Þór Friðriksson. Framleiðandi: Friðrik Þór Friðriksson.

**23.45** Kastljós.e**00.00** Menningin.e**00.10** Dagskrárlök

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Waste Management Phoenix Open**14.00** Waste Management Phoenix Open**19.00** PGA Highlights 2019**19.55** Saudi International

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil**08.45** The Tonight Show**09.30** Síminn + Spotify**12.00** Everybody Loves Raymond**12.20** King of Queens**12.40** How I Met Your Mother**13.05** Dr. Phil**13.50** Lifum lengur**14.25** Crazy Ex-Girlfriend**15.15** Ally McBeal**16.00** Malcolm in the Middle**16.20** Everybody Loves Raymond**16.45** King of Queens**17.05** How I Met Your Mother**17.30** Dr. Phil**18.15** The Tonight Show**19.00** The Late Late Show**19.45** The Good Place**20.10** The F-Word USA**21.00** Escape at Dannemora**21.50** Blue Bloods**22.35** Chance**23.20** The Tonight Show**00.05** The Late Late Show**00.50** NCIS**01.35** NCIS Los Angeles**02.20** Code Black**03.10** The Gifted**03.55** Salvation**04.40** Síminn + Spotify**06.00** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins**06.50** Morgunvaktin**07.00** Fréttir**07.30** Fréttayfirlit**08.00** Morgunfréttir**08.30** Fréttayfirlit**09.00** Fréttir**09.05** Segðu mér**09.45** Morgunleikfimi**10.00** Fréttir**10.03** Veðurfregnir**10.13** Flugur**11.00** Fréttir**11.03** Mannlegi þátturinn**12.00** Fréttir**12.02** Hádegisútlit**12.20** Hádegisfréttir**12.40** Veðurfregnir**12.50** Dánarfregnir**12.55** Samfélagið**14.00** Fréttir**14.03** Til allra átta Jana,**15.00** Fréttir**15.03** Á slóðum Helga (2 af 3) Á

slóðum Helga 2. þáttur

**16.00** Síðdegisfréttir**16.05** Hátalarinn Quo Vadis?**17.00** Fréttir**17.03** Lestin**18.00** Spegillinn**18.30** Útlit Krakka RÚV**18.50** Veðurfregnir**18.53** Dánarfregnir**19.00** Myrkir músikdagur 2019.**20.35** Mannlegi þátturinn**21.35** Góði dátinn Svejk. Sögu-

lok (39 af 39)

**22.00** Fréttir**22.05** Veðurfregnir**22.10** Samfélagið**23.05** Lestin**00.00** Fréttir**00.05** Næturútlit Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15** Norman**13.15** Apple of My Eye**14.40** Game Change**16.35** Norman**18.35** Apple of My Eye**20.00** Game Change**22.00** How to Be a Latin Lover**00.00** Fahrenheit 451**01.40** Losers**02.55** How to Be a Latin Lover

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons**07.25** Friends**07.50** The Middle**08.10** The Mindy Project**08.30** Ellen**09.15** Bold and the Beautiful**09.35** Grand Designs**10.25** Great News**10.45** Born Different**11.10** Óbyggðirnar kalla**11.35** Hönnun og lífsstíll**12.00** Landnemarnir**12.35** Nágrannar**13.00** So You Think You Can Dance**14.25** So You Think You Can Dance**15.50** The Secret Life of a 4 Year Olds**16.40** The Big Bang Theory**17.00** Bold and the Beautiful**17.20** Nágrannar**17.45** Ellen**18.30** Fréttir Stöðvar 2**18.55** Ísland í dag**19.10** Sportpakkinn**19.20** Veður**19.25** Um land allt**20.00** God Friended Me**20.45** Manifest**21.30** Burðardýr**22.05** True Detective**23.10** Insecure**23.45** 60 Minutes**00.30** Hand í hand**01.15** The Little Drummer Girl**02.00** Blindspot**02.45** Outlander**03.40** Sniper. Ultimate Kill**05.10** TJ Miller. Meticulously

Ridiculous

## STÖÐ 3

**19.10** Modern Family**19.35** Mom**20.00** Seinfeld**20.25** Friends**20.50** Who Do You Think You Are?**21.50** Curb Your Enthusiasm**22.25** Game of Thrones**23.20** Big Love**00.15** Flash**01.00** Supernatural**01.45** Seinfeld**02.10** Friends**02.35** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Messan**08.00** Sheffield United - Bolton**09.40** Leicester - Manchester

United

**11.20** Manchester City - Arsenal**13.00** Grindavík - Tindastóll**14.40** Super Bowl LIII. LA Rams -

New England Patriots

**17.20** Messan**18.20** Spænsku mörkin

2018/2019

**18.50** Meistaradeild Evrópu -

fréttapáttur 2018/2019

**19.15** Afturelding - Selfoss**21.15** Seinni bylgjan**22.45** Football League Show

2018/19

**23.15** KR - Njarðvík

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Napoli - Sampdoria**08.50** SPAL - Torino**10.30** Real Sociedad - Athletic

Bilbao

**12.10** Barcelona - Valencia**13.50** Real Madrid - Alaves**15.30** Inter - Bologna**17.10** Roma - AC Milan**18.50** Ítölsku mörkin 2018/2019**19.20** Football League Show**19.50** West Ham - Liverpool**22.00** Leicester - Man.United**23.40** Cagliari - Atalanta

Nýsköpunarkeppni ungs fólks í 8.-10. bekk, þar sem hugmyndir og uppfinningar verða að veruleika. Dómnefnd velur 30 hugmyndir sem verða þróaðar áfram í glæsilegum Fab Lab-smiðjum.

Skilafrestur til 7. febrúar

[www.ungruv.is/verksmidjan](http://www.ungruv.is/verksmidjan)

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið


FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin










# Um LAND ALLT

með Kristjáni Má



## MÁNUDAGA

Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólk í ólíkum byggðum.

Tryggðu þér áskrift  
stod2.is | 1817



Detox, ein frægasta dragdrottningin úr Drag Race-þáttunum, ásamt forsprökkum íslenska fyrirtækisins Pink Iceland.

# Tvær drottningar unnu lúxus Íslandsferð

Íslensk fyrirtæki gáfu um helgina tveimur drottningum risavinning í hinum gríðarvinsæla dragdrottningaraunveruleikaþætti RuPaul's Drag Race.

**F**rægasta dragdrottning heims gaf um helgina ferð til Íslands í þættinum RuPaul's Drag Race All Stars 4 en það voru fyrirtækin Pink Iceland, WOW air, Hilton Canopy Reykjavík, Drag-Súgur og Omnom Chocolate sem tóku höndum saman ásamt ljósmyndaranum Kristínu Maríu, til að gefa einn stærsta vinning sem gefinn hefur verið í þáttaröðinni. Eins var þetta í fyrsta sinn sem RuPaul's Drag Race gaf vinninga til áfangastaðar utan Bandaríkjanna.

RuPaul's Drag-Race er bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem frægasta dragdrottning heims, Ru Paul, leitar að næstu drag-súperstjörnu Bandaríkjanna. Ru Paul komst í sviðsljósið á níunda áratugnum meðal annars fyrir að dansa í myndbandinu við lagið Love Shack með hljómsveitinni The B-52's og varð fljótt frægur fyrir að leika sér með kyntjáníngu sína á næturklúbbum New York. Þátturinn hefur unnið Emmy-verðlaun síðustu þrjú ár og Ru Paul hefur komist á lista hjá Time yfir 100 áhrifamestu manneskur í heimi.

All Stars-þáttaraðirnar eru frábrugðnar hefðbundnum RuPaul's Drag Race þáttaröðum að því leyti að dragdrottningar sem vakið hafa athygli í fyrri þáttaröðum fá tækifæri til að snúa aftur og keppa sín á milli. Það þýðir að þátttakendur í All Stars 4 eru nú þegar þekktir, með virkan og risastóran hóp addánda og fylgjenda. Dragdrottningararnar sem unnu ferðavinninginn um helgina, þær Monét X Change og Naomi Smalls, eru því nú þegar mjög þekktar og vonast fyrirtækin sem að vinningnum stóðu til þess að þannig muni ferðin hafa mikið



Ru Paul hér ásamt þeim Bjarna Óskarsyni og dragdrottningunni Gógó Starr.

**RU PAUL KOMST Í SVIÐSLJÓSIÐ Á NÍUNDA ÁRATUGNUM MEÐAL ANNARS FYRIR AÐ DANSA Í MYNDBANDINU VIÐ LAGIÐ LOVE SHACK MEÐ HLJÓMSVEITINNI THE B-52'S OG VARÐ FLJÓTT FRÆGUR FYRIR AÐ LEIKA SÉR MEÐ KYNTJÁNINGU SÍNA Á NÆTURKLÚBBUM NEW YORK.**

landkynningargildi. Ásamt gistingu, mat, flugi og sérferðum fá drottningararnar einnig dragsýningu, súkkuladiupplifun, heilan ljósmyndadag með Kristínu Maríu Stefánsdóttur og partí með heimafólki.  
bjork@frettabladid.is



Gógó Starr stillir sér upp á dragröð-stefnu sem haldin var á síðasta ári.

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir [johannahelga@frettabladid.is](mailto:johannahelga@frettabladid.is) **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Guðstaf Bjarnason [guustaf@frettabladid.is](mailto:guustaf@frettabladid.is), Hjördís Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Svava O'Brien [svava@frettabladid.is](mailto:svava@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is) **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is) **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Benedikt Bóas Hinriksson [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is) **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vidar@frettabladid.is](mailto:vidar@frettabladid.is) **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [guðruninga@frettabladid.is](mailto:guðruninga@frettabladid.is)



# RAFMAGNSBORÐ

Á FRÁBÆRU  
VERÐI



Öll rafmagnsborð  
Hirzlunnar eru með  
minnisstýringu  
sem hámarkar  
notagildi borðsins.

Verð frá kr.

**54.900**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 [www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

## TULLI SKILRÚM

Margar stærðir til á lager,  
hægt að sérpanta í mörgum  
litum og áklæðagerðum.

Verð frá kr.  
**39.900**



## SKJÁ- ARMAR

**11.900 KR.**



**20.900 KR.**





## BAKÞANKAR

Guðmundar  
Brynjólfssonar



## Frost

Ég á ekki hitamæli enda eru þeir heldur til ópurftar. Samanber það sem merkur maður suður á Vatnsleysuströnd sagði um miðja síðustu öld, þegar nágranni vildi ekki lána honum rassmæli að brúka á sig og sína fjölskyldu: „Iss, það eru alltaf veikindi þar sem til eru hitamælar.“

Samt hef ég tekið eftir því að undanfarið hefur ríkt nokkurt frost. Ég merki það helst á kettinum sem nennir ekki út en færir sig á milli stóla hér inni, fer úr leðri í pluss og úr plussi í leður en kýlir vömbina þess á milli og étur frá mér harðfiskinn og lifrarpylsuna. Auk innflutts sérfaðis sem hingað kemur með fraktskipum. Kötturinn jafnar kolefnissporið um sumur með því að drepa mýs. En mýs reka heil ósköp við og stuðla þannig að ofsafengnara veðurlagi en áður hefur þekkt.

Landinn er duglegur að mynda mælaborðið í bílunum sínum, þar birtast hitatölur og vill hver maður helst ná svakalegustu mínustölunum á mynd og birta þær á samfélagsmiðlum. Óvíst er í hvaða tilgangi.

Hinir svokölluðu „elstu menn“ sem eðli málsins samkvæmt eru aldrei sömu mennirnir hafa þó ekki verið spurðir út í þennan frosta-kafli. Líklega vegna þess að það þarf ekki að leita til nema fjórtán ára barna til þess að rifja upp skelfilegra kuldakast – en þau börn ættu flest að muna veturinn 2011.


Þetta samfélag er alltaf að ná nýjum hæðum í taugaveiklun yfir aðgreindustu málum, nú er það frostið. Það er líkt og hér hafi aldrei áður fryst, sundlaugar loka, hlutdeild Sólskríkjusjóðsins í skráðum hlutafélögum fer að verða hættuleg efnahagslífina, „elstu menn“ muna ekkert en liggja fullir á Tene.

Hvað næst? Jú, bann við hitamælum: Því það eru alltaf veikindi þar sem til eru hitamælar.

# Nýtt Nova app - app sem þarf!

Við erum enn í skýjunum og stútfull af takklæti yfir að eiga ánægðustu vinina í farsímabjónustu, tíunda árið í röð.

En við vitum líka að það er alltaf hægt að gera betur. Þess vegna viljum við færa ykkur flunkusplunkunýja og miklubetrumbætta útgáfu af Nova appinu.



Stærsti skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA

Verslanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

**Kvikk**  
ON THE GO

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

PANINI  
OG GOS\*  
COMBO VERÐ:  
**499** KR



\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.  
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

**Kvikk**  
ON THE GO